

# Stjórnartíðindi

## 1971 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 10, 35-36, 40, 44, 94, 100, 102, 115, 121, 134, 152, 229, 237, 277, 328, 344, og 382.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI

1971

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1971  
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG



***Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.***

# Efnisyfirlit

## í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	11. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda .....	1
2	2. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum .....	2
3	23. febr.	Lög um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda .....	2
7	8. marz	Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands .....	11
10	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð .....	13
11	11. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu .....	13
69	16. marz	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963 ..	208
9	19. marz	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum .....	12
12	23. marz	Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vega-sjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	14—15
13	24. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins .....	15
4	30. marz	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum .....	3—4
6	30. marz	Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands .....	9—11
14	30. marz	Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins .....	15—16
15	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja .....	17
16	31. marz	Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn- málasamband .....	17—42
17	2. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl. ....	42—43
5	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	5—9
8	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu .....	12
18	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu	43—45

## IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	5. apríl	Útvarpslög .....	45—50
20	5. apríl	Lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin .....	51—52
21	5. apríl	Lög um oliuhreinsunarstöð á Íslandi .....	52—53
26	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka .....	59
27	6. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....	60
54	6. apríl	Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	129—131
22	7. apríl	Lög um kjördag við kosningar til Alþingis 1971 ....	54
23	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs .....	54—55
24	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald .....	55—57
32	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa .....	81
33	13. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	81—82
30	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum .....	63—78
34	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð	82
35	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð .....	83
36	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands .....	83
55	15. apríl	Lög um fiskvinnsluskóla .....	131—135
25	16. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	57—59
28	16. apríl	Lög um virkjun Svartár í Skagafirði .....	61
29	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971 .....	62—63
31	16. apríl	Lög um Iðnþróunarstofnun Íslands .....	78—80
37	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun .....	84—85
38	16. apríl	Lög um Kennaraháskóla Íslands .....	85—93
39	16. apríl	Lög um utanríkisþjónustu Íslands .....	94—96
40	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968 .....	97
41	16. apríl	Lög um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965 .	98
42	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð .....	99
43	16. apríl	Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins .....	99—101

## V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
44	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi .....	101—102
45	16. apríl	Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	102—114
46	16. apríl	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar ..	115—116
47	16. apríl	Lög um náttúruvernd .....	116—123
48	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu	124
50	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	127
56	16. apríl	Lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka .....	135—136
57	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna .....	136
58	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands .....	137
63	16. apríl	Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum	150—154
64	16. apríl	Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir .....	154—155
65	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir .....	155
66	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátáabyrgðarfélög .....	156
70	16. apríl	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963 ..	208
59	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf .....	137
67	20. apríl	Lög um almannatryggingar .....	156—180
49	30. apríl	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	125—126
60	30. apríl	Auglýsing um vegáætlun fyrir 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 .....	138—149
51	3. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	127
52	8. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	128
61	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum	149
62	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969 .....	150
53	21. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum .....	128
71	4. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrllu .....	209
68	15. júní	Lög um tekjuskatt og eignarskatt .....	181—207

## VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
72	22. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	209—213
73	25. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	213—216
74	14. júlí	Auglýsing um skipting starfa ráðherra .....	217
75	19. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar .....	218
76	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð .....	219
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
78	30. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka .....	221
79	13. ágúst	Lög um iðju og iðnað .....	222—227
80	16. sept.	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	227—232
81	17. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971 .....	232
82	26. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán .....	233
98	15. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	256
83	16. des.	Lög um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrá og reglugerðum .....	234
84	17. des.	Lög um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969 ..	234—235
85	21. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum .....	235
86	21. des.	Lög um breyting á l. nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka .....	235—236
87	24. des.	Lög um orlof .....	236—238
88	24. des.	Lög um 40 stunda vinnuviku .....	239—240
89	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	240
90	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	241
91	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna .....	241
92	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....	242
93	24. des.	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins .....	242—248
94	24. des.	Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960 .....	249

## VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
95	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar .....	250
96	27. des.	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971 .....	250—253
97	28. des.	Lög um vörugjald .....	253—256
99	28. des.	Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	257—258
100	28. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka .....	258
101	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1972 .....	259—391
102	31. des.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur .....	392

# Yfirlit

## eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Afréttamálefni, sjá Landbúnaðarmál.</b>			
<b>Almannatryggingar.</b>			
67	20. apríl	Lög um almannatryggingar .....	156—180
75	19. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971 um almannatryggingar .....	218
96	27. des.	Lög um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971 .....	250—253
<b>Alþingi.</b>			
1	11. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda .....	1
22	7. apríl	Lög um kjördag við kosningar til Alþingis 1971 ....	54
56	16. apríl	Lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka .....	135—136
57	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna .....	136
81	17. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971 .....	232
98	15. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	256
<b>Alþjóðasamningar.</b>			
16	31. marz	Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn-málasamband .....	17—42
<b>Áburðarverksmiðjan, sjá Ríkisstofnanir.</b>			
<b>Áfengismál.</b>			
59	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf .....	137
84	17. des.	Lög um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969 ..	234—235
<b>Bankamál.</b>			
32	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa .....	81

## IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Bráðabirgðalög.</b>			
53	21. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum .....	128
61	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum .....	149
62	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969 .....	150
71	4. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu .....	209
75	19. júlí	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar .....	218
76	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð .....	219
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
78	30. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka .....	221
<b>Ferðamál.</b>			
62	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969 .....	150
<b>Félagsmál.</b>			
40	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968 .....	97
63	16. apríl	Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum .....	150—154
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
87	24. des.	Lög um orlof .....	236—238
88	24. des.	Lög um 40 stunda vinnuviku .....	239—240
97	28. des.	Lög um vörugjald .....	253—256
<b>Fjárlög, ríkisreikningur.</b>			
101	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1972 .....	259—391
<b>Forseti Íslands.</b>			
51	3. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	127
52	8. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	128
58	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands .....	137
102	31. des.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur .....	392



Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		<b>Framkvæmdaáætlun, sjá Opinberar framkvæmdir.</b>	
		<b>Framkvæmdastofnun ríkisins, sjá Opinberar framkvæmdir.</b>	
		<b>Gjöld, sjá Skattamál, tollamál.</b>	
		<b>Hafnarfjarðarkaupstaður.</b>	
46	16. apríl	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar	115—116
		<b>Happdrætti.</b>	
12	23. marz	Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vega-sjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	14—15
99	28. des.	Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið	257—258
		<b>Háskóli Íslands.</b>	
2	2. febr.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum .....	2
7	8. marz	Lög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands .....	11
9	19. marz	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum .....	12
49	30. apríl	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	125—126
72	22. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	209—213
73	25. júní	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum .....	213—216
		<b>Heilbrigðismál.</b>	
59	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi tóbak og lyf .....	137
64	16. apríl	Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir .....	154—155
65	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir .....	155
69	16. marz	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963	208
70	16. apríl	Lög um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963	208
		<b>Hjúskaparmál, sjá Sifjaréttarmál.</b>	

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Húsnæðismál.</b>			
33	13. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	81—82
40	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968 .....	97
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
90	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	241
<b>Iðnaðarmál.</b>			
14	30. marz	Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins .....	15—16
18	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu .....	43—45
21	5. apríl	Lög um oliuhreinsunarstöð á Íslandi .....	52—53
31	16. apríl	Lög um Iðnþróunarstofnun Íslands .....	78—80
42	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð .....	99
43	16. apríl	Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins .....	99—101
79	13. ágúst	Lög um iðju og iðnað .....	222—227
<b>Jarðir, kaup, sala.</b>			
11	11. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu .....	13
44	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi .....	101—102
48	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu .....	124
<b>Kosningar.</b>			
22	7. apríl	Lög um kjördag við kosningar til Alþingis 1971 ....	54
<b>Landbúnaðarmál.</b>			
13	24. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins .....	15
26	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka .....	59
41	16. apríl	Lög um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965 .....	98
45	16. apríl	Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	102—114
61	19. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum .....	149
85	21. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum .....	235

## XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðatal
<b>Landhelgismál.</b>			
50	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	127
71	4. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu .....	209
89	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	240
<b>Landsvirkjun, sjá Raforkumál.</b>			
<b>Launamál.</b>			
57	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna .....	136
58	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands .....	137
63	16. apríl	Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum	150—154
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
87	24. des.	Lög um orlof .....	236—238
88	24. des.	Lög um 40 stunda vinnuviku .....	239—240
<b>Lántökur.</b>			
12	23. marz	Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vega-sjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	14—15
<b>Lántökuheimildir.</b>			
15	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja .....	17
29	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971 .....	62—63
71	4. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu .....	209
82	26. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán .....	233
99	28. des.	Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið	257—258
<b>Loðdýr, sjá Landbúnaðarmál.</b>			
<b>Lögráð, sjá Sifjaréttarmál.</b>			
<b>Lögsagnarumdæmi.</b>			
46	16. apríl	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar	115—116

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðatal
<b>Menntamál.</b>			
6	30. marz	Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands .....	9—11
18	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu	43—45
34	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð	82
35	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningar- sjóð og menntamálaráð .....	83
36	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands .....	83
38	16. apríl	Lög um Kennaraháskóla Íslands .....	85—93
55	15. apríl	Lög um fiskvinnsluskóla .....	131—135
64	16. apríl	Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir .....	154—155
78	30. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka .....	221
86	21. des.	Lög um breyting á l. nr. 51/1956, um ríkisútgáfu náms- bóka .....	235—236
<b>Náttúruvernd.</b>			
47	16. apríl	Lög um náttúruvernd .....	116
<b>Opinberar framkvæmdir.</b>			
29	16. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971 .....	62—63
93	24. des.	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins .....	242—248
<b>Orlof, sjá launamál; félagsmál.</b>			
<b>Raforkumál.</b>			
28	16. apríl	Lög um virkjun Svartár í Skagafirði .....	61
37	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun .....	84—85
<b>Ráðherrar, sjá Ríkisstjórn.</b>			
<b>Reykjavík.</b>			
95	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar .....	250
<b>Ríkisábyrgðir.</b>			
15	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja .....	17
<b>Ríkisborgararéttur.</b>			
25	16. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	57—59
<b>Ríkisreikningur, sjá Fjárlög.</b>			

## XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Ríkisstjórn.</b>			
74	14. júlí	Auglýsing um skipting starfa ráðherra .....	217
<b>Ríkisstofnanir.</b>			
19	5. apríl	Útvarpslög .....	45—50
20	5. apríl	Lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin .....	51—52
21	5. apríl	Lög um olíuhreinsunarstöð á Íslandi .....	52—53
31	16. apríl	Lög um Iðnþróunarstofnun Íslands .....	78—80
33	13. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	81—82
36	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands .....	83
43	16. apríl	Lög um Áburðarverksmiðju ríkisins .....	99—101
59	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf .....	137
90	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins .....	241
93	24. des.	Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins .....	242—248
<b>Samgöngumál, sjá Vegamál.</b>			
<b>Sifjaréttarmál.</b>			
27	6. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....	60
91	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna .....	241
92	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....	242
<b>Siglingar, skip.</b>			
66	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög .....	156
<b>Sjávarútvegur.</b>			
4	30. marz	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum .....	3—4
5	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	5—9
8	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu .....	12
10	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð .....	13
50	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	127
53	21. maí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum .....	128

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
55	15. apríl	Lög um fiskvinnsluskóla .....	131—135
66	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélag .....	156
76	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð .....	219
80	16. sept.	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	227—232
89	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu .....	240
<b>Sjóðir.</b>			
5	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	5—9
10	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð .....	13
13	24. marz	Lög um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins .....	15
34	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð .....	82
35	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð .....	83
40	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968 .....	97
42	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð .....	99
80	16. sept.	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	227—232
<b>Skattamál, tollamál.</b>			
3	23. febr.	Lög um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda .....	2
4	30. marz	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útlutningsgjald af sjávarafurðum .....	3—4
17	2. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl. ....	42—43
23	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs .....	54—55
24	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald .....	55—57
30	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum .....	63—78
54	6. apríl	Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	129—131
68	15. júní	Lög um tekjuskatt og eignarskatt .....	181—207
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220

XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðstíðatal
83	16. des.	Lög um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrá og reglugerðum .....	234
97	28. des.	Lög um vörugjald .....	253—256
100	28. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka ....	258
<b>Skólar, sjá Menntamál.</b>			
<b>Stjórnarráð Íslands.</b>			
39	16. apríl	Lög um utanríkisþjónustu Íslands .....	94—96
102	31. des.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur .....	392
<b>Sveitarstjórnarmál.</b>			
46	16. apríl	Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar	115—116
54	6. apríl	Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	129—131
83	16. des.	Lög um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrá og reglugerðum .....	234
95	24. des.	Lög um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar .....	250
<b>Söfn.</b>			
36	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands .....	83
<b>Tollamál, sjá Skattamál, tollamál.</b>			
<b>Verzlun.</b>			
14	30. marz	Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins .....	15—16
59	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf .....	137
<b>Tryggingamál.</b>			
66	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um hátaábyrgðarfélag .....	156
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
<b>Utanríkismál.</b>			
16	31. marz	Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn- málasamband .....	17—42
20	5. apríl	Lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin .....	51—52
39	16. apríl	Lög um utanríkisþjónustu Íslands .....	94—96
102	31. des.	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur .....	392

## XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Útflutningur.</b>			
4	30. marz	Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum .....	3—4
14	30. marz	Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins .....	15—16
<b>Útvarp, sjá Ríkisstofnanir.</b>			
<b>Vatnamál.</b>			
15	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja .....	17
<b>Vegamál.</b>			
12	23. marz	Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vega-sjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	14—15
60	30. apríl	Auglýsing um vegáætlun fyrir 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 .....	138—149
99	28. des.	Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið .....	257—258
<b>Veiði, friðun.</b>			
26	5. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka .....	59
<b>Veitingar.</b>			
6	30. marz	Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands .....	9—11
<b>Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sjá Sjávarútvegur.</b>			
<b>Verðlagsmál.</b>			
77	21. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis .....	220
94	24. des.	Lög um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960 .....	249
<b>Þróunarlönd.</b>			
20	5. apríl	Lög um aðstöð Íslands við þróunarlöndin .....	51—52
<b>Ættleiðing, sjá Sifjaréttarmál.</b>			





# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1971

---

11. janúar 1971.

1

Nr. 1.

## FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 25. janúar 1971, kl. 14:00.

*Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

---

Stjórnartíðindi A, nr. 1. Útgáfudagur 20. janúar 1971.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1971

Nr. 2.

2

2. febrúar 1971.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. febrúar 1971 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

Á undan síðustu málsgrein 55. gr. d., eins og sá liður hljóðar samkvæmt reglugerð nr. 1/1967, um breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig getur deildin heimilað stúdent að ljúka prófum þessum í tveimur áföngum með tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn í hvoru áfangaprófi og sömu ákvæðum um tímamörk, sem getið er í 2. mgr. að ofan. Síðari áfangi skal enda með prófi í kjörsviðsgrein, hvort sem tekin er til prófs ein grein eða tvær teknar saman. Stúdent er heimilt að ljúka prófum fyrra áfanga, áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. febrúar 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 3.

23. febrúar 1971.

## L Ö G

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrir fram upp í opinber gjöld á fyrstu 6 mánuðum byrjaðs árs 50% af gjöldum næstliðins árs. Hækka má þann hundraðshluta með úrskurði fjármálaráðuneytisins þannig, að í stað 50% megi innheimta allt að 60% fyrir árið 1971.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

Stjórnartíðindi A 2, nr. 2—3. Útgáfudagur 23. febrúar 1971.

30. marz 1971.

3

Nr. 4.

## L Ö G

### um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo: Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulíð vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.

3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum sildarflökum, saltsild og saltsildarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsildar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.

5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri sild skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af sildarmjöli, sildarsoðkjarna og sildarlýsi.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra gilda um útfluttar vörur frá 1. jan. 1971. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

*Gjört í Reykjavík 30. marz 1971.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1971

5. apríl 1971.

5

Nr. 5.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

### I. KAFLI

Um aflatryggingar.

### 2. gr.

3. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll fiskiskip bátaflotans og öll síldveiðiskip án tillits til stærðar.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga allir íslenskir togarar.

Hlutverk jöfnunardeildar er að veita hinum deildunum lán eða styrki, svo og að greiða sérstakar bætur vegna friðunar hrygningarsvæða samkv. síðustu mgr. 10. gr.

### 3. gr.

4. gr. breytist þannig:

Í stað orðsins „veiðistöð“ í 1. tölulið komi: **bótasvæði.**

2. másl. 1. töluliðs hljóði svo:

Stundi skipið ekki veiðar með eðlilegum hætti, þar með talin stærð áhafnar, lengd úthaldstímabils og veiðibúnaður, breytist bótaréttur hlutfallslega.

2. másl. 4. töluliðs hljóði svo:

Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum og kauptryggingu á hinum ýmsu veiðum.

### 4. gr.

5. gr. breytist svo:

Í stað orðsins „verstöð“ í 1. másl. 1. málgr. komi: **bótasvæði.**

Orðin „og eigi síðar en . . .“ í niðurl. 1. másl. 1. mgr. falli niður, en í stað þeirra komi: Berist skýrslur eigi innan árs frá lokum viðkomandi vertíðar eða tryggingartímabils, fellur bótaréttur niður.

**5. gr.**

6. gr. orðist svo:

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinn almennu deild togaraflo-  
tans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni samkvæmt 4. gr. Þó skal sjóðs-  
stjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður liggja til þess, að ákveða fyrir hina almennu  
deild bátaflotans, að þessi hundraðstala skuli vera 80 fyrir haustvertíð.

**6. gr.**

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn  
á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,  
annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji sam-  
kvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt  
tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjó-  
mannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórn-  
arinnar.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja  
sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland,  
2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Aust-  
firðir.

Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra  
fulltrúa samkv. 3. mgr.

**7. gr.**

8. gr. falli niður, en í stað hennar komi ný 8. gr., svo hljóðandi:

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans eru eignir sildveiðideildar og hinnar  
almennu deildar bátaflotans við gildistöku laga þessara.

Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflo-  
tans eru kr. 20 000 000.00, sem ríkis-  
sjóður greiði með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 8 árum eftir árslok 1969.

**8. gr.**

Upphaf 1. töluliðar 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hval-  
veiðum, selveiðum og brognkelsaveiðum).

2. töluliður 1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. tölulið.

Niður falli síðari hluti 1. mgr. 9. gr., svo hljóðandi:

„Ríkissjóður sér um innheimtu á o. s. frv.“, svo og 2. og 3. mgr. En í staðinn  
komi þrjár nýjar mgr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. tölulið 1. mgr.

Tekjur samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. skiptast þannig milli deilda: Í hina almennu  
deild bátaflo-  
tans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum bátaflo-  
tans. Í hina al-  
mennu deild togaraflo-  
tans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum togaraflo-  
tans.

Tekjur samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. renna óskiptar í jöfnunardeild.

**9. gr.**

10. gr. breytist þannig:

Upphaf gr. orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins

kasta kemur um bætur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta. Þó aldrei meira en samsvarar því, að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., sem verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Síðari málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

#### 10. gr.

Í stað „30 millj. kr.“ í 11. gr. komi: 60 millj. kr.

#### 11. gr.

Orðið „vitaverð“ í 2. málsl. 12. gr. falli niður og í stað orðsins „mikil víti“ í sama málsl. komi orðin: mikla vanrækslu.

#### 12. gr.

Á eftir 14. gr. komi nýr kafli, sem verði 15.—20. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því, þannig:

## II. KAFLI

### Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómannna.

#### 15. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskípum öðrum en togurum).

#### 16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1.5% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

#### 17. gr.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línu-bátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 120 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.
- Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 100 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.



Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem hafa ekki lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, að bátar þessir hafi verið gerðir út eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þeirra báta tryggji áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. janúar 1971 greiðir áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

#### 18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

#### 19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegismaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

#### 20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970. Þá skulu a- og b-liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

#### 13. gr.

Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

### III. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 14. gr.

16. og 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.

#### 15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togaraafila.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða  $\frac{2}{3}$  hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

30. marz 1971.

Nr. 6.

**L Ö G****um Hótel- og veitingaskóla Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Hótel- og veitingaskóli Íslands skal starfræktur í Reykjavík. Meginverkefni hans er að mennta og þjálfa fólk til starfa í íslenskum veitinga- og gistihúsum og í skyldum greinum.

**2. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd. Skulu fjórir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda.

Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.

Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands.

Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

**3. gr.**

Hlutverk skólans skal vera:

1. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja matreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.
2. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja framreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.
3. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast matsveinar á fiski- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.
4. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast brytar á farþega- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.
5. Að starfrækja framhaldsdeild fyrir þá, sem ætla sér að gerast umsjónarmenn í veitingasölum og yfirmatreiðslumenn.
6. Að veita fræðslu öðru starfsfólki í hótélum og veitingahúsum en um getur í 1. og 2. tölulið, svo og þeim, sem hyggjast starfa við hliðstæð störf á farþega-skipum og flugvélum. Enn fremur er skólanum heimilt að starfrækja deild eða efna til námskeiða fyrir matráðskonur.
7. Þá er og skólanum heimilt, með samþykki ráðuneytis, að veita fræðslu nemendum skyldra iðn- og starfsgreina, svo sem í brauð- og kókugerð og kjöt-iðnaði.
8. Skólinn getur, með samþykki ráðuneytis, haldið námskeið utan Reykjavíkur, ef henta þykir.

**4. gr.**

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

- A. Fyrir nemendur samkvæmt 1. og 2. tl. 3. gr. eru inntökuskilyrði hin sömu og gilda á hverjum tíma samkvæmt lögum og reglugerð um iðnfræðslu.
- B. Fyrir aðra nemendur skólans skulu inntökuskilyrði ákveðin í reglugerð, nema annað sé ákveðið í lögum.

**5. gr.**

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra ákveður afnotagjöld og auglýsingataxta að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

#### 14. gr.

Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

#### 15. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Innheimta skal hljóðvarpsgjald og sjónvarpsgjald. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvar-



tækjum. Einnig má ákveða, að gjald skuli greiða af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Ef stofnun greinist í deildir, má ákveða, að greiða skuli fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig.

Heimilt er með reglugerð að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald.

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbot á elli- eða örorkulífeyri samkvæmt 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

#### 16. gr.

Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til allra sjónvarpsviðtækja og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili eða í hverri stofnun, sbr. þó ákvæði 15. gr. um notkun hljóðvarpsviðtækja í bifreiðum og skipum, svo og í stofnunum, sem greinast í deildir.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila, sem verzlur með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það Ríkisútvarpinu mánaðarlega.

Tilkynningar samkvæmt grein þessari skulu skráðar á eyðublöð, sem Ríkisútvarpið lætur í té og fá má hjá því og lögreglustjórum. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn og heimilisfang nýs eiganda, nafnúmer hans, ef um einstakling er að ræða, svo og tegund sjónvarpsviðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita á eyðublöðin aðrar þær upplýsingar, sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

#### 17. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki, sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem helzt óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnúmer hans, sé um einstakling að ræða.
5. Dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans.
6. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulíð. Einnig skal greina, hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.
7. Upplýsingar um lögtak, sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr., ásamt dagsetningu.

Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar, að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

#### 18. gr.

Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðréttur í viðtækinu, sem helzt, þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri sammingsveðum,

dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttar-  
fyrirvörum.

Lögveðið helzt í þrjú ár frá gjalddaga.

Ef skráðum eiganda sjónvarpsviðtækis er skylt að greiða afnotagjald af hljóð-  
varpsviðtæki, skal því gjaldi einnig fylgja lögveðréttur í sjónvarpsviðtæki hans,  
eins og segir í 1. mgr.

Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á  
greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins, sem á hafa fallið, áður en tilkynning um  
eigendaskipti samkvæmt 16. gr. hefur borizt Ríkisútvarpinu.

#### 19. gr.

Ráðherra skipar innheimtustjóra Ríkisútvarpsins, sem fullnægja skal almennum  
dómaraskilyrðum.

#### 20. gr.

Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af hljóðvarpsviðtækjum og  
sjónvarpsviðtækjum féllu í eindaga, getur innheimtustjóri krafizt lögtaks fyrir  
ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins  
og fyrir er mælt um opinber gjöld.

#### 21. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsíglun á útvarps-  
viðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til  
Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið  
lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi, og getur þá innheimtustjóri tekið  
eða látið taka viðtækið úr vörzlum eiganda eða annars vörzlumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna  
framangreindra framkvæmda.

### IV. KAFLI

#### Ábyrgð á útvarpsefni.

#### 22. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsí- og fébótaábyrgð  
svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um  
efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni, sem útvarpað er sam-  
kvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi,  
þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni,  
enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka  
til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri,  
sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið þá ásamt honum ábyrgð á  
greiðslu bóta.

## 23. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 22. gr.

Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður, ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 24. gr.

Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu, ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2. gr., svo og viðtæki, sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjágróðaskyni, sbr. 12. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 16. gr. varðar sektum. Ef um er að ræða aðila, sem verzlur með viðtæki, skal sektarupphæð ekki vera lægri en kr. 100 000.00.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir viðeigandi ákvæðum almennra hegningarlaga.

## 25. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögnum.

## 26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, svo og lög um breytingu á þeim lögum, nr. 64 31. des. 1939, nr. 34 29. apríl 1966 og nr. 88 23. des. 1966.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal í fyrsta sinn kosið samkvæmt lögum þessum að loknum alþingiskosningum í júní 1971.

*Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

## um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Komið skal á fót opinberri stofnun, er nefnist Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

## 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera:

1. Að gera tillögur um hugsanlegar framkvæmdir í þágu þróunarlandanna, er kostaðar yrðu af íslenska ríkinu samkvæmt fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samstarfi við önnur lönd, skipuleggja slíkar framkvæmdir og hafa eftirlit með þeim.
2. Að vinna á annan hátt að auknum samskiptum Íslands og þróunarlandanna, bæði á sviði menningarmála og viðskipta. Skal í því sambandi einkum lögð áherzla á eftirtalin verkefni:
  - a. Að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings á aukinni aðstoð við þau.
  - b. Að vinna að auknum menningartengslum við þróunarlöndin, m. a. með því að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndunum, bæði með því að veita því aðgang að hérlandum menntastofnunum og með því að fá hæfa íslenska menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlandanna.
  - c. Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin, eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku.
  - d. Að veita opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlandanna, upplýsingar og leiðbeiningar, eftir því sem þessir aðilar kunna að óska.
3. Að skipuleggja og hafa eftirlit með framkvæmdum í þágu þróunarlandanna, er Íslandi kynnu að vera faldar á vegum Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra.
4. Að vinna á annan hátt að því, að framlög Íslendinga í þessu skyni nái sem fyrst því marki, er samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

## 3. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þágu þróunarlandanna, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið hérlandra einkaaðila, sem að slíkum málum starfa, er lög þessi öðlast gildi.

## 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, er sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

**5. gr.**

Stjórninni er heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem fjárveiting til starfsemi hennar leyfir, sbr. 6. gr.

**6. gr.**

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1971.

*Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G****um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með olíuhreinsunarstöð er í lögum þessum átt við iðjuver til framleiðslu á olíuvörum og öðrum efnaiðnvarningi fyrir innlandan og erlendan markað með hreinsun og vinnslu úr jarðolíu og skyldum efnum, svo og hvers konar atvinnufyrirtæki, sem starfrækja má í þágu slíks iðjuvers eða í tengslum við það.

**2. gr.**

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum þess að meiri hluta.

Ráðherra skipar nefnd þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, til þess að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndin skili álitni um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar.

**3. gr.**

Hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli olíuhreinsunarstöðvar og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgöldinn.

## 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna samkvæmt 3. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

## 5. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags samkvæmt 1. gr., án tillits til ákvæða 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags, samkvæmt 1. gr., mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, ef því er að skipta, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félagi, samkvæmt 1. gr., skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málslíðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

## 6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

## um kjördag við kosningar til Alþingis 1971.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1971 skulu fara fram sunnudaginn 13. júní 1971.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Auður Auðuns.*

Nr. 23.

7. apríl 1971.

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni kr. 100 og síðan 5 krónur fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera kr. 1.50 af þúsundi og broti af þúsundi umfram fyrstu 5000 kr. Sama gildir um skrásetningargjald fyrir kaupmála.

Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 200 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgangur áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgangur talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afganginu 25-földu.

Nú er eign seild af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

## 2. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir skjöl, sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu, en síðan hálf gjald.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats skv. l. nr. 28/1963.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki stimpilskylda upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé, að söluverð eða leiga hafi ekki verið herra í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en fasteignamat hinnar seldu eignar að leigulóð meðtalinni, en að frádregnu afsalskvaðaverðmæti. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

## 2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Með 0.5% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum, en með 0.25% af skipum yfir 5 brúttómálestum, öðrum en þeim, sem keypt eru erlendis. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga, enn fremur erfðafestubréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja. — Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi, greiðist sama gjald, þó skal ekki innheimta gjald af þeim eignarluta að tiltölu, þegar svo er ástatt, að fyrri eigandi verður áfram eignaraðili að félaginu. — Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálf gjald. — Ef gift-



ingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðferfingja eða annarra, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu. — Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. — Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming hans (lódseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

## 3. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Heimildarskjöl um veiðiréttindi og skjöl, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, stimplast með 0.5%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

## 4. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Framsäl á skuld er stimpilfrjálst.

## 5. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabréf.

## 6. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Leigusamningar um jarðir og lóðir stimplast með 60 aurum af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningur gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tífaldri. Ef hann skal gilda ævitið leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tífaldri og eins þótt samningurinn skuli einnig gilda, meðan ekkja hans lifir.

Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

## 7. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 100 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með 0.25% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er samkvæmt þeim skal vera séreign annars hjóna eða beggja. Lágmarksgjald verði þó eigi minna en 100 kr.

## 8. gr.

44. gr. laganna falli niður.

## 9. gr.

45. gr. orðist svo:

Ef stimpilskyld skjal er ekki stimplað fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það viðurlögum, er nema hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra gerninga en víxla hækkar gjald um 10% á hverjum 7 daga fresti, allt að hálfu grunngjaldinu.

## 10. gr.

56. gr. orðist svo:

Stimpilgjald skal innheimt í heilum tug króna, en minni upphæð sleppt.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats skv. l. nr. 28/1963, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 35 19. júní 1933, lög nr. 49 30. júní 1942 og lög nr. 41 15. febrúar 1945.

## 12. gr.

## Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er að láta ákvæði 17. gr. laganna (2. gr. frv.) ná til gerninga milli einstaklinga og hlutafélaga og/eða sameignarfélaga, sem gerðir eru á árinu 1970 og til gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

16. apríl 1971.

Nr. 25.

## L Ö G

## um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreasen, Jolina Martina Lovisa, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 29. marz 1894.
2. Arge, Sonja, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 14. ágúst 1949. Fær réttinn 31. des. 1971.
3. Banna, Elisabeth Irmgard Gabriele, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Þýzkalandi 10. desember 1927.
4. Bech, Heðin, framreiðslumaður á Akureyri, f. í Færeyjum 16. júlí 1946.
5. Bech, Reidar, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. september 1941.
6. Bondesen, Jens Erik Rosendal, landbúnaðarverkamaður í Garðahreppi, f. í Danmörku 10. nóvember 1942. Fær réttinn 23. október 1971.
7. Christensen, Alfred Theodor, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 27. nóvember 1930.
8. Davíð Ray Valgarðsson, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 14. desember 1947.
9. Fannin, Ronald Dale, barn í Stykkishólmi, f. í Bandaríkjunum 19. janúar 1965.
10. Frank, Anne Marie, húsmóðir á Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysustrandarhreppi, f. í Noregi 1. september 1934.
11. Gimmel, Anna, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 5. desember 1959.
12. Gimmel, Carl John, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. nóvember 1960.
13. Gimmel, Lisa Maria, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 14. febrúar 1966.
14. Gossman, Karl Konrad, næturvörður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 2. febrúar 1935.

15. Hirche, Hedwig Bärbel, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi, 31. maí 1945.
16. Hodge, Friðrik Sigurður, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 17. júlí 1957.
17. Hodge, Magnús Eiríkur, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 3. júlí 1959.
18. Hunger, Fritz Martin, tónlistarmaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. apríl 1939.
19. Höfner, Zázilia, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Austurríki 12. júlí 1934.
20. Ivancic, Petar, iðnaðarmaður á Álafossi, f. í Júgóslavíu 23. ágúst 1934.
21. Joensen, Jonhard Vest, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 30. marz 1942.
22. Johannessen, Carl Martin, sjómaður í Grundarfirði, f. í Færeyjum 3. september 1927.
23. Jón Gunnar Vilhelmsson, barn í Reykjavík, f. í Alsír 6. júní 1964.
24. Jørgensen, Hans Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. apríl 1926.
25. Kennedy, Molly Moffatt McCarthy, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 20. ágúst 1943. Fær réttinn 24. des. 1971.
26. Kraus, Artur-Bruno, barn í Ólafsfirði, f. í Þýzkalandi 2. október 1968.
27. Köhler, Hannelore, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. júlí 1943.
28. Lane, Hope Friða, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 17. janúar 1961.
29. Lane, Magnús Richardson, nemandi í Grundarfirði, f. á Íslandi 6. desember 1955.
30. Lane, Stephen Gunnar, barn í Grundarfirði, f. á Íslandi 9. júlí 1958.
31. Leo, Johannes Gilbert, smiður í Ytri-Njarðvík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1915.
32. Madsen, Hanna Signe, húsmóðir í Varmahlíð í Skagafirði, f. í Danmörku 28. marz 1937.
33. Middleton, Mary Anna, háskólastúdent í Garðahreppi, f. á Íslandi 3. september 1949.
34. Mortensen, Daniel Jacob, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 24. nóvember 1907.
35. Mortensen, Elsebeth, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
36. Mortensen, Justa Alexandra Johanna Petrina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júlí 1915.
37. Mortensen, Karl Johannes, trésmiður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 4. september 1913.
38. Mortensen, Mariane Sofie, húsmóðir í Ólafsvík, f. í Færeyjum 7. nóvember 1913.
39. Mortensen, Martin Juel, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. apríl 1950.
40. Mortensen, Mia, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 1. ágúst 1940.
41. Mortensen, Peter Friðálvur, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. janúar 1946.
42. Mortensen, Poul, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 2. júlí 1949.
43. Nyberg, Doris Elisabeth, lyfjafraeðingur í Ytri-Njarðvík, f. í Finnlandi 25. september 1934.
44. Petersen, Hulda Sóley, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. október 1941.
45. Pitt, David Louis Chatham, verzlunarmaður í Hafnarfirði, f. í Bretlandi 15. febrúar 1946.
46. Rakebrandt, Jarmila Dorothea, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. ágúst 1937.
47. Samara, Assam Eissa, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Jórdaníu 1. maí 1941. Fær réttinn 4. maí 1971.
48. Schmidt, Christine Marie Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. september 1940.
49. Schubert, Winnie Marion Ovdal, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 27. janúar 1933.
50. Silaéva, Svetlana Ivanovna, taunlæknanemi í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 1. febrúar 1943.

51. Simonarson, Johnny, nemandi, Sauðhúsum, Laxárdalshr. í Dalasýslu, f. í Færeyjum 22. maí 1952.
52. Solheim, Einar, verkamaður í Neskaupstað, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
53. Stahr, Ulrich Anton Heinz, arkitekt í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1936.
54. Töpfer, Christina Siegrid, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. júlí 1945.
55. Unnur Vilhelmsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 22. janúar 1962.
56. Vasulka, Bohuslav, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.
57. Willatzen, Christian Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. desember 1942.
58. Willatzen, Lena Sigridur Birger, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 17. september 1945.

## 2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Auður Auðuns.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52  
5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fyrir „kr. 350.00“ í 1. gr. laganna komi: kr. 700.00, og fyrir „kr. 200.00“ í sömu grein komi: kr. 300.00.

## 2. gr.

Fyrir „kr. 700.00“ í 2. gr. laganna komi: kr. 1100.00, og fyrir „kr. 350.00“ í sömu grein komi: kr. 700.00.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns barnsföður tilgreina nafnnúmer hans og fæðingarstað, svo og heimilisfang hans, stöðu hans og atvinnustað á þeim tíma, er meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

## 2. gr.

11. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram. Þó getur tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur til barnsmóður allt að 18 mánuði aftur í tímann, ef um sérstakar ástæður er að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á. Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnsmeðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlandis, en ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

## 3. gr.

15. gr. laganna falli niður.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Auður Auðuns.*

## L Ö G

## um virkjun Svartár í Skagafirði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurlands vestra.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 86 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

## 3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til Svartárvirkjunar, sbr. 1. gr.

## 4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, ef viðunandi kjör fást, eða taka þau eignarnámi að öðrum kosti. Gilda um það ákvæði 54. og 55. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, sbr. 146.—150. gr. sömu laga, eftir því sem við á.

## 5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélög á Norðurlandi vestra hafa greitt vegna undirbúnings virkjunar í Svartá, og telja með stofnkostnaði Svartárvirkjunar, enda öðlist Rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum, áætlunum og gögnum um virkjun í Svartá, sem aðilar þessir hafa látið gera.

## 6. gr.

Óski sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Um stofnun og rekstur raforkuvers og raforkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr.

## 2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

## 3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

## 4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

## 5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús.

## 6. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Enn fremur að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu.

## 7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskirteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut .....	42.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	30.0
Landshafnir .....	6.0
Flugöryggismál .....	18.0
Rafmagnsveitur ríkisins .....	30.0
Lagarfossvirkjun .....	45.0
Sveitarafvæðing .....	15.0
Landsvirkjun, eiginfjárukning .....	50.0

	Millj. kr.
Vatnsorkurannsóknir .....	20.0
Jarðhitarannsóknir .....	15.0
Jarðboranir ríkisins .....	7.5
Jarðvarmaveitur ríkisins .....	9.2
Jarðhitaleit .....	10.0
Laxárvirkjun .....	108.0
Sjóefnarannsóknir .....	5.7
Rannsóknastofnun iðnaðarins .....	9.5
Lögreglustöð í Reykjavík .....	12.0
Fjárvöntun frá 1970 .....	3.9
<b>Samtals</b>	<b>437.6</b>

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

14. apríl 1971.

Nr. 30.

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## 1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærrí fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur  $\frac{1}{4}$  hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

## 2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., eða lægri fjárhæð, skal telja helming slíkra hreinna tekna til frádráttar hreinum tekjum barnsins. Nemi hreinar tekjur barns meira en hálfum per-



sónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., er skattstjóra heimilt að ákveða barninu skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Fallist skattstjóri á tilmæli foreldra um sérsköttun barns, skal ávallt telja foreldrum til tekna af tekjum barnsins fjárhæð jafna hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattsfrjálsum innstæðum, skv. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt, sem sjálfstæðum skattþegnum, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

### 3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

- A. Hlutfélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
  - B. Gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
  - C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, enda sé félagið skráð í firmaskrá og við skráningu afhentur félagssamningur, þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagslita, svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Enn fremur skal senda skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag samkvæmt þessari mgr.
- Á önnur sameignarfélög skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.
- D. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá heim.
  - E. Sjóðir, félög og stofnanir, þar með talin sjálfseignarfélög, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattskyldu samkvæmt 6. gr., svo og þrotabú og dánarbú undir skiptum.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—E hér að framan og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum og eignum sem önnur félög.

### 4. gr.

1. C-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Landskuld af leigujörðum og arður af hvers konar hlunnindum og ítökum, leiga eftir lóðir, hús og önnur mannvirki, svo og áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, sem eigendur eða réttshafar nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án eðlilegs endurgjalds. Enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguabúð, arður af byggingar-

peningi, svo og leiga eða arður af lausafé, þar með talin skip og loftför, sem á leigu er selt.

2. D-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir eða arður af hlutabréfum, eignarhlutum í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó B-lið 12. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hluthafans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, má ekki vera hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá 1. janúar 1973, eða frá stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Nú selur hluthafi hlutabréf til hlutafélags þess, er bréfin gaf út, og skal þá teljast til arðs hjá seljanda mismunur söluverðs og nafnverðs hlutabréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð seljandi keypti hlutabréfin eða hvenær. Þó skulu ákvæði 1. og 7. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. taka til sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs, svo lengi sem eða að því marki sem hlutfall eigin hlutabréfa hlutafélagsins við kaupdag fer ekki, þrátt fyrir kaupin, yfir 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið seld og keypt. Eigin hlutabréf teljast ekki til eignar. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af eignarhlutum í sameignarfélagi samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. telst sérhver afhending verðmæta til eigenda eignarhluta, er telja verður sem tekjur af eignarhluta þeirra í félaginu, er nemur hærri fjárhæð en 10% af stofnfé og hreinni bókfærðri eign félagsins, annarri en skattfrjálsum varasjóði. Í byrjun þess árs. er úthlutun á sér stað. Úthlutun innborgaðs stofnfjár eigenda við félagsslit telst þó eigi til skattskyldra tekna þeirra.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og víxlum, teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborganatímans.

3. E-liður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár samkvæmt 15. gr., þar með talin skip og loftför, sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., svo og sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi

skattþegn átt eignina í full fjögur ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélagum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., er að fullu skattskyldur á söluári. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina í tvö ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði hins vegar.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í full þrjú ár, en skemur en fjögur ár, skulu aðeins þrjár fjórðu hlutar ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full fjögur ár, en skemur en fimm ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi hann átt eignina full fimm ár, en skemur en sex ár, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full sex ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Þó skal ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., eigi teljast til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt íbúðarhúsnæðið íbúðarhæft í þrjú ár eða lengur.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkvæmt C-lið 15. gr. skal teljast mismunur söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega lágmarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til sölundags, þó ekki hærri fjárhæð en söluhagnaði nemur. Í þessu sambandi skulu hámarksfyrningar skipa, skipsbúnaðar og loftfara teljast lágmarksfyrningar fyrstu þrjú ár eignarhaldstímans, enda sé söluhagnaði varið til kaupa sams konar eign innan tveggja ára frá sölu. Enn fremur skulu í þessu sambandi allar fyrningar fengnar fyrir gildistöku laga þessara teljast lágmarksfyrningar. Söluhagnaður að frádregnum skattskyldum fyrningum samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkvæmt 1. og 3. mgr.

Ágóði af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., og íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði þeirra hins vegar. Þó skal heimilt að miða við fasteignamatverð, staðfest á árinu 1971, í stað kaupverðs eða kostnaðarverðs, hafi fasteignin verið í hendi seljanda í árslok 1969.

Nú selur skattþegn sérgreinda fasteign eða mannvirki ásamt eignarlóð eða landi í heild eða hluta, og skal þá heildarsöluverði skipt í sama hlutfalli og þessar einingar eru metnar til gildandi fasteignamatverðs á söluþegi. Sama skal gilda um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, sé um að ræða sameiginlega sölu íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrarhúsnæðis. Á sama hátt skal ákvörðuð skipting á kaupverði kaupanda.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyptra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem herra reynist. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignast við samruna hlutafélaga samkvæmt

8. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa, skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði, kostnaðarverði eða bókfærðu verði þeirra hins vegar.

Bætur vegna altjóns og eignarnámsbætur teljast sem söluverð í þessu sambandi. Stafli söluhagnaður af greiðslu bóta vegna altjóns eða eignarnáms, er skattþegni heimilt að dreifa skattskyldum hluta söluhagnaðarins á fimm ár, þannig að með tekjum hvers árs skuli aðeins teljast einn fimmti hluti.

Skattþegni skal heimilt að fresta skattlagningu skattskylds hluta söluhagnaðar um tvenn áramót, afli hann sér eigna, sem fyrna má samkvæmt ákvæðum C-liðs 15. gr., innan þess tíma og fyrni þessar eignir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. D-liðs 15. gr., enda noti skattþegn þá eigi heimildarákvæði 9. mgr. þessa stafliðs.

Hafi skattþegn eignast hið selda fyrir arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma samkvæmt þessari grein miðað við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

Áður en skattskyldur ágóði af sölu eigna samkvæmt þessari grein er ákveðinn, má skattþegn draga frá heildarágóðanum það tap, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar verðmæta á sama ári.

4. Á eftir F-lið 1. mgr. 7. gr. laganna komi nýr liður, G-liður, svo hljóðandi:

Heiðurslaun, sem íslenzkir skattþegnar fá án umsóknar frá innlendum eða erlendum stofnunum fyrir sérstök afrek, skulu aðeins teljast til skattskyldra tekna að einum fjórða hluta, enda séu slík heiðurslaun einungis veitt sama aðila í eitt sinn.

5. Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Skattskyldar tekjur erlendra váttryggingarfélaganna, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

#### 5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Sé hlutafélagi slitið þannig, að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu, sem gagnjald fyrir hlutafé sitt í félagi því, sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann, sem hlutabréfin lét af hendi.

Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags, sem slitið var.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um samruna hlutafélaga.

#### 6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

- A. Félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. A-liðs 17. gr., mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum eftir að féð var lagt í sjóðinn.

Sé fé úr arðjöfnunarsjóði varið til annarra nota, skal það teljast með

öðrum skattskyldum tekjum félagsins á ráðstöfunarárinu. Hafi framlag í arðjöfnunarsjóð eigi verið notað samkvæmt 1. mgr. á næstu fimm árum eftir að féð var lagt í sjóðinn, skal það teljast að fjórum fimmtu hlutum með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á sjötta ári, en einn fimmti hluti leggjast við höfuðstól. Sama regla gildir, ef fé úr arðjöfnunarsjóði er notað til að mæta tapi af rekstri samkvæmt 1. mgr.

- B. Ef félag, sem notfært hefur sér heimild 2. mgr. B-liðs 17. gr. og hefur varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta tapi af rekstri félagsins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst m. a. önnur ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem eru ekki viðkomandi rekstri félagsins.
- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
- Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. B-liðs 17. gr., ráðstafað fé á einhvern annan hátt en til að mæta tapi af rekstri sínum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins, að viðbættum viðurlögum.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkvæmt lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, önnur en sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, eins eða fleiri, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. og lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessa stafliðs.

### 7. gr.

- Í B-lið 10. gr. laganna falli niður orðið „brunabóta“.
- E-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Þessi eignauki skal þó skattlagður, að svo miklu leyti sem hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, hafi hann myndazt innan 5 ára fyrir sölu dag.

- G-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæði, er sjómenn á skipum og aðrir launþegar, er vinna utan heimilis- sveitar sinnar, fá hjá vinnuveitendum sínum. Sama gildir, þótt unnið sé innan heimilissveitar, ef eigi er um fullt fæði að ræða eða samsvarandi hæfilegan fæðisstyrk í þess stað.

**8. gr.**

2. mgr. B-liðs 11. gr. laganna orðist svo:

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og skattþegn hefur eigi valið að mæta með færslu úr arðjöfnunarsjóði eða varasjóði samkvæmt 9. gr., má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það þannig er að fullu jafnað, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Þann hluta rekstrartapa, sem myndast hefur vegna fyrninga, samkvæmt C-lið 15. gr., og ekki hefur verið jafnaður að fullu samkvæmt 1. málslíð, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Á sama hátt má flytja á milli ára þann hluta rekstrartapa, sem myndast hafði til ársloka 1970 vegna fyrninga samkvæmt B-lið 15. gr. laga nr. 90/1965, og draga frá skattskyldum tekjum, unz hann er að fullu jafnaður. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið.

**9. gr.**

1. A-liður 12. gr. laganna orðist svo:

Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr. Þó skal gjaldanda heimilt að eignfæra vexti af lánnum til öflunar eigna, þar til þær eru hæfar til tekjuöflunar, sbr. B-lið 15. gr. Afföll af seldum verðbréfum má greiðandi færa til gjalda í samræmi við reglu 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr.

2. Á eftir A-lið 12. gr. laganna komi nýr stafliður, B, og breytist stafliðaröðin samkvæmt því. Stafliður B verði svo hljóðandi:

Arð af hlutabréfum í eigu innlendra manna og vexti þeirra af stofnsjóðum í félögum samkvæmt B-lið 1. mgr. 5. gr., þó eigi meira fé en 30 000 kr. samtals hjá hverjum einstaklingi og 60 000 kr. hjá hjónum, sem telja fram saman. Aldrei má þó frádráttur vegna arðs af hlutabréfum nema meiru en 10% af hlutafjár-eign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi. Ákvæði þessa stafliðs taka ekki til arðs af hlutabréfum hlutafélaga, sem notfæra sér heimild 1. mgr. B-liðs 17. gr.

3. B-liður, sem verður C-liður, orðist svo:

Eignarskatt félaga, sem greiddur hefur verið á árinu.

**10. gr.**

1. Í A-lið 13. gr. laganna breytist „32 000 kr.“ í „55 000 kr.“.

2. Í 1. mgr. D-liðs 13. gr. laganna breytist „15 000 kr.“ í „25 000 kr.“.

3. 5. mgr. D-liðs 13. gr. laganna orðist svo:

Þá skal draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattþegn hefur keypt sér, þó eigi hærra iðgjald en 15 000 kr.

**11. gr.**

1. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967, breytist „500 kr.“ í „800 kr.“.

2. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1967, breytist „3000 kr.“ í „5000 kr.“.

**12. gr.**

15. gr. laganna orðist svo:

Um fyrningu, sbr. A-lið 11. gr., fer sem hér segir:

A. Fyrnanlegar eignir eru þeir fjármunir, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, þó ekki veltufjármunir.

Fyrnanlegar eignir eru þessar helztar:

1. Vélar, tæki, skip, loftför og annað lausafé.
  2. Byggingar og önnur mannvirki.
  3. Náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.
  4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til notkunar þekkingar og reynslu, réttur til einkaleyfis, vörumerkis, viðskiptavildar og sérstök atvinnuréttarleyfi.
  5. Sérstakur stofnkostnaður, svo sem frumkostnaður við markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfa og vörumerkja.
- B. Heildarfyrningarverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaupverð eða framleiðsluverð ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu að viðbættum tollum, flutningsgjöldum, niðursteningarkostnaði og öðrum áföllnum kostnaði, þó eigi vöxtum, sbr. þó heimild í A-lið 12. gr., þar til eignin er hæf til teknaöflunar, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, sbr. þó 4. mgr. D-liðs, afsláttum, eftirgjöfum skulda eða skaðabótum, sem til falla í sambandi við kaup eða framleiðslu eignarinnar. Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið, skal þó vera jafnt fasteignamatsverði.
- Gengistap á skuldum, sem stofnað var til vegna öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, má færa sérstaklega til eignar á því rekstrarári, sem gengisbreyting á sér stað.
- Fyrningartími eigna hefst, þegar þær eru hæfar til teknaöflunar í hendi eiganda, sbr. þó D-lið. Fyrningartími verðmæta samkvæmt 3. tl. A-liðs hefst þó fyrst við nýtingu þeirra. Upphaf fyrningartíma fyrnanlegra eigna, sem skattþegn á í árslok 1970, telst 1. janúar 1971.
- C. Fyrning skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, ákveðin sem fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði þeirra eigna og innan þeirra marka, sem hér greinir:
1. Véla og tækja til jarðvinnslu, námarekstrar og mannvirkjagerðar, svo og allra flutningatækja, skipa og skipsbúnaðar. Lágmark 10%, en hámark 15%.
  2. Allra véla, tækja og annars lausafjár, sem eigi fellur undir 1. tl. Lágmark 8%, en hámark 12.5%.
  3. Bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í E-lið. Hámark 2% til 10% eftir gerð og byggingarefni. Lágmark skal vera helmingur af hundraðshluta hámarks. Fjármálaráðherra skal í reglugerð flokka til fyrningar byggingar og önnur mannvirki samkvæmt þessum tölulíð.
  4. Keypts eignarréttar að verðmætum hugverkum og auðkennum samkvæmt 4. tl. A-liðs og sérstaks stofnkostnaðar samkvæmt 5. tl. A-liðs. Lágmark 5%, en hámark 20%.
- Fyrning náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra skal miðuð við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei verða hærri en heildarfyrningarverð hins fyrnda, að frádregnu verðmæti því, sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
- Eignir þær, sem um ræðir í 1. mgr., má aldrei fyrna í heild meira en svo, að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignanna 10% af heildarfyrningarverði þeirra, sbr. þó 4. og 5. mgr. þessa stafliðs.
- Stofnkostnað þann, sem um ræðir í 5. tl. A-liðs, má fyrna að fullu á því ári, sem hann myndast.
- Gengistap, sbr. 2. mgr. B-liðs, má fyrna að fullu á eftirstöðvum fyrningartíma hlutaðeigandi eignar eða á 5 árum, eftir vali skattþegns.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má vikja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu og niðurlagsverð. Ríkisskattstjóri veitir heimild til þessa fráviks. Verði fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið ónothæf, áður en fyrningu hennar er lokið, og eftirstöðvar bókfærðs verðs hennar eru hærrí en niðurlagsverð eða tjónbætur, má færa mismuninn til gjalda á því ári. Nú er fyrnanleg eign samkvæmt þessum staflið seld eða hún eyðileggst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við söludag eða tjóndag. Þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en bókfært verð.

- D. Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í 1.—3. tl. C-liðs, aðrar en íbúðarhúsnæði, skv. E-lið, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra. Eigandi ræður, hvenær hann notar þessa heimild og að hve miklu leyti ár hvert.

Nú hefur verið gerður kaup- eða verksamningur í sambandi við öflun eigna þeirra, sem um getur í 1.—3. tl. C-liðs, annars en íbúðarhúsnæðis, þar sem samningsfjárhæð nemur minnst tíu milljónum króna og minnst eitt ár skal líða frá gerð samnings til afhendingar eignanna, og er þá heimilt að fyrna samning þennan með að hámarki 30% af verðmæti á samningstímanum. Aldrei má þó fyrning þessi nema hærrí fjárhæð en skattþegn hefur greitt til efnda á samningum. Fyrning þessi kemur í stað fyrningar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs. Nemi fyrning samkvæmt þessari málsgrein eigi að fullu þeim fyrningum, sem skattþegni eru heimilaðar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, er honum heimilt að nota síðar þann hluta, sem á skortir.

Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrningar samkvæmt 1. og 2. mgr. og ekki nota þessar fyrningar til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

Óendurkræfa styrki til öflunar á fyrnanlegum eignum samkvæmt A-lið, aðra en þá, sem um ræðir í F-lið 10. gr., skal telja til tekna á því ári, sem ákvörðun er tekin um slíkt, og til eignar sem hluta kostnaðarverðs eignanna, sbr. 1. mgr. B-liðs. Á sama rekstrarári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og styrkirnir. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

Hvers konar eftirgjafir eða afslættir af kostnaðarverði fyrnanlegra eigna, eftir að þær eru hæfar til teknaöflunar, svo og skaðabætur vegna galla, eftirgjafir skulda að öllu eða nokkru, óendurkræfar eða ekki endurkrafðar afborganir skulda, sem greiddar hafa verið af öðrum, enda hafi skuldirnar stofnast vegna öflunar þessara eigna, skulu teljast til tekna á því rekstrarári, sem ákvörðun er tekin um slíkt. Sama gildir um gengishagnað vegna slíkra skulda. Á sama ári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og talin var til tekna vegna þessa, þó eigi meira en nemur ófyrndum eftirstöðvum heildarfyrningarverðs eignanna. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein. Nú er óráðstöfuðum varasjóði samkvæmt II. tl. í ákvæðum til bráðabirgða varið til öflunar fyrnanlegra eigna, sem fyrnast samkvæmt C-lið, og skal þá telja slíka ráðstöfun varasjóðsins til tekna á því ári. Jafnframt er heimilt að veita á sama ári sérstaka fyrningu á þessum eignum, er nemi sömu fjárhæð og talin er til tekna vegna ráðstöfunar varasjóðs. Þessi sérstaka fyrning rýrir ekki aðrar heimildir til fyrninga samkvæmt þessari grein.

Til viðbótar þeim fyrningum, sem heimilar eru samkvæmt C-lið, svo og til viðbótar eða í stað heimilaðra hundradshluta fyrninga samkvæmt 1. og 2. mgr. þessa stafliðs, og að svo miklu leyti sem ófyrndar eftirstöðvar heildarfyrningarverðs eignanna leyfa, er heimilt að fyrna eignir þær, er um getur í C-lið, með sérstakri fyrningu, er má nema fjárhæð jafnri skattskyldum hluta söluhagnaðar



samkvæmt E-lið 1. mgr. 7. gr., á sama rekstrarári og söluhagnaður er skattlagður. Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrninga samkvæmt þessari mgr. og ekki nota þær til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.

- E. Fyrning íbúðar manns, sem aðeins á eina íbúð, skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði. Einnig er eiganda íbúðar, sem hann notar fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína, heimilt að beita sömu fyrningarreglu um aðra íbúð, er hann kann að eiga í sömu eða annarri fasteign, án tillits til fasteignamatsverðs hennar, eða annað íbúðarhúsnæði í fasteign þeirri, er hann býr í, enda sé fasteignamatsverð þess eigi hærra en íbúðar þeirrar, sem hann býr í. Þessi heimild eiganda miðast við aðstæður við upphaf fyrningartíma og skal notuð þá strax og halda gildi sínu allan eignarhaldstíma hans á þessu húsnæði.

Árlegan frádráttarbæran viðhaldskostnað húsnæðis, sem fyrnt er samkvæmt 1. mgr., má ákveða sem fastan hundraðshluta af fasteignamatsverði.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð ákveðið um flokkun húsnæðis samkvæmt 1. mgr. eftir gerð og byggingarefni og ákveðið árlegan hundraðshluta fyrningar og viðhaldskostnaðar.

### 13. gr.

1. Í A-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „80 000 kr.“ í „134 000 kr.“.
2. Í B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „112 000 kr.“ og „56 000 kr.“ í „188 000 kr.“ og „94 000 kr.“.
3. Í C-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „27 000 kr.“.
4. Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „40 500 kr.“ og „5 400 kr.“.
5. Á eftir 4. mgr. 16. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi  $\frac{1}{2}$  hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.

### 14. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

- A. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum arð þann, er þau greiða til hluthafa sinna eða eigenda, framlag í arðjöfnunarsjóð og skatt samkvæmt 25. gr. III. lið.

Innlend váttryggingarfélag mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við váttryggingartaka eða váttryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirferanleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirferanlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1. mgr. þessa stafliðs.

Að fenginni umsókn félags, skal skattyfirvöldum heimilt að leyfa því að falla undir ákvæði B-liðs þessarar greinar.

- B. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr. og fengið hafa undanþágu frá ákvæðum A-liðs þessarar greinar, mega draga frá hreinum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár.

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærrí fjárhæð en nemur  $\frac{1}{4}$  hluta af hreinum tekjum félags, eftir að frá hafa verið dregnar þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, en áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, þó eigi hærra en 10% ársvexti.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, skal telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

Innlend váttryggingarfélag mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við váttryggingartaka eða váttryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessa stafliðs skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirlætanleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 6. mgr. þessa stafliðs.

Eigi má mynda yfirlætanlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—4. mgr. þessa stafliðs.

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., sem notað hafa heimildir samkvæmt þessum staflið, geta tilkynnt skattstjóra með yfirlýsingu félagsstjórnar, að þau óski framvegis að vera skattlögð í samræmi við ákvæði A-liðs þessarar greinar.

#### 15. gr.

Á eftir 2. mgr. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef skattþegar, einstaklingar eða félög semja um skipti sín í fjármálum á hátt, sem er verulega frábrugðinn því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattþegnsins, en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

#### 16. gr.

Aftan við C-lið 20. gr. laganna bætist orðin „sbr. þó A-lið 22. gr.“

#### 17. gr.

B-liður 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Innstæður manns, sem ekki skuldar meira fé en jafngildir hámarki lána Húsnæðismálastjórnar ríkisins til einstaklings um hver áramót, enda séu skuldir þessar

fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til að afla fasteigna eða endurbæta þær.

## 18. gr.

## 1. A-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Fasteignir, mannvirki, lóðir, lendur og bújarðir skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði eða áætluðu verði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi. Eiganda leigulóðar skal talið afgangskvaðarverðmæti hennar til eignar, en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgangskvaðarverðmætis.

## 2. C-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Skip, loftför og annað lausafé skal telja til eignar á bókfærðu verði.

## 3. D-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Vörubirgðir verzlana og framleiðslufyrirtækja skal meta á kostnaðarverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádragnum afföllum af gölluðum eða úreltum vörum. Frá matsverði þannig reiknuðu er heimilt að draga að hámarki 30% og telja það verð heildarverðmæti birgða.

## 4. E-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé. Sama gildir um stofnfé sameignarféлага samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

## 5. H-liður 22. gr. laganna falli niður.

## 19. gr.

## 25. gr. laganna orðist svo:

## I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 62 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 9%. Af 62 000 kr.—104 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 5 580 kr. af 62 000 kr. og 18% af því, sem fram yfir er. Af 104 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 13 140 kr. af 104 000 kr. og 27% af því, sem fram yfir er.

## II. Skattgjald þeirra féлага og stofnana, er um ræðir í A- og B-liðum, 1. mgr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.

## III. Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 17. gr., skulu greiða í skatt 15% af því fé, er þau greiða hluthöfum sínum eða eigendum í arð eða leggja í arðjöfnunarsjóð.

Sé móttakandi arðsins innlent félag samkvæmt 1. mgr. A-liðs 17. gr., sem á meira en 25% af hlutafé þess félags, er arðinn greiðir, eða félag, sem hefur það að einasta markmiði að ávaxta fé sitt í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum, skal því félagi, er arðinn móttækur, heimilt að draga frá þeim skatti, er því bærir að greiða samkvæmt II. tl. og 1. mgr. þessa töluliðs, fjárhæð, er samsvarar 15% af þeim arði, er félagið hefur móttekið á árinu og uppfyllir skilyrði þessa töluliðs.

## IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

## 20. gr.

## 26. gr. laganna orðist svo:

## I. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 3 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur. Af næstu 3 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0.3%. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.6%.

- II. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.7% af skattgjaldseign.
- III. Eignarskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

### 21. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga þessara, svo og þeir, er telja sig skattfrjálsa samkvæmt lokaákvæði A-liðs 1. mgr. 5. gr., skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður, þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur síðastliðið ár og eignir í árslok. Framtalsskyldan hvílir á hverjum einstaklingi, sameiginlega á hjónum, sem samvistum eru, á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráða, og einnig á skiptaráðendum og skiptaforstjórum dánar- og þrotabúa, erfingjum, er skipta einkaskiptum, og maka, er situr í óskiptu húi, svo og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands. Skýrslur þessar skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúar-mánaðar. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrr en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til febrúarloka. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingarfélög þurfa eigi að skila framtali fyrr en 31. maí.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt. Sá, er aðstoð veitir samkvæmt þessari málsgrein, skal rita á skýrsluna yfirlýsingu um, að hann hafi veitt aðstoð við gerð hennar.

### 22. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein, skal senda gjaldanda tilkynningu þar um í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytinguna skal eigi send hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi gjaldandi kært breytinguna, sbr. ákvæði 40. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

### 23. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Eigi síðar en 20. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa samið og lagt fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina álagðan tekju-skatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi. Enn fremur skal skattstjóri senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lög-sagnarumdæmi, og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

## 24. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 14 daga, frá því er skattskrá er lögð fram eða póstlögð var tilkynning um skattbreytingu, sbr. 4. mgr. 38. gr. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skulu skattstjórar hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu send ríkisskattstjóra. Leiðréttingar á skattskrá skulu jafnframt sendar hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

Úrskurðir skulu uppkveðnir af skattstjórum eða af þeim starfsmönnum þeirra, sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þessa starfs.

## 25. gr.

3. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að 3% hlutum þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

## 26. gr.

2. ml. 6 mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Skal þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar, þannig, að þau ákveðist 1% fyrir hvern dag, sem skil hafa dregizt, af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eignum, þó aldrei hærri en 15%.

## 27. gr.

1. Síðasti ml. 1. mgr. 48. gr. laganna falli niður.
2. Síðasti ml. 6. mgr. 48. gr. laganna falli niður.

## 28. gr.

Á eftir 2. mgr. 52. gr. laganna komi ný mgr., 3. mgr.:

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatt af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekju-skatt eða eignarskatt hans með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

## 29. gr.

53. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48 frá 12. maí 1970, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972.

## 30. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði 1., 2. og 3. gr. laga nr. 78/1967 og lög nr. 48/1970.

Lög þessi skulu þegar öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 22. gr., 23. gr., 24. gr., 26. gr. og 28. gr., svo og I. tl. ákvæða til bráðabirgða skulu þó koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1970.

**31. gr.**

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella ákvæði þeirra svo og þau ákvæði laga nr. 78 29. desember 1967, sem halda gildi sínu, inn í meginmál laga nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa lögin út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1970, skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1970 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, annarra en íbúðarhúsnæðis, fyrir árið 1970 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1970, miðað við þær eignir, sem hann átti í árslok 1968 og í árslok 1970. Til gjaldfærðra fyrninga í þessu sambandi skal þó ekki telja þær gjaldfærðar fyrningar, sem myndast hafa af hækkun bókfærðra eigna vegna gengistapa á árinu 1968.

**II.**

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., þar sem eignum og tekjum skal nú skipt með sameigendum, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1965 og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja  $\frac{3}{5}$  hluta varasjóðsins við höfuðstól eigenda, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna eigenda. Þann hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal telja með skattskyldum tekjum eigenda með að minnsta kosti einum fimmta hluta ár hvert, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp. Þeim hluta varasjóðsins, sem hefur ekki verið leystur upp á hverjum tíma, mega eigendur þó verja til að mæta sérstökum fyrningum samkvæmt ákvæðum 5. mgr. D-liðs 15. gr.

**III.**

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971 og 1972 að láta meta endurkaupsverð fyrnanlegra eigna sinna, samkvæmt 1.—3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau áttu í árslok 1970, en höfðu eignast fyrir árslok 1968. Endurkaupsverð eigna samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem gildi tekur á árinu 1971. Frá endurkaupsverði eignanna skal draga þá óbókfærðu fyrningu, sem eigandi þeirra fékk á skattárinu 1970 vegna þessara eigna samkvæmt 1. tl. ákvæða til bráðabirgða, og telst mismunurinn heildarfyrningarverð eignanna samkvæmt B-lið 15. gr. Frá þannig ákvörðuðu heildarfyrningarverði lausafjár samkvæmt 1. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal draga hlutfallstölu þeirra fyrninga, sem samtals hefur verið notuð af eiganda eignarinnar á liðnum árum, þó aldrei meira en 80% fyrir eignir, sem eigandinn eignaðist fyrir 1. janúar 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma, og telst þessi frádráttur fengin fyrning samkvæmt C-lið 15. gr. Aldrei má hið nýja bókfærða verð eignar vera hærra en sennilegt gangverð hennar.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd endurmatsins.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Skattstjórar skulu úrskurða um matið. Skattþegn, sem vill ekki sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp um það endanlegan úrskurð.

**IV.**

Á árunum 1971 og 1972 er úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem eigi teljast til arðs, sbr. 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr., bundin því, að eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi

breytist ekki við útgáfu bréfanna og útgáfan sé byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs.

#### V.

Sameignarfélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, sem óska að verða skattlögð sem sjálfstæðir skattþegnar samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 tilkynna skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis um þá ósk. Tilkynningu skal fylgja vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi, er fullnægi skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr.

Á árunum 1971 og 1972 má yfirfæra á stofnfjárreikning eigenda þessara félaga bókfærða hreina eign félagsins í árslok 1970, aðra en skattfrjálsan varasjóð, án þess að yfirfærslan teljist til arðs, sbr. 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. Sama gildir um hækkun bókfærðs verðs eigna þessara félaga, stafi hækkunin af notkun heimilda í III. tl. ákvæða til bráðabirgða.

#### VI.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið við gildistöku þessara laga og óska að fá undanþágu frá ákvæðum A-liðs 17. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 senda umsókn þess efnis til skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis.

#### VII.

Meðan skattþegnum er skylt að greiða eignarútsvör, er þeim heimilt að draga greidd eignarútsvör frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Sama gildir um greiddan eignarskatt, sem álagður verður á gjaldárinu 1971 eða síðar samkvæmt ákvæðum I. tl. 26. gr. laga nr. 90/1965.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

### um Iðnþróunarstofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Iðnþróunarstofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

#### 2. gr.

Markmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenskan iðnað og iðnþróun. Verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands eru m. a. eftirfarandi:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða.
2. Að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna.
3. Að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni.

4. Að stuðla að eflingu nýrra iðngreina og fjölþættara atvinnulífi til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðju á grundvelli hagnýtingar orkulinda landsins.
5. Að kynna nýjungar í iðnaði og annast ráðgjafastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, t. d. með rekstri bóka- og kvikmyndasafns og útgáfu fræðslurita og tímarits og leiðbeininga- og kynningastarfsemi fyrir hönnun iðnvarnings.
6. Að annast námskeiða- og fyrirlestrahald um tæknileg og rekstrarfræðileg efni og stuðla að endurbótum á fræðslustarfsemi í þágu iðnaðarins í samvinnu við starfandi menntastofnanir og aðra, sem vinna að slíkum málum.
7. Að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála.
8. Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni.
9. Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar.

### 3. gr.

Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,  
 Efnahagsstofnunin,  
 Félag íslenskra iðnrekenda,  
 Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,  
 Framkvæmdasjóður Íslands,  
 Háskóli Íslands,  
 Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,  
 Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri,  
 Iðnaðarráðuneyti,  
 Iðnlánasjóður,  
 Iðnþróunarsjóður,  
 Landssamband iðnaðarmanna,  
 Landsvirkjun,  
 Orkustofnun,  
 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,  
 Rannsóknastofnun iðnaðarins,  
 Samband íslenskra samvinnufélaga,  
 Seðlabanki Íslands,  
 Samband iðnskóla á Íslandi,  
 Tækniskóli Íslands,  
 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,  
 Verzlunarráð Íslands,  
 Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

### 4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar úr hópi iðnþróunarráðsmanna fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára, sem annast í umboði ráðsins meðferð þeirra mála, sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma, þar af tvo samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með



sér verkum að öðru leyti. Ef stjórnarmaður forfallast, skipar ráðherra annan í hans stað. Ráðherra ákveður laun framkvæmdastjórnar.

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar. Framkvæmdastjórn ber að gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Iðnþróunarráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Iðnþróunarstofnunar Íslands greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 frá 1. marz 1962, um Iðnaðarmálastofnun Íslands, enda tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1971

7. apríl 1971.

81

Nr. 32.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 200 milljónum króna.

**2. gr.**

Eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

13. apríl 1971.

Nr. 33.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970,  
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sjö menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu

A 11

manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður.

Tekjur sjóðsins eru:

A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.

A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Gylfi D. Gíslason.*

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Úr 2. gr. falli niður svo hljóðandi málsliður:

„Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita um-sagnar stjórnna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samín“.

**2. gr.**

b-liður 3. gr. orðist svo:

b. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

**3. gr.**

a- og c-liðir 4. gr. falli niður.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist þannig:

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „raforkumálastjóra“ í 3. tölul. komi: Orkustofnun.
- b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, nr. 4, svo hljóðandi:

Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.

## 2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

## 3. gr.

Í stað 2. málsg. 5. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 350 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innan lands eða utan til greiðslu á höfuðstólsframlagi ríkissjóðs. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

## 4. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflostöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

## 5. gr.

Í stað 1. málsg. 13. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Við virkjanir Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna. Hið sama gildir um eldsneytisaflostöðvar Landsvirkjunar.

## 6. gr.

Í stað 1. málsg. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, sbr. 6. gr., að fjárhæð allt að 5 900 millj. króna (67 millj. Bandaríkjadollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

16. apríl 1971.

Nr. 38.

**L Ö G****um Kennaraháskóla Íslands.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**Hlutverk.**

## 1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað. Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð.
2. Það er hlutverk Kennaraháskóla Íslands að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að kenna og leiðbeina ungmönnum á skyldunámsstigi og í yngri aldursflokkum, sem að því stigi liggja og eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn skal temja kennaraefnum fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er gerir þau hæf til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna. Kennaraefnum skulu kennd hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi, einum sér og í samvinnu. Námið á að þjálfa hugsun og glæða hugkvæmni, alúð, skyldurækni og félagsþroska.
4. Skólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í islensku umhverfi, leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu

og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.

5. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

### Stjórn skólans.

#### 2. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.
2. Ráðherra til ráðuneytis um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenzkra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar. Skal skólanefndin kvödd til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
3. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan.

Skólastjórn fer að öðru leyti með stjórn skólans. Hana skipa rektor og fastir kennarar skólans ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, svo og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði, og komi einn fulltrúi nemenda fyrir hverja fjóra aðra fulltrúa, sem sæti eiga í skólastjórn.

Í skólaráði eiga sæti rektor, einn úr hópi fastra kennara við hverja skor skólans (skorarstjóri), þrír tilnefndir af nemendaráði og einn tilnefndur á almennum fundi lausráðinna kennara. Skólaráð fer með þau störf, sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni.

Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en aðstoðarrektor ritari.

Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

4. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
5. Í aprilmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.

**Nemendaráð.****3. gr.**

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð; enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

**Inntaka nemenda í skólann.****4. gr.**

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum til-  
lögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfni-  
prófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.
4. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.

**Nám og námstími.****5. gr.**

Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Námstími skal eigi vera lengri en 9½ mánuður á ári og eigi skemmri en 8½. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfsmánaðar vik frá þessu ákvæði.

Heimilt er að halda allt að níu mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

**6. gr.**

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

**I. Almenn kennaranám.**

a. Uppeldisgreinar bóklegar, 2 hlutir.

b. Námsefni skyldunáms:

- 1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.
- 2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Heimilt er skólastjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.

c. Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn, 2 hlutir.

II. Nám handavinnukennara skal vera 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum, 1 hlutur í kjarna, 2 í bóklegri valgrein og 7 í handlistum.



- III. **Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta.** Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
- IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

### 7. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

- I. **Uppeldisgreinar:** sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, auk skólasögu.
- II. **Félagsgreinar:** félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði.
- III. **Mál:** íslenska og íslensk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.
- IV. **Raugreinar:** eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.
- V. **List- og verkgreinar:** skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

### 8. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám var hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

## Námseftirlit og almenn próf.

### 9. gr.

1. Eftirlit, námsmat og próf skulu vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.
2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.
3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau úr um það, hvort nemandi heldur áfram námi annars og þriðja árs.
4. Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneyti fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs.

Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.

5. Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennaraúrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.

**Þjálfun í starfi.****10. gr.**

Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

**Starfslið.***A. Kennarar.***11. gr.**

Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Auk þess starfa við skólann aðjunktur, sem menntamálaráðherra ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.

Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósentar.

Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.

Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms; í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara.

**12. gr.**

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentar. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af visindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

*B. Annað starfslið.***13. gr.****I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.**

1. Aðstoðarrektror, er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.

2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
4. **Æfingastjóri**, er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.  
Deir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

## II. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi**, er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri**, er annast reikningshald skólans og bókhald.
3. **Annað starfslið**, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## III. Önnur störf.

1. **Húsvörður**, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður**, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

Rektor ræður starfsmenn samkv. grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

## Rannsóknarstofnun uppeldismála.

### 14. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:
  - a. vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
  - b. veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknar- aðferðum sál- og félagsvísinda.
2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá léttá af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Eftir því sem tök eru á skal og veita prófessorum og dósentum aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

### 15. gr.

1. Stjórn rannsóknarstofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:
  - rektor Kennaraháskóla Íslands,
  - rektor Háskóla Íslands,
  - fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,

fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði.

deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,

formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára, án tilnefningar.

Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

2. Visindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
3. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

#### Æfinga- og tilraunaskóli.

##### 16. gr.

Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraháskólinn veitir rétt til að kenna.

##### 17. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessor í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu.

##### 18. gr.

1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.
2. Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir  $\frac{3}{4}$  hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur  $\frac{1}{4}$  hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

##### 19. gr.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.

## 20. gr.

Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun kennsluæfinga og eftirlit með þeim í samráði við æfingastjóra, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

## 21. gr.

1. Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara skal ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum og jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við Æfingaskólann. Heimilt er, að fastir æfingakennarar séu eigi færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldisfræðilegt sérsvið að auki. Þeir skulu annast æfingakennslu og hafa umsjón með henni í samráði við æfingastjóra og kenna við Kennaraháskóla Íslands, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Aðrir kennarar Æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

## 22. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

## Orlof.

## 23. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum

Þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalar-kostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trúfli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### 24. gr.

1. Nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands 1969 eða fyrr, og stúdentar skráðir í skólann fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands nr. 23/1963.
2. Við Kennaraháskóla Íslands skal starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, á meðan styrkbær fjöldi nemenda óskar að stunda þar nám.
3. Enn fremur má fela skólanum að annast starfrækslu framhaldsdeilda á gagnfræðastigi og búa nemendur úr framhaldsdeildum undir próf jafngilt stúdentsprófi.
4. Skipaðir kennarar í bóklegum greinum við Kennaraskóla Íslands eiga forgangsrétt á skipun í lektorsstöður, sem veittar verða við Kennaraháskóla Íslands innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara að telja.

Skipaðir kennarar í öðrum greinum eiga og forgangsrétt til samsvarandi starfa við Kennaraháskólann eða stofnanir hans.

#### 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Gylfi P. Gíslason*

## L Ö G

## um utanríkisþjónustu Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvivetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir

- 1) stjórnsmál og öryggismál,
- 2) utanríkisviðskipti, og
- 3) menningarmál.

Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

## 2. gr.

Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur.

## 3. gr.

Yfirstjórn utanríkisþjónustunnar er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir.

## 4. gr.

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitid nauðsynlegt til gæzlu hagsmuna Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur (sbr. 7. gr.).

Um ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við utanríkismálanefnd.

## 5. gr.

Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum.

Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum.

## 6. gr.

Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur utanríkisráðherra veitt þeim sendiherranafnbót, meðan þeir gegna því starfi, séu þeir eigi skipaðir sendiherrar.

**7. gr.**

Ræðismenn eru ýmist úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar, sendiræðismenn, eða valdir til starfa fyrir utanríkisþjónustuna, kjörræðismenn. Hinir síðar nefndu þurfa eigi að vera íslenskir ríkisborgarar. Þeir taka eigi laun, en heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða þeim skrifstofufé að einhverju leyti.

Aðalræðismenn veita aðalræðisskrifstofum forstöðu, ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu og vararæðismenn veita vararæðisskrifstofum forstöðu.

**8. gr.**

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjörræðismenn skiptast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Sendiherrar.
2. flokkur: Skrifstofustjóri. Sendifulltrúar. Aðalræðismenn.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar. Ræðismenn.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar. Vararæðismenn.
5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni skjalavörður utanríkisráðuneytisins, bókarar, ritarar og annað starfsfólk eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

**9. gr.**

Forseti Íslands skipar þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 1.—3. flokki samkvæmt 8. grein, en utanríkisráðherra þá, sem taldir eru í 4.—5. flokki sömu greinar. Kjörræðismenn eru skipaðir af utanríkisráðherra, nema aðalræðismenn, er forseti Íslands skipar. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

**10. gr.**

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. grein þessara laga.

**11. gr.**

Auk þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 8. gr., er heimilt að ráða menn í utanríkisþjónustuna um tiltekinn tíma til að gegna sérstökum störfum, t. d. sem viðskiptafulltrúar, fiskifulltrúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar. Viðskiptafulltrúar skulu vinna að markaðsleit fyrir íslenskar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þann tíma, er menn gegna störfum í utanríkisþjónustunni samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þeir, eftir því sem við á, hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum.

**12. gr.**

Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál.

Utanríkisráðuneytið sér um skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki og útgáfu þeirra.

Auk annarra starfa hefur skjalavörður ráðuneytisins að jafnaði með höndum umsjá bókasafnsins og skrásetningu og útgáfu samninga.

Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

**13. gr.**

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.) og aðrar



sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum, er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd. Reglur skulu settar á sama hátt um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

#### 14. gr.

Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

#### 15. gr.

Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita sendiráðum forstöðu, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenskra borgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

#### 16. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

#### 17. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirmælum, er utanríkisráðherra setur með reglugerð.

#### 18. gr.

Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

## 2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lán- og styrkveitingar.

## 3. gr.

Framan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum, allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

## 4. gr.

Síðari málsg. 7. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 23/1968) orðist svo:

Lán og styrkir, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 40% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 75% af kostnaðarverði íbúðanna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (8. gr.) Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá viðkomandi sýslunefnd eða sýslunefndir, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um, hvort fyrirhuguð girðing skuli heyra undir ákvæði ofanefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslunefndar eða sýslunefnda reistur á þrem eftirtöldum atriðum:

1. Hvort ágangur búfjár frá aðliggjandi hreppum réttlæti einhliða ákvörðun kröfuaðilans um lagningu girðingar.
2. Hvort fyrirhugað stæði girðingar er nothæft miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.
3. Hvort fleiri sveitarfélög en þau, er lönd eiga að afréttargirðingu, og hver skuli vera þátttakendur í stofn- og viðhaldskostnaði girðingar og eftir hvaða hlutföllum innbyrðis, sbr. næstu grein hér á eftir.

Sé um fleiri en eina sýslunefnd að ræða, skal úrskurður felldur á sam-  
eiginlegum fundi.

b. (9. gr.) Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslunefnd eða sýslunefndum samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin, sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðuðum kostnaði, hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki, ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

6. málsgrein 6. greinar laga nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, orðist svo: Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunar-sjóði án gengisákvæða, enda tryggji stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

um Áburðarverksmiðju ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, er lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Markmið hennar er:

1. Að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu.
2. Að hafa á hendi einkasölu á tilbúnum áburði, og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða né flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

## 2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkominn að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburði og áburðarefnum og frekast er vól á.

Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar.

**3. gr.**

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarsölu ríkisins, gagnvart einstaklingum og hinu opinbera og kemur að öllu leyti í hennar stað.

Allar bækur og skjöl áburðarsölnunnar falla til Áburðarverksmiðjunnar.

Skipulagsbreytingin fer fram 1. janúar 1971 og miðast reikningsskil við þann dag.

**4. gr.**

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til, auk hlutafjár Áburðarverksmiðjunnar h.f., stofnfjárframlög, eins og ákveðin kunna að verða í fjárlögum.

**5. gr.**

Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

**6. gr.**

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

**7. gr.**

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

**8. gr.**

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra, og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

**9. gr.**

Við Áburðarverksmiðju ríkisins starfar samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis, gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefnd allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem máli skipta.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð.

**10. gr.**

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákvæður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði. Skal verðið miðað við sjónarmið þau, sem fram koma í 2. gr., og að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Eignir skulu þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum.

**11. gr.**

Innanlands selur Áburðarverksmiðjan áburð þann, sem hún framleiðir eða flytur til landsins, einungis búnaðarfélögum, samvinnufélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, hrepps- og bæjarfélögum, eða öðrum opinberum aðilum.

**12. gr.**

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skal ekki reikna landsútsvar af verzlun með innfluttan áburð.

**13. gr.**

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

**14. gr.**

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

**15. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, lög nr. 69 28. maí 1969, um Áburðarverksmiðju ríkisins, og lög nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þó skal Hafnarfjarðarkaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem kann að hafa orðið vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er Hafnarfjarðarkaupstað að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna, en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*



# L Ö G

**um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla islenzkan landbúnað og treysta byggð í sveitum landsins, m. a. með því að styðja:

1. Aukna og fjölþættari ræktun og nýtingu uppskerunnar.
2. Byggingar og tæknibúnað í sveitum.
3. Hagkvæmt skipulag byggðar.

Lánveitingar og ríkisframlög eftir lögum þessum skulu vera í sem nánustu samræmi við eðlilegar þarfir landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

### II. KAFLI

**Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.**

#### 2. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands.

## 3. gr.

Stofnfé deildarinnar er:

1. Eignir Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær voru, er þær stofnanir voru lagðar niður.
2. Lán, sem ríkissjóður veitti Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði 1960, ásamt áföllnum vöxtum, samtals 34.9 millj. kr.
3. Skuldabréf, sem ríkissjóður afhendir deildinni til eignar, samtals að fjárhæð 9 millj. og 142 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Skuldabréf sex sveitarfélaga .....	kr. 4 087 000.00
— Veðdeildar Búnaðarbankans .....	— 3 000 000.00
— Bjargráðasjóðs .....	— 1 500 000.00
— Sölufélags garðyrkjumanna .....	— 564 000.00

## 4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Fast árlegt framlag ríkissjóðs, 4 millj. kr.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins:
  - 1% árin 1971—1975
  - 0.75% árin 1976—1980
  - 0.50% árin 1981—1985
  - 0.25 árin 1986—1990

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárrí upphæð og tekjur samkvæmt 2. tölulið.
4. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árin 1981—1985 og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðar nefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta, sem segir í 1. málslíð þessa töluliðs. Gjald á vörum, sem ekki er verð á í verðlagsgrundvelli, skal miðað við áætlað verð til framleiðenda. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Landbúnaðarvörur, sem fluttar eru úr landi, eru undanþegnar gjaldi þessu, en að öðru leyti tekur það til allra vörutegunda, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 38/1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, með síðari breytingum. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
5. Vaxtatekjur.  
Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um framkvæmd á ákvæðum 2. og 4. töluliðs þessarar greinar.

## 5. gr.

Á Stofnlánadeildinni hvíla allar skuldbindingar, sem áður hvíldu á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði.

## 6. gr.

Stofnlánadeildin veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum.
2. Til ræktunar, peningshúsa, geymsluhúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylraekt, loðdýrarækt, lax- og silungseldi, enn fremur til mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjöt- og grænmetisfrystihúsa, grænfoodurverksmiðja, viðgerðarstöðva landbúnaðarvéla, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til kaupa á búvélum og bústofni.



## 7. gr.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Framkvæmdir skulu metnar á kostnað lántaka, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Ef stjórn deildarinnar telur leika vafa á, hvort veita skuli lán, skal hún leita álits landnámsstjórnar eða Búnaðarfélags Íslands. Um ákvörðun lána skal bankastjórnin hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánnum.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

## 8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlána-deildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlána-deildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verk-smiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að myndaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m. a. fela í sér:

1. Hreppsnefndin hefur á hendi stjórn sjóðsins.
2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.
3. Búpeningurinn sé leigður frumbýlingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t. d. er óhöpp hafa hent, er valda skeppnumissi.
4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ. e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.
5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánnum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kviga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánnum úr Stofnlánadeildinni, að váttryggð séu í váttryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

## 9. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár eftir því, til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera allt að 42 ár, ef húsin eru talin úr nægilega varanlegu efni. Ef lánað er til annarra nýrra bygginga og túnræktar, má lánstími vera allt að 25 ár, svo og til þeirra framkvæmda við ylrækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar ákveðið í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

## 10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu álitni stjórnar Seðlabanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, vexti af lánnum Stofnlánadeildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efna-hagsmál. Vextir af lánnum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en önnur lán deildarinnar.

## 11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildarinnar og greiðir þær, ef eignir og tekjur deildarinnar hrökkva ekki til.

## 12. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildarinnar að taka, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, allt að 300 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar nægir ekki til, að hún geti á við-unandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengis-ákvæði, enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa.

Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasam-takanna, enda séu skuldabréf fyrir þeim lánnum með gengisákvæði.

## 13. gr.

Heimilt er bankastjórn Búnaðarbanks, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni, að verja árlega allt að 10 millj. kr. af fé Stofnlánadeildarinnar til kaupa á bankavaxtabréfum Veðdeildar Búnaðarbanks, enda sé það auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar.

## 14. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingarnefndum og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggji vottorð frá landnámsstjórn um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhús sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíð þess.

## 15. gr.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveita-býlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endur-byggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

**16. gr.**

Ef landnámsstjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Stofnlána-deild sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert.

**17. gr.**

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Stofnlánadeildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi bankans.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru Stofnlánadeildinni.

**18. gr.**

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

**19. gr.**

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeildinni, og skal stjórn deildarinnar gera aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

**20. gr.**

Stofnlánadeildin er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

**21. gr.**

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar með sama hætti og annarra deilda bankans. Ákveða bankastjórar allar lánveitingar deildarinnar, enda liggja fyrir umsögn landnámsstjórnar og Byggingastofnunar landbúnaðarins hvað byggingar snertir.

**22. gr.**

Þar sem í lögum um Búnaðarbanka Íslands og öðrum lögum eru ákvæði, er varða Ræktunarsjóð Íslands eða Byggingarsjóð sveitabæja, skulu þau ákvæði eftir gildistöku þessara laga eiga við Stofnlánadeild landbúnaðarins, nema í bága fari við þessi lög.

**23. gr.**

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. janúar 1971 til 1. janúar 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37,5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

**24. gr.**

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

## III. KAFLI

## Um stjórn landnámsmála.

## 25. gr.

Landnámsstjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sam-einuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðar-ráðherra skipar formann landnámsstjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Landnámsstjórn ræður framkvæmdastjóra, með samþykki landbúnaðarráðherra, er nefnist landnámsstjóri. Hann skal hafa háskólapróf í búfræði. Stofnun sú, er landnámsstjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins. Landnámsstjórn ræður annað fastráðið starfsfólk. Launakjör skulu ákveðin í kjarasamningum opinberra starfsmanna.

## 26. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um framkvæmdir á vegum landnámsstjórnar. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með framkvæmdum, sem landnámsstjórn hefur ákveðið.

## 27. gr.

Í hverri sýslu skal vera landnámsnefnd skipuð þrem mönnum. Tveir nefndar-manna skulu kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af landnámsstjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kjörtímabil landnámsnefndar er 4 ár.

Nefndin skal vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um framkvæmd þessara laga.

## IV. KAFLI

## Um verksvið Landnáms ríkisins.

## 28. gr.

Verkefni Landnáms ríkisins eru m. a.:

- a. Skipulagning byggðar í sveitum landsins.
- b. Að halda jarðaskrá yfir allar jarðir.
- c. Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum.
- d. Að annast eða fylgjast með:
  1. Ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða.
  2. Félagsræktun.
  3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða.
  4. Stofnun grænifóðurverksmiðja.
  5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt þessum lögum.

## 29. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera uppdrætti af sveitum landsins, þar sem fram komi landamerki einstakra jarða og flokkun lands þeirra eftir notagildi til ræktunar og beitar.

Hann skal gera tillögur um skipulag byggðarinnar og leita umsagnar viðkomandi hreppsnefnda, landnámsnefnda, Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins. Sé þar leitast við að meta afkomuöryggi og framtíðarmöguleika

þeirra jarða, sem fyrir eru í sveitinni, og sveitarfélagsins í heild og þá um leið, hvort ná megi meiri hagkvæmni með samruna jarða, endurbyggingu eyðijarða, stofnun nýbýla eða með því að stuðla að félagsræktun til afnota fyrir fleiri eða færri býli.

## V. KAFLI

### Um byggðahverfi.

#### 30. gr.

Byggðahverfi nefnast í lögum þessum minnst þrjú býli, sem reist eru á landi í eigu ríkisins eða bæjar- og sveitarfélaga.

#### 31. gr.

Byggðahverfi þau, sem þegar hefur verið stofnað til eða stofnuð kunna að verða, skulu falla undir þá skipulagningu, sem 29. gr. gerir ráð fyrir, og fer um framkvæmdir í byggðahverfum svo sem fram er tekið í lögum þessum.

#### 32. gr.

Býli, sem reist kunna að verða í byggðahverfum, skulu leigð, áður en framkvæmdir hefjast. Landnámsstjórn skal samþykkja ábúanda og gefa út byggingabréf, þegar viðkomandi býli er byggingarhæft samkvæmt ábúðarlögum, nr. 36 29. marz 1961.

#### 33. gr.

Bóndi, sem fær ábúð á jörð í byggðahverfi, samkvæmt 32. gr., skal í byrjun gera áætlun um röð framkvæmda í samráði við Landnám ríkisins og Byggingastofnun landbúnaðarins.

#### 34. gr.

Landnámsstjórn er skylt að fylgjast með því, hversu vel jarðir í byggðahverfum eru setnar og hversu lög og reglur eru haldnar. Vanræki ábúandi skyldur sínar, getur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu og landnámsstjórn vikið honum þaðan.

#### 35. gr.

Ef ábúandi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar samkvæmt 34. gr., eða vegna vanefnda á ábúðarlögum, svo að útbyggingu varðar, skal Stofnánadeild landbúnaðarins taka við býlinu og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í það lagt, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

#### 36. gr.

Nú losnar býli í byggðahverfi úr ábúð samkvæmt því, er segir í 35. gr., eða á annan hátt, og skal þá landnámsstjórn taka ákvörðun um, hvort býlið skuli að nýju byggt eða sameinað öðrum býlum í byggðahverfinu.

#### 37. gr.

Heimilt er Landnámi ríkisins að rækta eða láta rækta land, sem það hefur umráð yfir, ef ástæða þykir til að dómi landnámsstjórnar.

## VI. KAFLI

### Um nýbýli utan byggðahverfa.

#### 38. gr.

Nýbýli kallast í lögum þessum hvert það nýtt býli, sem stofnað er til almennrar búvöruframleiðslu, ylræktar, garðræktar eða fiskræktar, eða til smáíðnaðar og þjónustu, sem tengd er landbúnaði.

**39. gr.**

Umsóknir um stofnun nýbýla skulu sendar landnámsstjóra ásamt þeim gögnum, sem krafizt er. Skal þar koma fram, að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi, svo sem við á. Ef um er að ræða býli, sem stofna skal til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miðað við, að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha. Þó er landnámsstjórn heimilt að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma t. d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar. Stofnun býlisins skal og því aðeins heimilud, að þar með sé ekki raskað búrekstraraðstöðu nálæggra jarða að mati landnámsstjórnar. Um landstærð við stofnun nýbýla af öðru tagi, sbr. 38. gr., skal fara eftir reglum, er landnámsstjórn setur. Umsóknnum skulu fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar og landnámsnefndar.

Landnámsstjóri leggur umsóknir fyrir landnámsstjórn.

**40. gr.**

Þegar landnámsstjórn hefur samþykkt stofnun nýbýlis, skal stofnandi gera áætlun um röð framkvæmda, og geta þá nýbýlin notið framlaga og fyrirgreiðslu, eins og nánar er greint í lögum þessum, eftir því sem í framkvæmdum miðar áfram.

Verði vanefndir af hálfu þeirra, er framlaga njóta til nýbýla, svo sem ef mannvirki eða býlin öll eru notuð til starfsemi, sem óskyld er landbúnaði, getur landnámsstjórn krafizt endurgreiðslu á ríkisframlögum með 7% vöxtum frá greiðsludegi.

**41. gr.**

Nýbýli, sem stofnuð eru samkvæmt lögum þessum, sbr. 38. og 39. gr., og byggð úr landi einstaklinga, njóta því aðeins réttinda, að allt land býlanna sé laust úr veðböndum og að stofnendur hafi annaðhvort eignarumráð eða erfðafestu á landinu.

**VII. KAFLI**

**Um ábúð, sameiningu jarða, endurbyggingu eyðijarða og ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði.**

**42. gr.**

Landnámsstjórn lætur árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið og fylgist þannig með ábúð allra lögbýlisjarða. Eigendum eða ábúendum jarða, sbr. skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 36/1961, 1., 2. og 3. gr., ber að láta í té upplýsingar, er landnámsstjórn óskar eftir, varðandi ábúendur og jörðina sjálfa, svo að unnt sé að gera þær athuganir, sem þurfa þykir, áður en jörð er seld eða breytingar verða á ábúð.

Landnámsstjórn setur reglur um öflun gagna, og er ráðunautum, oddvitum og öðrum, sem til er leitað, skylt að gefa upplýsingar.

**43. gr.**

Ef lögbýlisjörð er í eyði tvö ár eða meira, telst hún eyðijörð, enda þótt nágrannar eða aðrir nytji jörðina til slæгна og heitar, nema þeir eigi þar lögheimili.

**44. gr.**

Samþykki landnámsstjórnar þarf til þess, að eyðijörð, sem endurbyggð er, geti notið framlaga og lána samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnnum ber að fullvissa sig um, áður en tekin er afstaða til forkaupsréttar, hvort landnámsstjórn hefur fjallað um málið.

Umsóknir um endurbyggingu eyðijarðar sendist til landnámsstjórnar.

**45. gr.**

Nú losnar jörð úr ábúð, og skal þá landnámsstjórn í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórn meta, hvort hún hafi þau búrekstrarskilyrði, að æskilegt sé, að hún byggist að nýju, eða rétt sé að veita aðstoð í því skyni, að hún verði sameinuð nágrannajörð eða hlutar úr henni sameinaðir nágrannajörðum.

Heimilt er landnámsstjórn að veita sérstök framlög til þess að tryggja ábúð jarða í þeim tilvikum, að hætta sé á, að þær leggist í eyði, enda séu þar framtíðarskilyrði til búrekstrar eða búseta á þeim að öðru leyti þýðingarmikil fyrir byggðina.

Ákvarðanir um það, er að framan greinir, skal taka í samræmi við ákvæði 29. gr.

Landnámsstjórn ber að taka afstöðu til erinda og ábendinga, er grein þessa varða, svo fljótt sem ástæður leyfa og einnig að hafa frumkvæði að því að bjóða þá fyrirgreiðslu, sem heimiluð er í lögum þessum.

**46. gr.**

Heimilt er landnámsstjórn með samþykki landbúnaðarráðherra að kaupa einstakar jarðir eða jarðarhluta, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja ábúð jarða. Þessa heimild skal þó því aðeins nota, að öll stjórnin sé sammála, enda verði gert ráð fyrir, að jarðir séu auglýstar til sölu og ábúðar og seldar aftur einstaklingum eða sveitarfélögum á kostnaðarverði.

**47. gr.**

Áður en landnámsstjórn tekur ákvörðun um fyrirgreiðslu og framlög til viðfangsefna í þessum kafla, skal landnámsstjóri leggja fyrir stjórnina tillögur um, í hvaða formi aðstoð skuli veitt í hverju tilvikinu, að svo miklu leyti sem ekki er tekið fram í þessum lögum, enda hafi viðkomandi aðilar veitt allar upplýsingar, er landnámsstjóri hefur óskað eftir.

**48. gr.**

Þegar Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu eða frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt þessum lögum.

**VIII. KAFLI****Um félagsbúskap og félagsræktun.****49. gr.**

Nú stofna tveir eða fleiri bændur til félagsbúskapar á eignar- eða ábýlisjörð, einni eða fleiri. Njóta þeir þá sömu réttinda og um nýbýli sé að ræða, samkv. VI. kafla laga þessara, enda hafi þeir búskap að aðalatvinnu og umráð á landi, sem landnámsstjóri metur að við hæfi sé fyrir félagsbúið. Aðilar skulu gera með sér samning, og eftir að landnámsstjórn hefur viðurkennt hann, skal samningnum þinglýst.

**50. gr.**

Nú stofna nokkrir bændur til félagsræktunar, eða samtök þeirra, og nýtur þá ræktunin sama stuðnings og ræktun á einstökum jörðum, sbr. 61. gr. tölulíð 4. Í samningi um félagsræktun skulu vera skýr ákvæði um afnotarétt lands og ræktunar, eignarrétt eða leiguskiðmála, og skiptingu kostnaðar. Landnámsstjórn setur nánari reglur um efni það, sem um ræðir í þessum kafla.

## IX. KAFLI

## Um endurræktun og ræktun einærra fódurjurtu.

## 51. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til endurræktunar á eldri túnnum eða nýræktun, þar sem nytjagrös hafa eyðzt af völdum kals eða af öðrum orsökum. Bændur skulu jafnan hafa samráð við héraðsráðunauta eða Landnám ríkisins, ef vafi getur leikið á um endurræktun. Sérstaklega ber að athuga, hvort framræsla er ófullnægjandi, enda fari þá fram endurræsla landsins, áður en endurvinnsla er gerð.

## 52. gr.

Landnám ríkisins veitir á árunum 1972—1976 framlög til ræktunar á einærum fódurjurtum, svo sem nánar er greint í XI. kafla, um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

Til þess að einær ræktun geti notið framlags, ber ráðunaut að fullvissa sig um, að viðunandi árangur hafi náðst, áður en úttekt fer fram.

## X. KAFLI

## Um varmaveitu á sveitabýlum, notkun jarðhita til heypurrkunar, grænfóðurverksmiðjur o. fl.

## 53. gr.

Landnámsstjórn er heimilt að veita framlag til varmaveitu á sveitabæjum, enda bendi undirbúningsrannsóknir og kostnaðaráætlun til, að fjárfesting í þessu skyni sé hagkvæm. Eigi skal þó veita framlög til býla, sem hafa aðstöðu til að tengjast varmaveitum í þéttbýli með sömu kjörum og aðrir innan viðkomandi svæðis.

## 54. gr.

Heimilt er að veita framlög til sveitabýla til að hagnýta jarðvarma til heypurrkunar, hvort sem er úr eigin orkulindum eða samveitum. Landnámsstjórn ákveður í hverju tilviki upphæð framlaga innan þeirra marka, er löggin heimila.

## 55. gr.

Landnámsstjórn skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

Áætlun þessi skal lögð fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun um stofnun og staðarval, svo og um skipun stjórnar. Hver verksmiðja, sem stofnuð er á vegum Landnáms ríkisins, skal hafa þriggja manna stjórn. Tveir skulu vera úr heimabyggð, en landnámsstjóri eða fulltrúi hans þriðji maður og sé hann formaður.

## 56. gr.

Eftir að ákveðið er að koma upp grænfóðurverksmiðju samkvæmt 55. gr., lætur landnámsstjóri gera framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og leggur þær fyrir landnámsstjórn.

Landnámsstjóri hefur umsjón með framkvæmdum.

## 57. gr.

Þegar grænfóðurverksmiðja er fullgerð og tilbúin að hefja vinnslu, tekur viðkomandi stjórn við verksmiðjunni, ræður starfsfólk og hefur umsjón með rekstr-



inum. Skrifstofa Landnáms ríkisins aðstoðar við bókhald og annast uppgjör reikninga.

#### 58. gr.

Hver grænfóðurverksmiðja skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og að því stefnt, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal afskriftum og vöxtum af fjármagnskostnaði, og að framleiðslan verði samkeppnisfær um verð og gæði miðað við annað fóður.

#### 59. gr.

Heimilt er, eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að greiða stofnframlög til grænfóðurverksmiðja, sem byggðar eru af félagssamtökum bænda, enda falli slíkar verksmiðjur undir ákvæði 1. málsg. 55. gr.

#### 60. gr.

Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.

### XI. KAFLI

#### Um fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins og ríkisframlög.

#### 61. gr.

Landnám ríkisins veitir framlög til framkvæmda, sem taldar eru í þessari grein:

1. Til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbylisljörðum utan þéttbýlis, smábýla, garðyrkjubýla og enn fremur til endurbygginga á eldri íbúðarhúsum.

Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00 og 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss, þó aldrei yfir kr. 120 000.00.

2. Til sameiningar jarða, endurbyggingar eyðijarða og til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði, eru veitt framlög eftir nánari ákvörðun landnámsstjórnar.
3. Til byggingar á gróðurhúsum á garðyrkjubýlum allt að kr. 120.00 á fermetra í gróðurhúsum og enn fremur til endurnýjunar á gróðurhúsum, sem eru eldri en 15 ára.
4. Til nýræktar á jörðum í formlegri ábúð skv. ábúðarlögum, nr. 36/1961, og lögum nr. 102/1962, endurræktunar á túnnum og til grænfóðurræktar.

Á hvern hektara er heimilt að greiða allt að kr. 3000.00. Til endurræktunar á túnnum, vegna kals eða annarra skemmda, skal þó eigi veita framlag á sama land með styttra millibili en þrem árum.

5. Til varmaveitu á sveitabæjum og til heypurrkunar eftir ákvörðun landnámsstjórnar.
6. Til grænfóðurverksmiðja, svo sem fé er veitt í fjárlögum til Landnámsins í þessu skyni.

#### 62. gr.

Til þeirra viðfangsefna, sem talin eru í 61. gr., svo og rekstrarkostnaðar Landnáms ríkisins skal veita fé á fjárlögum. Landnámsstjórn skal gera áætlun um framlög þessi. Á árinu 1972 leggur ríkissjóður fram eigi minni fjárhæð en 53.3 milljónir króna, þar af ekki minna en 7.5 milljónir króna til grænfóðurverksmiðja.

Heimilt er landnámsstjóra, í samráði við landbúnaðarráðherra, að flytja upphæðir á milli liða, eftir verkefnum.

## XII. KAFLI

## Um Byggingastofnun landbúnaðarins.

## 63. gr.

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

## 64. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðgjafanefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.

## 65. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með búaðknimenntun.

## 66. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðinga til rannsókna, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Kostnaður við byggingarannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

## 67. gr.

Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru:

- a. Að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykki uppdrætti.
- b. Að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra.
- c. Að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita.
- d. Að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsaerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa.
- e. Að vinna í samráði við Landnám ríkisins að skipulagi skv. 28. grein.
- f. Að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu.
- g. Að setja byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við viðkomandi sýslunefndir, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945.

## 68. gr.

Byggingastofnun landbúnaðarins skal heimilt að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi, með samþykki stjórnar Stofnlánadeildar.

Það fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, skal renna í sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð gripahúsa og fyrirkomulag þeirra.

Sjóður þessi skal vera undir stjórn Búnaðarbanka Íslands, en styrkveitingar séu háðar samþykki forstöðumanns Byggingastofnunarinnar.

## 69. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, og skal hann vera arkitekt eða með hliðstæða menntun. Hann skal annast stjórn stofnunarinnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og landnámsstjórn.

Forstöðumaður ræður aðstoðarmenn að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

## 70. gr.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

## XIII. KAFLI

## Um viðhaldsskyldu o. fl.

## 71. gr.

Landnámsstjórn skal halda spjaldskrá yfir öll býli, er njóta framlaga samkvæmt lögum þessum, þar sem tilgreindar eru sem nákvæmastar upplýsingar um hvert býli, svo sem um óafturkræf framlög, lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og annað, er máli skiptir.

Þá ber landnámsstjórn að gera yfirlitsskýrslu, eftir því sem ástæða er til og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

## 72. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnlánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Byggingafulltrúar skulu fylgjast með viðhaldi bygginga, eftir því sem við verður komið, og tilkynna stjórn deildarinnar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Getur þá stjórnin gert viðeigandi ráðstafanir.

## XIV. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 73. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga.

## 74. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

## 75. gr.

Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga Landnáms ríkisins. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

## 76. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er Landnámi ríkisins að greiða á árinu 1972 framlög samkvæmt lögum þessum vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971.

## 77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, lög nr. 48 16. apríl 1963, lög nr. 31 25. apríl 1964, lög nr. 44 2. maí 1968, lög nr. 65 12. maí 1970 og lög nr. 104 28. des. 1970, um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

## um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum.

Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í punkt, sem er hnit X 24.055, Y 10.625 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
2. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 23.955, Y 10.965 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
3. Þaðan bein lína í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lakkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
5. Þaðan lína í punkt, sem er hnit X 21.570, Y 10.440 í hnitkerfi Reykjavíkur frá 1951.
6. Þaðan bein lína í vörðu í Stórákrók.
7. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika.
8. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi.
9. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar.
10. Eftir stíflugarðinum yfir tjörnina.
11. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni.
12. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn.
13. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar.
14. Þaðan í Lækjarbotna.
15. Þá í Gráhellu.
16. Þaðan í miðjan Ketshelli.
17. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandatorfur).
18. Þaðan bein lína í Markkraka.
19. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi.
20. Þaðan bein lína í Markhelluhól.
21. Þaðan í Hraunkrossstapa.
22. Þá í Miðkrossstapa.
23. Þá í Hólbrunnshæð.
24. Þá í Stóra-Grænhól.
25. Þá í Skógarhól.
26. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 46 frá 23. maí 1964.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

### um náttúruvernd.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### Hlutverk náttúruverndar.

**1. gr.**

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir fönngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

#### Stjórn náttúruverndarmála.

**2. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

**3. gr.**

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og kýs þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

## 4. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

- 1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
- 2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök.
- 3) Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
- 4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
- 5) Náttúruverndarráð.
- 6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnaneftndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.
- 7) Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.

## 5. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingskóp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

## 6. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kys Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varanmenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

## 7. gr.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

Ráðið skal hafa náð samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

## 8. gr.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

### Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

#### 9. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

#### 10. gr.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

### Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

#### 11. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.

Sé land girt, þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

#### 12. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

#### 13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á viðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óþrýði, svo og að bera rusl eða sörp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

#### 14. gr.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng-, eða hrisrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

**15. gr.**

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess, er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

**16. gr.**

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvilika staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

**17. gr.**

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkjum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

**18. gr.**

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

**19. gr.**

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.

Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

**20. gr.**

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi rétttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.



## 21. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumar-  
bústaði án leyfis sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar  
héraðsins.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til bygg-  
ingar sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan  
gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og  
einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um helgar.

Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda  
um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

## Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

## 22. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa,  
eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steinteg-  
unda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða  
þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru  
samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess  
að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrir-  
mælum Náttúruverndarráðs.

## 23. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúru-  
fræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðun getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrlegu umhverfi, að  
hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur  
Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum,  
enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

## 24. gr.

Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars  
eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði frið-  
lönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins.  
Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu  
leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almenninga  
og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar  
aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngu-  
stíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því  
leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu,  
ef ástæður eru fyrir hendi.

## 25. gr.

Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvili söguleg  
helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa al-

menningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umfang almennings.

Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.

#### 26. gr.

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunnir að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir.

Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallizt, skal það tilkynnt í Lögbirtinga- blaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa borizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.

Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917.

Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd, er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

#### 27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengizt fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjó- baða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opn-

um til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

### Framkvæmd friðlýsingar.

#### 28. gr.

Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvangna. Skal ráðið semja skrá um slíkar minjar og slík lönd.

Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

#### 29. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun loftsaða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

#### 30. gr.

Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra réttihafa eða sveitarfélags þess, er hlutur á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum réttihöfum, er friðlýsingin snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

#### 31. gr.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

#### 32. gr.

Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.

#### 33. gr.

Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkvæmt 32. gr. um friðlýsingar og friðunarákveði birtir menntamálaráðuneytið þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

**Ýmis ákvæði.**

## 34. gr.

Um sölu jarða, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá samkv. 28. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, en þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

## 35. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

## 36. gr.

Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61 1917.

## 37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögætt.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

## 38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956.

Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

**L Ö G****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni  
Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sigurjóni Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Grenimel 10, Reykjavík, hluta, nánar tiltekið 0.53 ha. skv. meðfylgjandi uppdrætti, úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. Verð jarðarhlutans fer eftir samkomulagi, en að öðrum kosti skal það ákveðið að mati tveggja dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

30. apríl 1971.

125

Nr. 49.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 30. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 90/1969:

### 1. gr.

54. gr. I. orðist svo:

#### I. Kandídatpróf.

Að loknu B.A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir kandídatpróf (cand. mag. próf) í grein, sem hann hefur lokið í þremur stigum.

Námsefni skal vera átta námsþættir, sem stúdent velur í samráði við kennara sína. Um lengd námsþátta skal farið eftir ákvörðun heimspekideildar. Aðalritgerðar efni velur stúdent í samráði við prófessora sína. Ritgerð skal samsvara tveimur námsþáttum.

Kandídatpróf skal fara fram í áföngum samkvæmt samþykkt heimspekideildar. Próf skulu vera munnleg og/eða skrifleg eftir ákvörðun hlutaðeigandi prófessors. Heimilt er, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka komi í stað prófs í námsþætti. Kandídatsefni skal hafa lokið kandídatsprófi eigi síðar en fjórum árum eftir upphaf áfangaprófs. Frá þessu er heimspekideild heimilt að veita undanþágu. Aðalritgerð skal skilað eigi síðar en mánuði fyrir upphaf lokaáfangaprófs.

Einkunnir eru 6 alls: meðaleinkunn úr B.A.-prófi, tvöföld einkunn fyrir aðalritgerð og þreföld einkunn fyrir áfangapróf.

#### a) Kandídatpróf í íslenzku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í íslenzku, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzku. Kandídatsefni velur sér aðalgrein, málfræði og sögu íslenzkrar tungu eða íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu.

Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í öðrum norrænum málum og bókmenntum, svo og öðrum germönskum málum og bókmenntum.

Stúdent velur sér sex þætti annað hvort úr málfræði eða bókmenntum. Einn þáttur skal vera í inngangs- og/eða aðferðarfræðum valgreinarinnar. Þó má stúdent velja 4 þætti úr aðalgreinum, en tvo úr einhverjum öðrum greinum í samráði við prófessora aðalgreinar.

Heimspekideild ákveður, hverjir skuli vera námsþættir í íslenzku.

**b) Kandídatspróf í sagnfræði.**

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í sagnfræði, getur lesið til cand. mag.-prófs í þeirri grein. Kandídatsefni velur sér ritgerðargrein úr sögu Íslands eða almenna sögu.

Í ritgerðargrein velur kandiátsefni sér í samráði við prófessora eigi minna en fjóra námsþætti. Tvo þætti getur kandiátinn valið sér úr sömu grein utan skipulagðs námsefnis eða öðrum greinum í samráði við prófessora. Heimilt er, að allir þættir séu úr einni og sömu grein, þ. e. hinu skipulagða námsefni ritgerðargreinar. Einn þáttur sé í inngangs- og/eða aðferðarfræðum ritgerðargreinar.

Heimspékideild ákveður, hverjir vera skuli námsþættir í sagnfræði.

**c) Kandídatspróf í ensku.**

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf og lokið þremur stigum í ensku, getur lesið til cand. mag.-prófs í ensku. Kandídatsefni velur sér ritgerðargrein úr málfræði og sögu enskrar tungu (þar með fornenskum bókmenntum) eða enskum bókmenntum eftir 1500.

Stúdent velur sér sex þætti úr málfræði og bókmenntum, og skulu fjórir þeirra vera úr ritgerðargrein, en tveir úr hliðargrein.

Heimspékideild ákveður, hverjir skuli vera námsþættir í ensku.

Kandiátsefni skal sýna hagnýtt vald á ensku máli í ræðu og riti, og stenz hann því aðeins prófið, að hann hafi fullnægt lágmarkskröfum með tilliti til þess.

**2. gr.**

Fimm síðustu málsgreinar 54. gr. orðist svo:

Meistarapróf skal vera í áföngum og skal hvor (hver) prófgrein vera sérstakur áfangi. Til að standast prófið skal stúdent hljóta tilskilda lágmarksmeðaleinkunn samkv. 68. gr. í hvoru (hverju) áfangaprófi. Síðari (síðasti) áfanginn skal ætíð vera próf í kjörsviðsgrein.

Stúdent skal hafa lokið síðara (síðasta) áfangaprófi eigi síðar en á áttunda misseri, talið frá og með því misseri, er hann gengur undir fyrra (fyrsta) áfangaprófið. Ef út af bregður, falla fyrri áfangapróf úr gildi.

Stúdent er heimilt að ljúka öðrum prófum en prófi í kjörsviðsgrein (aðalgrein), áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

Nánari reglur um námsefni til cand. mag.- og mag. art.-prófa setja prófessorarnir í hlutaðeigandi greinum.

**3. gr.**

Um próf tekin eftir 1. janúar 1971 fer samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerðarbreytingar frá 2. febrúar 1971.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. apríl 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1971

---

16. apríl 1971.

127

Nr. 50.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðsskaga og þaðan beint í Malarrif).

Sé veitt leyfi til dragnótaveiði fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóv. eða skemmri tíma.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

3. maí 1971.

Nr. 51.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag í opinbera heimsókn til Noregs og Svíþjóðar.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 3. maí 1971.*

**Jóhann Hafstein.**

*Guðmundur Benediktsson.*



## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 8. maí 1971.*

**Jóhann Hafstein.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 53.

21. maí 1971.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á 6 skuttogurum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta lögum nr. 40 11. maí 1970 um kaup á sex skuttogurum vegna samninga, er nú hafa tekizt við Slippstöðina h.f. á Akureyri um smíði tveggja skuttogara. Verður Útgerðarfélag Akureyringa kaupandi að fyrri togaranum og einnig þeim seinni, fáist ekki annar kaupandi. Þegar hafa verið gerðir samningar um smíði sex skuttogara samkvæmt fyrrgreindum lögum, þ. e. a. s. tveir skuttogarar verða smíðaðir í Póllandi og fjórir skuttogarar verða smíðaðir á Spáni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðsins „sex“ í fyrirsögn og 1. mgr. 1. gr. laganna komi orðið: átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 21. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1971

6. apríl 1971.

129

Nr. 54.

## L Ö G

### um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Setja skal á stofn Innheimtustofnun sveitarfélaga. Stofnunin skal vera sameign. allra sveitarfélaga landsins. Lögheimili Innheimtustofnunarinnar er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga skal skipuð þremur mönnum. Skal einn skipaður af félagsmálaráðherra, en tveir kosnir af fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Tryggingastofnun ríkisins skal tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra hennar, svo og annað fast starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

Launakjör starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

#### 3. gr.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtufé, eftir því sem það innheimtist, sbr. 1. mgr. 4. gr., en fullnaðarskil skal Innheimtustofnunin hafa gert við Tryggingastofnun ríkisins fyrir 1. október næsta ár, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

#### 4. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það, sem á vantar, að tekjur hennar nægi til endurgreiðslna til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar.

Skal Innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 1. október ár hvert, miðað við reikningskil í lok undanfarandi árs.

### 5. gr.

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsaðir ekki meðlag á réttum tíma samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

- 1) Krafíð kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkn-ingar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálfis mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlags-skuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 2) Krafízt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 3) Krafízt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.
- 4) Krafízt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
- 5) Krafízt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kærðu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

### 6. gr.

Reikningsár Innheimtustofnunarinnar er almanaksárið.

Reikningar skulu fullgerðir fyrir 31. marz ár hvert, og skal endurskoðun þeirra lokið eigi síðar en 30. júní.

Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara til fjögurra ára, og skulu þeir láta sérstaka endurskoðunarskýrslu fylgja áritun sinni á reikninga stofnunarinnar.

Endurskoðaða reikninga skal senda stjórn og fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytinu.

Ársreikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 7. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Einnig skal setja sérstaka reglugerð um rekstur vinnuhælis og vistun á það, sbr. 6. gr. 4. tl.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og ná til allra meðlagsgreiðslna, sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi frá og með þeim degi. Jafnframt falla úr gildi 2. mgr. 55. gr., 56. gr. og 57. gr. framfærslulaga, nr. 80 frá 5. júní 1947, og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57 frá 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

15. apríl 1971.

Nr. 55.

## L Ö G

### um fiskvinnsluskóla.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Markmið skólans.

#### 1. gr.

Meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnu sjávarafila.

Í lögum þessum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk og auk þess krabbadýr og skeldýr.

#### 2. gr.

Skólinn skal útskrifa fiskiðnaðarmenn, fiskvinnslumeistara og fisktækna, sbr.

#### 10. gr.

Kennsla skólans skal miða að því, að:

1. fiskiðnaðarmenn hafi öðlast nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla;
2. fiskvinnslumeistarar verði, auk þess sem um getur í 1. tölulið, færir um að taka að sér eftirlitsstörf, verkþjálfun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun;
3. fisktæknar verði, auk þess sem um getur í 1. og 2. tölulið, færir um að annast tiltekin rannsókn- og skipulagsstörf, sbr. 4. gr.

**3. gr.**

Skólinn skal starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og miði þau einkum að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðjuvera, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins, eftir því sem við verður komið.

Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.

**4. gr.**

Heimilt er að stofna til framhaldsdeilda við skólann, er m. a. veiti viðbótarkennslu í sérgreinum fiskiðnaðarins, svo sem niðursuðu, síldar- og fiskmjölsframleiðslu o. s. frv., fyrir fiskvinnslumeistara og aðra starfandi menn í fiskiðnaðinum, sem fullnægja inntökuskilyrðum, er nánar verði kveðið á um í reglugerð.

Viðbótarnámi þessu er ætlað að tryggja aukna sérhæfingu og skal reynt að haga náminu svo, að það auðveldi nemendum aðgang að frekara námi í háskóla.

**II. KAFLI****Stjórnun, húsnæði og kostnaður.****5. gr.**

Skólinn skal vera sérstök stofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

**6. gr.**

Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en hinn þriðji skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

**7. gr.**

Við skólann skal starfa skólanefnd, skipuð af ráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Í nefndina skulu skipaðir þrír menn og jafnmargir til vara, svo sem hér segir:

1. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
2. Annar nefndarmaður skal vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins og tilnefndur af Fiskimálaráði.
3. Þriðji nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

## 8. gr.

Stefnt skal að því, að skólinn geti sem fyrst fengið eigið húsnæði til starfsemi sinnar, og skal þar vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu, svo og heimavist.

## 9. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans skal greiddur úr ríkissjóði og kennsla veitt ókeypis.

## III. KAFLI

## Nám, próf, inntökuskilyrði, námsefni.

## 10. gr.

Námi í skólanum skal skipt í þrjár deildir, auk framhaldsdeildar, sem heimilt verði að starfrækja, sbr. 4. gr. Heildarnámstími í hverri deild skal vera sem næst 11 mánuðir, og skiptist námið í skólanám, bóklegt og verklegt, og verklega þjálfun, sem skólinn skipuleggur á vinnustöðum. Deildirnar eru þessar:

1. undirbúningsdeild;
2. fiskiðndeild;
3. meistaradeild;
4. framhaldsdeild.

Af námstímanum skal um 60% varið til skólanáms að jafnaði í undirbúningsdeild og fiskiðndeild, en afganginum til verklegrar þjálfunar. Í fisktæknideild og framhaldsdeild skal sem næst 80% tímans varið til skólanáms, en um 20% til verklegrar þjálfunar. Nánar skal kveðið á um skiptingu námstímans í reglugerð.

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðizt próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lyktar með prófi eða sérstöku verkefni, sbr. 11. gr.

Úr meistaradeild útskrifast fiskvinnslumeistarar. Starfsréttindi þeirra skulu háð því, að þeir hafi hlotið a. m. k. tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á viðeigandi vinnustað að loknu námi í fiskiðndeild.

Heimilt er að veita nemendum, sem útskrifast úr framhaldsdeild, titilinn fisktæknir, enda hafi þeir áður öðlzt starfsréttindi sem fiskiðnaðarmenn.

## 11. gr.

Próf skulu haldin í lok allra bóknámsáfanga og í lok 11 mánaða starfsþjálfunaráfanga að loknu námi í fiskiðndeild. Jafnan skal ákveðins námsárangurs krafizt, til þess að nemandi teljist hafa lokið námi hvernar deildar eða öðlzt rétt til að hefja nám í næstu deild.

Nánari ákvæði um próf og einkunnagjöf skulu sett í reglugerð.

## 12. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

1. Til að hefja nám í undirbúningsdeild skal nemandi hafa staðizt gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla ellegar aflag sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegrar menntunar.

Innan takmarka, sem skólanefnd setur, skal skólastjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu inntökuskilyrði. Skal þessi heimild einkum notuð til að veita fólki, sem starfað hefur í fiskiðnaði, rétt til skólavistar.

2. Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði

15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
3. Til að hefja nám í meistaraeild skal nemandi hafa lokið fiskiðndeild.
  4. Um nám í framhaldsdeild fer eftir ákvæðum 4. gr.

### 13. gr.

Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera: fiskvinnslufræði, vél- og teiknifræði, vinnuhagræðing, framleiðslufræði og verkstjórn, gæðæftirlit og tölfræði, markaðsfræði, rekstrarbókhald, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, haflíffræði, efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og hreinlæti, eðlisfræði, stærðfræði, íslenzka, svo og rannsóknastofustörf, m. a. í efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og eðlisfræði.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef skólanefnd telur ástæðu til.

### 14. gr.

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrabræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

### 14. gr.

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, flatning, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrabræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

### 15. gr.

Verði stofnað til eins árs matvælakjörsviðs í framhaldsdeildum, er taka við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla, skulu nemendur, sem staðizt hafa próf á því kjörsviði, öðlast rétt til inngöngu í fiskiðndeild, sbr. 12. gr., 2. tölulið, samkvæmt nánari ákvörðun, er sett verði í reglugerð. Við útskrift úr fiskiðndeild skal þess gætt, að þessir nemendur hafi fullnægt námsskrá skólans varðandi verklega þjálfun.

### 16. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett í reglugerð.

## IV. KAFLI

### Gildistaka laganna.

### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, svo sem hér greinir:

1. Innan tveggja mánaða frá setningu laganna skal staða skólastjóra auglýst.
2. Skólanefnd skal skipuð á sama tíma og staða skólastjóra er auglýst, og skal nefndin síðan láta ráðuneytinu í té umsögn um þær umsóknir, er berast um starf skólastjóra.
3. Staða skólastjóra skal veitt innan fjögurra mánaða frá setningu laganna.
4. Heimilt verði að ráða a. m. k. einn kennara að skólanum til undirbúningsstarfa um svipað leyti og staða skólastjóra er veitt.

5. Skólastjóri skal fá eitt ár til að undirbúa stofnun og starfrækslu skólans í samráði við skólanefnd. Sama gildir um kennara, ef ráðnir verða. Auk almenns undirbúnings skal skólastjóri hafa umsjón með skipulagningu námskeiða, sbr. 3. gr., og verklegrar þjálfunar, sbr. 10. gr.
6. Bókleg kennsla í skólanum skal hafin að loknu undirbúningsári skólastjóra.

*Gjört í Reykjavík 15. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## L Ö G

### um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks.

##### 2. gr.

Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokki samkvæmt lögum þessum.

##### 3. gr.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, er hefur komið á fót landssamtökum.

##### 4. gr.

Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ. e. 1. febr., 1. maí o. s. frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ. e. 1. jan., 1. apríl o. s. frv.

Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

##### 5. gr.

Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokki.

##### 6. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokka.



## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Á þessu ári skal varið 3.4 millj. kr. til aðstoðar við þingflokka samkvæmt lögum þessum.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður nýtur launa samkvæmt launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist  $\frac{1}{2}$  hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðist frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

## 2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþingismaður og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaups aðeins fá greidda  $\frac{1}{10}$  hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta  $\frac{3}{5}$  árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Hafstein.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

18. apríl 1971.

Nr. 59.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2% af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## AUGLÝSING

um vegáætlun fyrir 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972.

Alþingi hefur 5. apríl 1971 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 23 16. apríl 1970, að árin 1971—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

### I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1971	1972
1.1. Benzíngjaldi .....	613.1	661.8
1.2. Þungaskatti .....	197.7	206.4
1.3. Gúmmígjaldi .....	44.0	47.3
1.4. Ríkisframlag .....	47.0	47.0
	Brúttó tekjur	901.8
		962.5
<b>Endurgreiðslur af:</b>		
1.1.1. Benzíngjaldi .....	14.0	19.4
1.2.1. Þungaskatti .....	4.0	
	Nettó tekjur	883.8
		943.1

### II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

2.1. Stjórn og undirbúningur:	1971	1972
1. Launagreiðslur .....	24.6	29.3
2. Eftirlaunagreiðslur .....	2.5	3.1
3. Skrifstofukostnaður .....	7.0	7.2
4. Verkfræðilegur undirbúningur .....	4.8	4.8
5. Umferðartalning og eftirlit .....	2.3	2.3
	41.2	46.7
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Viðhaldskostnaður þjóðvega .....	250.0	250.0
2. Vegmerkingar .....	1.8	1.8
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	9.6	10.6
	261.4	262.4
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Hraðbrautir .....	162.1	195.5
2. Þjóðbrautir .....	79.3	73.5
3. Landsbrautir .....	97.6	61.8
4. Til girðinga og uppgræðslu .....	4.7	4.7
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	11.1	13.1
6. Til rannsókna á Skeiðarársandi .....	1.3	1.4
7. Til rannsókna í Hvalfirði og Borgarfirði .....	2.9	
8. Til nýrra framkvæmda í 2.3.2. og 2.3.3. ....		32.8
	359.0	382.8



2. Til þjóðbrauta:	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
1. Grindavíkurvegur (A 5):			
1. Gíghæð—Svartengi .....	—	500	—
2. Ofan Grindavíkur .....	660	—	—
2a Ofan Grindavíkur .....	300	—	1460
2. Garðskagavegur (A 7):			
1. Keflavík—Garður .....	470	—	—
1a Um Garð .....	1100	—	1570
3. Vesturlandsvegur (B 1):			
1. Um Hraunsnef .....	—	1200	—
3. Um Tunguá .....	—	290	—
4. Um Haukadalsá .....	2630	—	—
4a Um Haukadalsá .....	400	—	—
6. Fellsendi—Nesoddi .....	820	1100	—
6a Fellsendi—Nesoddi .....	350	—	—
8. Um Neðri-Brunná .....	—	1080	—
12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir ...	1760	1500	11130
4. Stykkishólmsvegur (B 26):			
1. Um Borg á Mýrum .....	2230	—	—
1a Um Borg á Mýrum .....	200	—	—
2. Um Grundarlæk .....	530	—	—
3. Skjál—Kolbeinsstaðir .....	110	1600	—
4a Um Síkisá .....	800	—	5470
5. Ólafsvíkurvegur (B 36):			
1. Rif—Enni .....	560	800	—
2a Fróðárheiði .....	900	—	2260
7. Vestfjarðavegur (C 1):			
1. Sunnan Þingmannaheiðar .....	710	600	—
1a Sunnan Þingmannaheiðar .....	360	—	—
1b Sunnan Þingmannaheiðar .....	470	430	—
2. Gemlufallsheiði .....	760	650	—
2a Gemlufallsheiði .....	1320	—	—
2b Gemlufallsheiði .....	340	300	—
3. Breiðadalsheiði .....	1650	1000	—
3a Breiðadalsheiði .....	270	250	—
4. Um Tunguá í Skutulfirði .....	—	480	9590
8. Barðastrandarvegur (C 7):			
1. Kleifaheiði .....	1930	2030	—
2. Í Vatnsfirði .....	—	1000	—
2a Í Vatnsfirði .....	200	—	5160
9. Strandavegur (C 28):			
3. Húsavíkurkleif—Hrófártún .....	—	2200	—
4. Hrófártún—Víðidalsá .....	2110	—	—
5a Um Gvendarflóa .....	1400	—	5710
10. Sauðárkróksbraut (D 23):			
1. Um Grófargil .....	—	1680	—
2. Um Staðará .....	—	1790	3470

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
11. Siglufjarðarvegur (D 33):			
1a Hegranes—Höfði .....	450	—	—
3. Um Haganesvík .....	1520	—	—
4. Ketilás—Lambanesás .....	2350	—	—
5. Um Lambanesá .....	1880	—	—
6a Hurðir í jarðgöng .....	1000	—	7200
12. Norðurlandsvegur (E 1):			
1. Um Norðurá í Heiðarsporði .....	—	1170	—
5. Um Sporðshús .....	530	4000	—
7. Um Langadal .....	2350	4000	—
11. Um Úlfsstaðagil .....	—	930	—
12a Á Öxnadalshéiði .....	450	—	—
13a Lagfæringar .....	210	—	—
13b Til rannsóknna í Eyjafirði og Vaðlaheiði ...	800	—	—
14. Kárhóll—Reykjadalsá .....	1770	—	—
14a Kárhóll—Reykjadalsá .....	350	—	—
15a Stangarvegur—Helluvað .....	350	—	16910
13. Ólafsfjarðarvegur (E 2):			
1. Reistará—Hagaás .....	2040	1260	—
2. Brimnesá—Karlsá .....	1180	2500	—
3. Um Ólafsfjarðarmúla .....	2600	—	—
4. Um Lágheiði .....	—	1000	10580
14. Kinnarvegur (E 21):			
1. Halldórsstaðir—Fellssel .....	1590	—	—
2. Um Ófeigsstaði .....	350	800	—
3. Um Húsabakka .....	1400	—	4140
15. Þingeyjarsýslubraut (E 25):			
1. Norðan Vestmannsvatns .....	—	4000	—
6. Um Köldukvísl .....	1410	—	—
8. Lindarbrekka—Hóll .....	1060	—	—
8a Kelduhverfi—Raufarhöfn .....	770	—	—
9. Kópasker—Klifshagi .....	590	1500	—
12. Kollavík—Sævarland .....	—	9440	—
12a Kollavík—Sævarland .....	100	—	—
13. Um Svalbarð .....	2460	—	21330
16. Austurlandsvegur (F 1):			
2. Á Jökuldal .....	—	900	—
4. Í Skriðdal .....	—	2500	—
4a Í Skriðdal .....	600	—	—
5. Í Breiðdal .....	—	1560	—
6. Ós—Starmýri .....	4820	5000	—
7a Í Lóni .....	300	—	15680
17. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):			
1. Í Bakkafirði .....	—	900	—
1a Í Bakkafirði .....	300	—	—
2. Í Vopnafirði .....	690	1380	—
4. Í Hlíð .....	1760	—	5030

		Fjárhæðir í þús. kr.			
		1971	1972	Samt.	
18.	Norðfjarðarvegur (F 26):				
	1. Egilsstaðir—Eskifjörður .....	2230	1800	—	
	2. Um Oddskarð .....	2940	2450	9420	
19.	Suðurfjarðavegur (F 31):				
	2. Í Stöðvarfirði .....	1880	—	1880	
20.	Suðurlandsvegur (G 1):				
	2. Við Steinslæk .....	—	1460	—	
	3. Þverá—Eyland .....	—	1300	—	
	6. Holtsá—Þorvaldseyri .....	760	1070	—	
	7. Við Svaðbælisá .....	500	—	—	
	8. Við Bakkakotsá .....	260	—	—	
	9. Við Kaldaklifsá .....	2100	—	—	
	10. Í Mýrdal .....	580	—	—	
	10a Í Mýrdal .....	600	—	8630	
21.	Þingvallavegur (G 3):				
	1. Í Þjóðgarði .....	400	—	400	
22.	Biskupstungnabraut (G 9):				
	1. Við Kerid .....	2950	—	—	
	1a Undir Ingólfsfjalli .....	100	—	—	
	3. Við Minni-Borg .....	—	550	3600	
23.	Skeiðavegur (G 23):				
	1. Laugarás—Biskupstungnabraut .....	—	1000	—	
	2. Suðurlandsv. — vegam. v. Reyki .....	620	540	2160	
		<b>Fært á 2.3.2.</b>	<b>79290</b>	<b>73490</b>	<b>152780</b>

		Fjárhæðir í þús. kr.		
		1971	1972	Samt.
3.	Til landsbrauta:			
	1. Nesvegur (A 6):			
	1. Flugvöllur—Reykjanesv. ....	2280	910	—
	2. Við Grindavík .....	—	900	4090
	3. Kjósarskarðsvegur (A 15):			
	1. Vesturlandsvegur—Laxá .....	350	—	350
	4. Dragavegur (B 2):			
	2. Um Geldingadraga .....	—	1450	—
	2a Um Geldingadraga .....	800	—	2250
	9. Skorradalsvegur (B 9) .....	1060	—	1060
10.	Borgarfjarðarbraut (B 11):			
	1. Um Norðurá hjá Haugum .....	2690	—	—
	2. Hjá Síðumúlaveggjum .....	—	950	3640
11a	Flókadalsvegur (Brúsholt—Skógar) (B 14) ....	170	—	170
12.	Hálsasveitarvegur (B 17):			
	2. Hringgil—Húsafell .....	1180	—	—
	2a Hringgil—Húsafell .....	700	—	1880
13.	Hvítársíðuvegur (B 18):			
	1. Um Kalmanstungu .....	—	500	—
	3. Kinnargil .....	—	300	—
	4. Um Þorgautsstaði .....	—	450	1250

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
14. Þverárhliðarvegur (B 19):			
1. Um Örnólfsdalsá .....	560	—	560
15. Norðurárdalsvegur (B 22):			
2. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar .....	1180	—	—
2a Hafþórsstaðir—Skarðshamrar .....	1000	—	2180
17. Hraunhreppsvegur (B 30):			
2. Akrar—Kálfalækur .....	—	1000	1000
18. Heydalsvegur (B 33) .....	2000	4500	6500
19. Útnesvegur (B 40):	1700	—	—
1a Um Gufuskálamóðu .....	500	—	—
1b Um Litla- og Stóra-Kamb .....	300	—	2500
20. Hörðudalsvegur (B 44) .....	—	500	500
21. Hálsabæjavegur (B 45) .....	—	200	200
23. Haukadalsvegur (B 47):	480	—	—
1a Haukadalsvegur .....	250	—	730
24. Laxárdalsvegur (B 48) .....	530	1500	2030
25. Klofningsvegur (B 49) .....	1760	1300	3060
26. Neðribyggðarvegur (B 50) .....	230	—	230
30. Tröllatunguheiði (C 3) .....	1170	—	1170
31. Reykhólasveitarvegur (C 4):			
2. Um Barmahlíð .....	1060	—	—
3. Um Hrafnanes .....	—	660	1720
32. Örlygshafnarvegur (C 9):			
2. Vörðubrekka .....	200	290	490
33. Rauðasandsvegur (C 10) .....	—	500	500
35. Bíldudalsvegur (C 12):			
2. Reykjarfjörður—Trostansfjörður— Helluskarð .....	—	1000	1000
36. Tálknafjarðarvegur (C 14):			
1. Frá Bíldudalsvegi að Tunguþorpi .....	940	—	940
37. Ingjaldssandsvegur (C 17):			
2. Um Núp .....	—	800	800
38. Valþjófsdalsvegur (C 18):			
1. Frá Þórustöðum að Grundarenda .....	—	350	350
39. Flateyrarvegur (C 20):			
1. Frá Selakirkjubóli að Hvilft .....	1410	2000	3410
40. Súgandafjarðarvegur (C 21):	540	460	—
1a Í Botnsdal .....	1020	—	—
1b Í Botnsdal .....	1010	950	3980
41. Bolungarvíkurvegur (C 22):	2700	2000	—
1a Bolungarvíkurvegur .....	510	370	5580
42. Djúpvegur (C 24):	5290	4500	—
1a Um Súðavík .....	500	—	10290
43. Vatnsfjarðarvegur (C 25):			
2. Í Ísafirði .....	1060	—	1060
45. Strandavegur (C 28):			
2. Brattabrekka .....	—	340	340
45a Krossárdalsvegur (C 29) .....	250	—	250
47. Drangsnisvegur (C 31):			
3. Vestan Kaldraness .....	480	—	480



	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
48. Norðurfjarðarvegur (C 32):			
1. Urðarhlíð .....	710	—	710
49. Heggstaðanesvegur (D 1):			
1. Mýrar—Bessastaðir .....	—	1000	—
1a Mýrar—Bessastaðir .....	250	—	—
2. Um Grímsá .....	—	110	1360
50a Miðfjarðarvegur (D 2):			
1a Lagfæringar .....	200	—	200
51. Fitjavegur (D 4):			
1a Um Fitjaá .....	100	—	100
52. Vatnsnesvegur (D 5):			
1. Um Þórsá .....	130	—	—
1a Um Þórsá .....	150	—	—
2. Norðan Hvammstanga .....	1170	100	—
3. Í Vestur-Hópi .....	—	1000	2550
53. Þorgrímsstaðadalsvegur (D 6):			
1. Vatnsnesvegur—Tunguá .....	1560	—	1560
54. Borgarvegur (D 7):			
2. Gottorp—Borg .....	—	900	900
55. Vatnsdalsvegur (D 9):			
1. Kornsa—Miðhús .....	360	—	—
1a Kornsa—Miðhús .....	200	—	560
56. Kjalvegur (D 15):			
1a Endurbygging í Blöndudal .....	530	—	530
58. Svartárdalsvegur (D 17) .....	410	—	410
59. Skagavegur (D 18):			
1a Blönduós—Skagaströnd .....	700	—	—
2a Við Fossá .....	200	—	—
3. Bergskáli—Kleifargil .....	—	1250	—
4. Í Gönguskörðum .....	4470	—	6620
60a Efribyggðarvegur (D 26):			
1a Ytra-Vatn—Álfgeirsvellir .....	830	—	830
62. Skagafjarðarvegur (D 25):			
2. Álftagerði—Mælifell .....	—	1000	1000
63. Hegranesvegur (D 34):			
1. Keta—Kárastaðir .....	—	1000	—
2a Lagfæringar .....	350	—	1350
65. Bæjarvegur (D 40):			
1. Siglufjarðarvegur—Bær .....	1060	—	—
1a Siglufjarðarvegur—Bær .....	190	—	1250
69. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 4) .....	—	500	500
70. Svarfaðardalsvegur (E 5):			
2. Klaufabrekka—Dalvík .....	1880	—	1880
71. Hauganesvegur (E 7):			
1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes .....	1980	—	1980
72. Hörgárdalsvegur (E 11):			
2. Dunhagi—Myrká .....	470	—	—
2a Dunhagi—Myrká .....	80	—	550
73. Dagverðareyrarvegur (E 12):			
1. Ólafsfjarðarvegur—Endurvarpst. ....	570	—	570

		Fjárhæðir í þús. kr.		
		1971	1972	Samt.
75.	Eyjafjarðarbraut (E 14):			
	1. Um Rifkelsstaði .....	—	3320	—
	2a Við Hólavatn .....	80	—	—
	3a Lagfæringar .....	150	—	—
	4. Norðurlandsvegur—Hrafnagil .....	2580	—	—
	4a Norðurlandsvegur—Hrafnagil .....	830	—	6960
79.	Fnjóskadalsvegur eystri (E 20):			
	2. Pálsgerði—Borgargerði .....	710	500	1210
81.	Út-Kinnarvegur (E 23):			
	1a Um Polla að Skálá .....	150	—	150
82.	Bárðardalsvegur (E 24):			
	2a Sandvík—Skjálfafljótsbrú .....	350	—	350
83.	Hvammavegur (E 27):			
	1a Við Daufhyl .....	190	—	—
	2. Við Grenjaðarstað .....	1290	—	—
	2a Við Grenjaðarstað .....	210	—	—
	3a Að Fagranesi .....	80	—	1770
84.	Sandsvegur (E 30):			
	1a Þingeyjarsýslubraut—Hraunkot .....	50	—	50
85.	Austurhlíðarvegur (E 31):			
	1. Um Stóru-Laugar .....	130	—	130
88.	Baldursheimsvegur (E 34):			
	1. Um Litlu-Strönd .....	130	—	130
90.	Vopnafjarðarvegur (F 7) .....	2230	—	2230
91.	Jökuldalsvegur efri (F 11):			
	1. Hákonarstaðir—Grund .....	—	700	—
	1a Hákonarstaðir—Grund .....	500	—	1200
92.	Jökuldalsvegur eystri (F 12) .....	—	400	400
93.	Hróarstunguvegir (F 13 og F 14) .....	1180	1000	2180
94.	Upphéraðsvegur (F 16):			
	1. Við Strönd .....	1180	1600	—
	1a Við Þorleifarás .....	300	—	3080
95.	Fljótsdalsvegur (F 17—19) .....	220	—	220
96.	Fjarðarheiðarvegur (F 20) .....	2120	1500	3620
97a	Seyðisfjarðarvegur (F 21) .....	300	—	300
98.	Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 22):			
	1. Fjarðarhv.—Fossgerði og Borgarfj. ....	2700	2600	—
	1a Fjarðarhv.—Fossgerði og Borgarfj. ....	200	—	—
	1b Á Vatnsskarði .....	300	—	5800
100.	Hjaltastaðarvegur (F 24) .....	350	—	350
101.	Mjóafjarðarvegur (F 27):			
	1. Slenjudalur .....	240	300	—
	1a Slenjudalur .....	300	—	840
102.	Viðfjarðarvegur (F 28):			
	1. Utan Eskifjarðar .....	—	500	—
	1a Utan Eskifjarðar .....	300	—	800
103.	Vallanesvegur (F 29) .....	—	340	340
104.	Skriðdalsvegur (F 30) .....	240	—	240
104a	Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 32) .....	100	—	100
105.	Norðurlandsvegur í Breiðdal (F 34) .....	—	200	200

		Fjárhæðir í þús. kr.		
		1971	1972	Samt.
106.	Breiðdalsvegur syðri (F 35) .....	—	200	200
107.	Axarvegur (F 36) .....	600	—	600
<b>108.</b>	<b>Austurlandsvegur í Skaftafellss. (F 1):</b>	1971	1972	Samt.
	1. Austan Jökulsár á Breiðamerkurs. ....	2230	1300	—
	1a Austan Jökulsár á Breiðamerkurs. ....	1000	—	4530
	2. Vestan Jökulsár á Breiðamerkurs. ....	700	—	—
	2a Vestan Jökulsár á Breiðamerkurs. ....	1200	—	1900
109.	Suðurlandsvegur (G 1):			
	1. Í Hrífunesbrekkum .....	—	850	—
	4. Við Geirlandsá .....	—	900	1750
110.	Porlákshafnarvegur (G 5):			
	1. Sunnan v. vegam. í Grímslækjarhr. ....	1470	—	1470
110a	Hafnarskeiðsvegur (G 6):			
	1a Til rannsóknna á Ölfusá hjá Óseyrarnesi ..	300	—	300
111.	Tjarnarvegur (G 16):			
	1. Ofan Vatnsleysu .....	—	280	280
112.	Geysisvegur (G 18):			
	1a Kjóstaðir—Brattholt .....	500	—	500
114.	Langholtsvegur (G 28):			
	1. Efra-Langh.—Auðsholtsv. ....	—	950	950
116.	Þjórsárdalsvegur (G 31):			
	1. Sandlækjarholt—Sandá .....	1230	1060	—
	1a Sandlækjarholt—Sandá .....	1900	2000	6190
117.	Gaulverjabæjarvegur (G 39):			
	1. Eyrarbyggjav. —Stokkseyri .....	1000	—	1000
118.	Hamarsvegur (G 42):			
	1. Skógsnes—Sýrlækur .....	—	500	500
118a	Urriðafossvegur (G 45) .....	150	—	150
119.	Ásmundarstaðavegur (G 47):			
	1. Ásmundarst.—Þykkvabæjarv. ....	800	—	800
120.	Þykkvabæjarvegur (G 49):			
	1. Háfshverfi—Sandhólaferja .....	—	500	—
	1a Þykkvibær—Djúpós .....	600	—	1100
121.	Landvegur (G 51):			
	1. Brúarlundur—Skarð .....	1350	1340	—
	1a Suðurlandsv.—Árbæjarv. ....	1800	1600	6090
123a	Efri Rangárvallavegur (G 55):			
	1. Við Víkingslæk .....	250	—	—
	2. Við Geldingalæk .....	150	—	400
124.	Fljótshlíðarvegur (G 58):			
	1. Við Moshvol .....	560	—	560
126.	Þúfuvegur (G 61) .....	630	—	630
127.	Reynishverfisvegur (G 74) .....	260	—	260
128.	Álftaversvegur (G 76):			
	1. Við Norðurhjáleigu .....	750	—	750
128a	Búlandsvegur (G 77):			
	1. Hvammur—Búland .....	120	300	—
	2. Hvammur—Búland .....	200	—	620
128b	Ljótastarstaðavegur (G 78) .....	100	—	100

	Fjárhæðir í þús. kr.		
	1971	1972	Samt.
129. Meðallandsvegur (G 79):			
1. Ásabrá—Leiðvellir .....	—	1200	—
2. Fljótakrókur—E-Fljótur .....	1200	—	2400
130. Stórhöfðavegur .....	450	320	770
	<b>Fært á 2.3.3.</b>	<b>97600</b>	<b>61800</b>
			<b>159400</b>

**2.4.1. Til aðalfjallvega.**

	Fjárhæðir í þús. kr.	
	1971	1972
1. Kaldidalsvegur .....	150	150
2. Kjalvegur .....	400	400
3. Fjallabaksvegur .....	150	150
4. Sprengisandsleið .....	500	500
	<b>Fært á 2.4.1.</b>	<b>1200</b>
		<b>1200</b>

**2.5. Til brúargerða.**

	Fjárhæðir í þús. kr.	
	1971	1972
1. Til brúa 10 m og lengri:		
2. Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18) .....	2650	
32. Norðurá hjá Haugum (B 11) .....	14960	
32a. Litla-Fljót hjá Hallkelsst., sýsluv. ....	1000	
33. Haukadalsá (B 1) .....	6150	
33a. Hvoltsá hjá Hvítadal, sýsluv. ....	1300	
34. Þórsá á Vatnsnesi (D 5) .....	2500	
34a. Austurkvísl Héraðsvatna hjá Eyhildarh., einkav.	550	
35. Kaldakvísl á Tjörneshólum (E 25) .....	8450	
35a. Kverká í Þistilfirði, sýsluv. ....	500	
36. Geitdalsá í Skriðdal, sýsluv. ....	2780	
37. Laxá í Nesjum (F 1) .....	3620	
37a. Syðri-Ófæra, aðalfjallv. ....	1000	
38. Jökulkvísl á Álfaversafirétti .....	540	
39. Svaðbælisá (G 1) .....	2290	
40. Bakkakotsá (G 1) .....	2530	
41. Rimhúsaáall hjá Holti, einkav. ....	230	
42. Norðurá í Heiðarsporði (E 1) .....		3020
43. Laxá á Breið (B 36) .....		2550
44. Tunguá hjá Sauðafelli (B 1) .....		3620
45. Tunguá í Skutulsfirði (C 1) .....		3740
46. Austurá hjá Skárastöðum, sýsluv. ....		2290
47. Grófargil í Skagafirði (D 23) .....		1930
48. Staðará í Skagafirði (D 23) .....		3260
49. Úlfsstaðagil í Skagafirði (E 1) .....		1930
50. Jökulsá á Dal hjá Merki, sýsluv. ....		1210
51. Fagradalsá (F 27) .....		1210
52. Geirlandsá (G 1) .....		12900
53. Kaldaklifsá (G 1) .....		3740
54. Steinslækur (G 1) .....		2570
55. Flóaáveituskurður .....		1930
	<b>Fært á 2.5.1.</b>	<b>51050</b>
		<b>45900</b>

	Fjárhæðir í þús. kr.	
	1971	1972
2. Til smábrúa .....	8200	10300
	<hr/>	<hr/>
Fært á 2.5.2	8200	10300

### III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR, LANDSBRAUTIR OG FJALLVEGI, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og fjallvega, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna, talið í millj. kr.

1. Hraðbrautir:	1971	1972
1.1. Vestur- og Suðurlandsvegur .....	140	160
1.2. Norðurlandsvegur (um Akureyri) .....	50	
	<hr/>	190
2. Þjóðbrautir og landsbrautir:		
2.1. Heydalsvegur .....	10	
2.2. Djúpvegur .....	10	
2.3. Norðurlandsvegur (í Langadal) .....	10	
2.4. Ólafsfjarðarvegur (Norðurlv.—Dalvík) .....	10	
2.5. Vegir samkv. Austurlandsáætlun .....	60	60
2.6. Þingvallavegur (utan og innan þjóðgarðs) ...	7	
	<hr/>	107
3. Aðalfjallvegir:		
3.1. Fjallabaksvegur (um Syðri-Ófæru) .....	3	
	<hr/>	3
	<hr/>	<hr/>
Alls	300	220

### IV. FLOKKUN VEGA

#### 3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

##### C. Vestfjarðakjördæmi.

#### C 21 Súgandafjarðarvegur:

Í stað „að Suðureyri“ komi: um Suðureyri að sýsluvegamótum utan við Spilli.

##### E. Norðurlandskjördæmi eystra.

#### E 5 Svarfaðardalsvegur:

Á eftir „að Atlastöðum“ komi: með álmu að Hæringsstöðum.

#### E 28 Laxárdalsvegur:

Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

#### E 29 Fagranesvegur:

Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

##### G. Suðurlandskjördæmi.

#### G 31 Þjórsárdalsvegur:

Í stað „að Ásólfstöðum“ komi: að vegamótum að Stöng austan Fossár.

**3.3. Aðalfjallvegir.****3.3.4. Sprengisandsleið:**

Í stað orðanna í fyrstu mgr. „há Haldi, Búðaháls“ komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl.

Eftir 2. mgr. komi ný málsgrein:

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir Brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Vesturdalsveg (D 28) hjá Litlu-Hlíð.

*Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

19. maí 1971.

Nr. 61.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi, samkv. lögum nr. 30/1966. Á undanförunum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa, og hafi mikið áunnizt í því efni. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að af gildandi lánstökuheimild Ferðamálasjóðs, sem nemi 40 milljónum króna, hafi nú verið notaðar 36 milljónir króna. Til viðbótar þeim sé gert ráð fyrir 12 milljón króna lántöku Ferðamálasjóðs á þessu ári frá Framkvæmdasjóði Íslands. Þurfi sjóðurinn nú á þessu lánsfé að halda til endurlána.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að hækka lántökuheimild Ferðamálasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem lög þessi ákveða. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

Fé til greiðslu eftirlauna þessara greiðist að  $\frac{3}{4}$  hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að  $\frac{1}{4}$  hluta úr ríkissjóði.

## 2. gr.

Rétt til eftirlauna eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
- b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k.  $1/25$  úr stigi, sbr. 6. gr.

## 3. gr.

Falli félagi frá eftir 31. desember 1969, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr., enda hafi félaginn uppfyllt skilyrði a- og b-liðar 2. gr. og átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

## 4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta sé slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slik niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna. Þar er enn fremur heimilt að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu.

## 5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlazzt gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

Nú hefur félagi verið bóndi á lögbýli eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri, og skal þá slíkur tími reiknast með réttindatíma, enda eigi félaginn ekki rétt til lífeyris samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda. Heimilt er í reglugerð að víkja frá skilyrðinu um lögbýli.

## 6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunninn stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslau miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxa Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tilögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsg. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslauin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsg. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýs-



ingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðzt við upplýsingar skattstjóra um framtaldr launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðzt er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú beztu árin, sem upplýsingar eru um.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsg. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldr felaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

#### 7. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Maður getur notið samtímis elli- og makalífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

#### 8. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1972. Við slíka ákvörðun skal m. a. hafa hliðsjón af breytingum, er orðið hafa á kaaptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 1. málsg. 6. gr., og hliðstæðum uppbótum, sem almennt eru greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga.

#### 9. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18 1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélagu, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

#### 10. gr.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðsstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftár en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá eiga rétt til þeirra samkvæmt 2. gr. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til þeirra, skulu þau greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðluðust réttinn. Eftirlaun falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr 1. málsg.

#### 11. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá lokum þess mánaðar, er umsókn berst sjóðsstjórn.

#### 12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 11. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skytt er umsækjendum, stjórnnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skytt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, er áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt 1. og 2. málsg. 5. gr. og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt milli atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs á sama hátt og bótageiðslum, sbr. 1. gr. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

#### 13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna. Í slíkri reglugerð skal m. a. ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 9. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi. Enn fremur skal þar heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969.

#### 14. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

Nú hafa manni verið úrskurðuð eftirlaun samkvæmt lögum nr. 18 1970 fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá fjárhæð slíkra eftirlauna hvorki lækka né vera lægri en lágmark það, sem tilgreint er í 7. gr., þótt réttur reynist minni samkvæmt þessum lögum.

Árið 1971 skulu eftirlaun reiknast sem hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna 1966—1970 án tillits til, hvort hlutaðeigandi hefur notið eftirlauna á árinu 1970.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 3. apríl 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

Nr. 64.

16. apríl 1971.

## L Ö G

um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar.

2. gr.

Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækn og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

3. gr.

Rétt til að kall sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisyfirvalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir, er hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstétta. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

6. gr.

Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknaalaga, nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávita-hæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg, sbr. 11. gr.

2. gr.

6. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir hæfilegt gjald vegna fávita, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, enda hafi slík dvöl verið úrskurðuð með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur kostnaður greiddur hærri fjárhæð en nemur  $\frac{3}{5}$  hlutum þess kostnaðar, sem greiddur er vegna fávita, sem dvelur á aðalfávita-hæli ríkisins.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt fávita til lögboðins lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð þremur mönnum. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarmenn, en Samábyrgðin hinn þriðja. Á sama hátt skal velja þrjá stjórnarmenn til vara. Val stjórnarmanna skal fara fram á aðalfundi félagsins og gildir til tveggja ára í senn.

4. mgr. sömu greinar laganna orðist þannig:

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Stjórnin er ályktunarfær, ef tveir stjórnarmenn sækja fund. Í stað „20 000 kr.“ í 7. mgr. sömu greinar laganna komi: kr. 50 000.00.

**2. gr.**

Í stað orðsins „júnímánaðar“ í 1. mgr. 11. gr. laganna komi: októbermánaðar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

Nr. 67.

20. apríl 1971.

**L Ö G**

um almannatryggingar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI****Skipulag og stjórn.****1. gr.**

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Fjölskyldubætur.
3. Slysatryggingar.
4. Sjúkratryggingar.

**2. gr.**

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyrstryggingar, fjölskyldubætur og slysa-tryggingar, en sjúkratryggingar eru í höndum sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunarinnar eftir því, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Sjúkrasamlög eru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar, en ríkisstjórnin (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið) hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því, sem henta þykir.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

**3. gr.**

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðherra skipar og skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðal-gjaldkera og deildarstjóra, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, og tryggingalækni, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**4. gr.**

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

**5. gr.**

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

**6. gr.**

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

- a. Hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar.
- b. Ársreikningum stofnunarinnar.
- c. Ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir.
- d. Öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili.
- e. Meginreglum um notkun heimildarákvæða.
- f. Öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum.
- g. Öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð, ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

## 7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands og Stéttarsamband bænda skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

## 8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samín sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn Dómarafélags Íslands.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

## 9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

## II. KAFLI

## Lífeyristryggingar.

## A. Almenn ákvæði.

## 10. gr.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

## B. Bætur.

## 11. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs.

Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar .....	kr. 117 888.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 71 ára aldri eða síðar .....	— 105 828.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 70 ára aldri eða síðar .....	— 94 224.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 69 ára aldri eða síðar .....	— 85 416.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 68 ára aldri eða síðar .....	— 76 560.00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 67 ára aldri eða síðar .....	— 70 560.00

Fullur ellilífeyrir greiðist þeim einstaklingum, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða, greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Hækkun lífeyris vegna frestunar fram yfir 67 ára aldur skal ekki veitt, nema umsækjandi hafi þann tíma átt lífeyrisrétt hér á landi eða í landi, sem samið er við um gagnkvæman rétt til ellilífeyris. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess, sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslíð 2. málsg. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961.

### 12. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn, sem lögheimili eiga á Íslandi, eru á aldrinum 16—67 ára og:

- a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
- b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn  $\frac{1}{4}$  þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir a. m. k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. málsg. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrk má enn fremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklnar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 70 560.00, og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 2. málsg. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

### 13. gr.

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

### 14. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða faðirinn er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpborn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldra, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.



Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, einstæðrar móður, sem er öryrki, og hjóna, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.

Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00.

Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%. Sama gildir, ef annað foreldri er látið, en hitt öryrki.

Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, sem njóta örorkulífeyris.

#### 15. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 16 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni .....	kr. 6 192.00
Með tveimur börnum .....	— 33 600.00
Með þremur börnum eða fleiri .....	— 67 200.00

Tryggingaráði er heimilt að greiða einstæðum fósturmæðrum mæðralaun, ef sérstaklega stendur á.

#### 16. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 14 700.00 við hverja fæðingu til móður, sem á lögheimili hér á landi.

#### 17. gr.

Hver sú kona, sem lögheimili á hér á landi og verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 6 mánuði eftir lát eiginmanns síns, kr. 7 368.00 mánaðarlega.

Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára, á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 12 mánuði í viðbót, kr. 5 525.00 mánaðarlega.

#### 18. gr.

Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., á hver sú kona, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en hann lézt.

Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar, þegar lífeyrisréttur stofnaðist, og lögheimilistíma þess hjónanna, sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans, sbr. 2. málsg. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a. m. k. 40 ár og aldur konunnar a. m. k. 60 ár, greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár, greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. málsg. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 20 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband. Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera kr. 70 560.00.

## 19. gr.

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en kr. 84 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum tillögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að  $\frac{3}{5}$  af Tryggingastofnuninni, en að  $\frac{2}{5}$  af sveitarsjóði.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

Sveitarstjórn er þó skylt að taka þátt í greiðslu hækkunar lífeyris að því marki, sem nauðsynlegt er, til þess að fullnægt sé ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar um lágmarkstekjur, enda séu ástæður til slíkrar hækkunar sannaðar, t. d. með skattaframtölum, og eignum bótaþega ekki verið ráðstafað með þeim hætti, að ástæða sé til að sýnja um hækkun.

Nú ákveður sveitarstjórn að koma á fót heimilishjálpi fyrir ellilífeyrisþega, og getur tryggingaráð þá ákveðið, að útgjöld vegna slíkrar heimilishjálpar skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt þessari grein, enda séu reglur um starfsemi þessa samþykktar af tryggingaráði.

*C. Tekjur.*

## 20. gr.

Útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

- a. Ríkissjóður 36%.
- b. Hinir tryggðu 32%.
- c. Sveitarsjóðir 18%.
- d. Atvinnurekendur 14%.

## 21. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, samkvæmt II. og III. kafla laga þessara.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 20. gr.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum, sem miðað var við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða ekki nógu hátt hjá einstökum þátttökuaðilum samkvæmt 20. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

## 22. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna samkvæmt 20. og 21. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

## 23. gr.

Iðgjöld samkvæmt b-lið 20. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 17—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár, um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 21. gr. 2. málsg., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

## 24. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga á eftirfarandi hátt:

- Tveim fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samhlöð útgjöld lífeyristrygginganna í hverju umdæmi fyrir sig árið áður.
- Tveim fimmtu hlutum í hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.
- Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót.

Innan hvers sýslufélags skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

- Helmingur skiptist í beinu hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
- Helmingur skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjú mánuði, skal það frá gjalddaga greiða dráttarvexti, er séu 1% hærra en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

## 25. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 20. gr., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 29. gr., með iðgjöldum miðuðum við starfstíma, unninn í þjónustu þeirra. Skal starfstíminn lagður í tryggingarvikur, en tryggingarvika er eining fyrir iðgjaldagreiðslu. Sé um að ræða fasta starfsmenn, sem taka mánaðarlaun eða árslaun, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 48 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skiprúm. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Í reglugerð skal setja um þetta nánari ákvæði, m. a. um, hvernig ákvarða skal vinnustundafjölda í ákvæðisvinnu. Upphæð iðgjalda skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu

meta skuli til tryggingarvikna störf foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna eða fósturbarna, störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglínga, gamalmenna og öryrkja, sem dveljast og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

### III. KAFLI

#### Fjölskyldubætur.

##### 26. gr.

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 8 000.00.

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta greiðist að fullu úr ríkissjóði.

### IV. KAFLI

#### Slysatryggingar.

##### A. Almenn ákvæði.

##### 27. gr.

Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf og stjórnun aflvéla og ökutækja, enda sé sá, sem fyrir slysi verður, tryggður samkvæmt ákvæðum 29. eða 30. gr. Það jafngildir slysi við stjórnun aflvélar eða ökutækis, ef stjórnandi verður fyrir slysi í beinu sambandi við viðhald eða aðra meðhöndlun tækisins.

Maður telst vera við vinnu:

- a. Þegar hann er á vinnustað, á þeim tíma, sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.
- b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi, ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Slys telst ekki verða við vinnu, ef það hlýzt af athöfnum slasaða sjálfs, sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni, sem verða um borð í skipi hans, eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð, að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

##### 28. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskyldt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi, eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt,

og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra, ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmáður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur, þó að lengri tími liði, ef atvik eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, er máli skipta.

## 29. gr.

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

- a. Launþegar, sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum, sem gegna embætti fyrir erlend ríki, og erlendu starfslíði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslenzku skipi eða íslenzkri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
- b. Nemendur við iðnnám hjá meistara samkvæmt iðnfræðslulögum.
- c. Stjórnendur aflvéla og ökutækja, er þeir hafa umráð yfir, sbr. 5. málsg. 36. gr.
- d. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
- e. Þeir, sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysatryggingu samkvæmt a-lið 1. málsg., ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslenzks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess, sem erlendis starfa.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna, sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar, hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

## 30. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað.

- a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.
- b. Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
- c. Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem falla undir ákvæði 3. málsg. 29. greinar.

Þeir, sem heimilisstörf stunda, geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur samkvæmt b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

*B. Bætur.*

## 31. gr.

Bætur slysaftrygginga eru sjúkrá hjálþ, dagpeningar, örorkubætur og dánar-  
bætur.

## 32. gr.

Nú veldur bótaskýlt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga, og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

## 1. Að fullu skal greiða:

- a. Læknishjálþ samkvæmt samningum hlutaðeigandi sjúkrasamlags.
- b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkráhúsvistar færirst þó yfir á sjúkratryggingarnar, þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.
- c. Lyf og umbúðir.
- d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað, sem ætla má að orðið hefði, ef þær hefðu verið heilbrigðar.
- e. Gervilimi, eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim, eða endurnýjun, ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.
- f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl, fyrst eftir slys, eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir, þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.
- g. Sjúkráþjálfun og orkulækningar.

## 2. Að hluta skal greiða:

- a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venzlamanna hins slasaða.
- b. Að  $\frac{3}{4}$  kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl, skal greiða ferð með áætlunarflugvél að  $\frac{3}{4}$ .

## 3. Heimilt er að greiða:

- a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.
- b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum, þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim, sem ónýtt hafa við slysið.

Að svo miklu leyti sem samningar sjúkrasamlaga eða sérstakir samningar slysaþryggingarinnar ná ekki yfir sjúkrá hjálþ samkvæmt framansögðu, getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu, að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað, sem um ræðir í grein þessari, og má þá greiða hann, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá hlutaðeigandi sjúkrasamlagi.

## 33. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn

slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 281.00 fyrir aðra og kr. 36.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr  $\frac{3}{4}$  af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt vinnutekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda, sem tryggð eru samkvæmt a-lið 1. málsg. eða 2. málsg. 30. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaförföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærrí greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

#### 34. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri eftir reglum 12. gr., síðustu málsg., eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, en sé orkutapið minna, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda um tiltekið árabíll, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

#### 35. gr.

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 7 368.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægi hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflíð falla ekki niður, þótt ekkja eða ekill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tíma-bílsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
- b. Ef ekkja eða ekill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 70 560.00 á ári miðað við 60 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, og 4%

fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflíð fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.

- c. Barnalífeyrir, kr. 36 108.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
- d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
- e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 128 924.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með kr. 128 924.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsg. 34. gr. vegna sama slyss.

### C. Tekjur.

#### 36. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum.

Upphæð iðgjalda til slysatrygginga ber að miða við slyshættuna. Skal skipta fyrirtækjum í áhættuflokka og ákveða iðgjald fyrir hvern flokk. Tryggingarvikan, sbr. 25. gr., er eining við iðgjaldaákvörðun. Ákvörðun iðgjalda skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna.

Ef rekstrarhættir veita tilefni til, má skipta fyrirtæki í deildir við iðgjaldaákvörðun, og heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar sérstaklega stendur á, að taka tillit til skiptingar starfsfólks eftir starfsgreinum og ákveða iðgjald samkvæmt því.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjald fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð skal setja ákvæði um, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf maka atvinnurekanda og barna hans innan 16 ára aldurs, sbr. 30. gr., og setja má þar ákvæði um, að meta skuli störf þess fólks, er um ræðir í síðasta málslið 25. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt þeirri grein.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilis-aflvéla.

## V. KAFLI

### Sjúkratryggingar.

#### A. Almenn ákvæði.

##### 37. gr.

Í hverjum kaupstað og í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að sameina í eitt



samlag samlagssvæði tveggja eða fleiri sjúkrasamlaga. Á sama hátt er heimilt að skipta samlagssvæði á milli tveggja eða fleiri nærliggjandi samlaga.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

### 38. gr.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs til viðbótar fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara.

Nú standa fleiri en eitt sýslufélag, eða kaupstaður og sýsla eða sýslur, að einu sjúkrasamlagi, og skal þá hver sýsla og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagsjóði.

### B. Bætur.

#### 39. gr.

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar er:

- a. Að annast sjúkratryggingar samkvæmt 2.—4. mgr. 42. gr.
- b. Að veita styrk til fatlaðra, sem þarfnast hjólastóla, gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til fatlaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar eða þjálfunar utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.
- c. Að annast málefni sjúkrasamlaga, sbr. 2. gr.
- d. Að greiða kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
- e. Að greiða sjúkrasamlögum hluta þeirra af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 49. gr.
- f. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið.

Ráðherra getur ákveðið, að sjúkratryggingadeild greiði:

- a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálpar, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
- b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.

#### 40. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 48. gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Þó er stjórn sjúkrasamlags heimilt að veita námsmönnum og öðrum, sem dveljast langdvölum erlendis, undanþágu frá iðgjaldagreiðslu, ef þeir sanna, að þeir séu sjúkratryggðir í dvalarlandinu, enda njóta þeir þá ekki réttinda hjá samlaginu þann tíma. Tryggingaráð getur sett reglur um, hvaða skilyrði slík sjúkratrygging erlendis þurfi að uppfylla til þess, að undanþágu megi veita.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Sömu aðstöðu og fósturbörn skulu í þessu sambandi hafa börn, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, hvort sem greitt er með þeim eða ekki og hver sem foreldraráðin hefur að lögum. Séu foreldrar (fósturforeldrar) samvistum, njóta börnin

fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum, sbr. þó lög nr. 68 27. apríl 1962. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

## 41. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur eða flytjast milli samlaga samkvæmt 47. gr., öðlast réttindi án biðtíma, og heimilt er samlagsstjórn að beita sömu reglu, þegar þeir, sem óslitið hafa verið sjúkratryggðir erlendis með þeim hætti, er um getur í 1. málsg. 40. gr., flytjast á samlagssvæðið. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 69. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því, að iðgjaldgreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga.

## 42. gr.

Sjúkrasamlög tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samizt hefur við, sbr. 45. gr., eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslaega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. mgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar, fávitaháttar eða langvinnis sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum, sem Tryggingastofnunin hefur samning við, og sjúkrahúsum, sbr. 1. og 2. málsg. þessarar greinar. Sama gildir um dagvistir þessara stofnana eða sérstakra viðurkenndra dagvistarstofnana fyrir sjúka eða vangefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar samkv. þessari málsgrein, sbr. þó 11. gr. laga nr. 53/1967.

Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslenzku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálp og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenzkra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp, sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort tóð skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari, og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

## 43. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálp, sem hér er talin:

- a. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Fyrir hvert

- viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveða skal með reglugerð. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
- b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.
  - c. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ , enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.
  - d. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að  $\frac{3}{4}$  samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.
  - e. Sjúkradagpeninga samkvæmt 44. gr.
  - f. Dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun.
  - g. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.
- Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að  $\frac{3}{4}$  hlutum.
- h. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að  $\frac{3}{4}$  hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Eigi má víkja frá ákvæðum 44. gr. um sjúkradagpeninga.

#### 44. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er 16 ára eða eldri og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans eða aðrar vinnutekjur falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatílaunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, þegar lækni er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysdagpeningar samkvæmt 33. gr. og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðal- fyrirvinna heimilis, kr. 221.00 fyrir aðra og kr. 29.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsekjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Sjúkradagpeningar húsmóður, sem vinnur ekki utan heimilis, skulu þó vera jafnháir örorkulífeyri samkvæmt 12. gr.

Sjúkradagpeningar vegna annarra starfa en húsmóðurstarfa mega ekki vera hærri en sem nemur  $\frac{3}{4}$  þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina, áður en veikindin hófust.

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlags síns, og má þá lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum. Dagpeningar húsmóður, sem ekki hefur unnið utan heimilis, lækka þó ekki frá því, sem ákveðið er í 4. mgr.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaförföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt 4. málsg. þessarar greinar til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga, áður en verkfall hófst.

#### 45. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og heilbrigðisstofnanir um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. gr. Samningar, sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk samlaga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi samlaga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kaupúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á, samkvæmt 43. gr. a og b, en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi, enda skal þá framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs til samlagsins samkvæmt 49. gr. ekki lækka, nema tryggingaráð leggi það til og ráðherra samþykki. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 43. gr. a og b, til hagsbóta hinum tryggðu með þátttöku í lækniskostnaði eða á annan hátt.

Daggjöld sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd. Nefndin sé þannig skipuð, að hver eftirtalinn aðila skipi fulltrúa í nefndina: Fjármálaráðherra, Tryggingastofnun ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband sjúkrahúsa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal fulltrúi hans vera formaður nefndarinnar. Verði jöfn atkvæði í nefndinni, ræður atkvæði formanns. Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samantlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsháttu og starfssvið nefndarinnar.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

Breyting á daggjaldi og gjaldskrá tekur ekki gildi, fyrr en að tveim mánuðum liðnum frá því, að hún er tilkynnt Tryggingastofnuninni eða hlutaðeigandi samlögum.

#### 46. gr.

Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu. Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

Nú verður tryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss utan samlagssvæðis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti af samlagi sínu, og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða, að sjúkratryggingadeild taki þátt í slíkum kostnaði.

#### 47. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga og um greiðslu sjúkrabóta, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða og annarra, sem láta lækningshjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

### C. Tekjur.

#### 48. gr.

Tryggingastofnunin ákveður iðgjöld í hverju sjúkrasamlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur sjúkrasamlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess. Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

Iðgjöld til sjúkrasamlags greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlaginu, sbr. 40. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

#### 49. gr.

Ríkissjóður greiðir Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 250% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungnum. Þar sem iðgjöld

til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf t eða heilt ár, greiðast þó framlög- in í samræmi við það. Séu framlög in ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

## VI. KAFLI

### Sameiginleg ákvæði.

#### A. Bætur.

##### 50. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þess- um eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. gr. og allar bætur aðrar en ekkju- bætur samkvæmt 17. gr.
- b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar.
- c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis. Enn fremur mega fara saman mæðra- laun og örorkubætur.
- d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
- e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögnum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mis- muninum.

Sjúkrakostnað slysstrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkra- samlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysstryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir til hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Falli niður lífeyrir til sjúklings, sem greitt er fyrir af sjúkrasamlagi, skulu lífeyristryggingar greiða þess- um aðilum örorkulífeyri að viðbættum 60% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutað- eigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

##### 51. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona. sem húa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

##### 52. gr.

Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótapega eða fram- færslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjöl- skyldubætur eða barnalífeyri.

## 53. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrir mælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

## 54. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

## 55. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur samkvæmt II. og III. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, og lífeyrir samkvæmt IV. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir, að bótaréttur er fyrir hendi, og falla niður í lok þess mánaðar, er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en 2 ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en 2 mánuði, en heimilt er sjúkrasamlagsstjórn að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíráður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

## 56. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftast en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

## 57. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera þar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynnir að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkvæmt 1. málsg. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

## 58. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi framsal. Endurkröfurétturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna

slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

## 59. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsg. 50. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

## 60. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

## 61. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

## 62. gr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða bótaþegum, búsettum erlendis, aðrar bætur en ellilífeyri, ef sérstaklega stendur á.

### *B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.*

## 63. gr.

Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 23. gr. skulu lögð á þar, sem gjaldendur eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Tekur álagningin til þeirra, sem í byrjun gjaldársins hafa náð 17 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skattstjóri skal leggja iðgjöldin á og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 90/1965, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin, eftir því sem við á. Skal skattstjóri senda Tryggingastofnun ríkisins eintak af gjaldskrá þeirri, er hann lætur innheimtumanni í té.

## 64. gr.

Iðgjöld samkvæmt 25. gr. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 90/1965, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin, eftir því sem við á, sbr. og ákvæði 63. gr. um gjaldskrá. Iðgjöld þessi skulu lögð á í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af öikumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.



Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni menn, sem slysatryggðir skulu samkvæmt 29. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattýfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsg. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

#### 65. gr.

Kæra má iðgjaldaálagningu skattstjóra samkvæmt 63. og 64. gr. til ríkisskattanevndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Ákvæði 42. gr. laga nr. 90/1965 skulu gilda um endurskoðun og leiðréttingar gjaldskrár samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjald dagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

#### 66. gr.

Iðgjöld til lifeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af þeim innheimtumönn-um ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó ákvæði 1. málsg. 64. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og ökumönnum bifreiða og ákvæði 3. málsg. þessarar greinar. Skulu ákvæði laga nr. 90/1965, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. þó 3. málsg. þessarar greinar. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda hjá tilteknum ríkisstofnunum og framlaga sveitarsjóða í einstökum lögsagnarumdæmum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna eða þeirra aðila, sem þau hafa falið innheimtuna samkvæmt samningi, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lifeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

#### 67. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupum þessara manna. Ríkissjóður ábyrgist iðgjaldagreiðslur fanga.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 23. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsg. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærrí hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 11. gr. og annaðhvort uppfylla skilyrði 1. málsg. 12. gr. eða orðnir eru 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og for-

eldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

## 68. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtuaðili eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir af launum iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til þess, er kröfu gerði. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupum, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein og viðurlög við vanrækslu skulu sett með reglugerð.

## 69. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 48. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 41. gr., sbr. þó 5. gr. laga nr. 68/1962. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 16. gr., bætur samkvæmt 17. gr. eða slysabætur samkvæmt IV. kafla laganna.

## 70. gr.

Iðgjöld samkvæmt 25. gr., 36. gr. og 48. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

*C. Önnur ákvæði.*

## 71. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsg. 21. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og rekstrarafgangur, en rekstrarhalli skal tekinn úr varasjóðnum. Heimilt er að veita lán úr varasjóðum lífeyris- og slysatrygginga til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Fé, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánnum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

Tekjur varasjóðs sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 49. gr. Heimilt er að veita lán eða styrk úr varasjóði sjúkratryggingadeildar til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði. Reglur um slíkar fyrirgreiðslur skulu settar af tryggingaráði og staðfestar af ráðherra.

## 72. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar, þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki

talín eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, eftir því sem meðlögín innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

### 73. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni auk fæðingarstyrks samkvæmt 16. gr. allt að kr. 3 000.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga eða ríkissjóði á sama hátt og í 72. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

### 74. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

### 75. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskirteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

### 76. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. desember 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómanna­lög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar samkvæmt 33. og 44. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma, sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað, og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum, að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

### 77. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

## 78. gr.

Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða, að fengnum tillögum tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. lögum þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

## 79. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum tryggingaráðs, koma á fót deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem hafi það hlutverk að annast velferðarmál aldraðra og annarra bótaþega samkvæmt lögum þessum.

Nánari ákvæði um deild þessa skulu sett með reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

## 80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972. Jafnframt eru úr gildi númerin eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
2. Lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginga.
3. Lög nr. 2 28. febr. 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga.
4. Lög nr. 14 30. apríl 1964, um breyting á lögum nr. 40/1963.
5. Lög nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á sömu lögum.
6. Lög nr. 98 22. des. 1965, um breyting á sömu lögum.
7. Lög nr. 94 20. des. 1966, um breyting á sömu lögum.
8. Lög nr. 83 29. des. 1967, um breyting á sömu lögum, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
9. Lög nr. 4 24. marz 1968, um hækkun á bótum almannatrygginga.
10. Lög nr. 57 25. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 40/1963.
11. Lög nr. 7 6. marz 1969, um hækkun á bótum almannatrygginga.
12. Lög nr. 11 18. marz 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
13. Lög nr. 20 4. apríl 1970, um hækkun á bótum almannatrygginga.
14. Lög nr. 29 27. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
15. Lög nr. 32 6. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
16. Lög nr. 42 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
17. Lög nr. 43 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
18. Lög nr. 110 29. des. 1970, um breyting á sömu lögum.

## Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma, sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. málsg. r.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi, og skal þá einungis reikna til réttindatíma samkvæmt 12. gr. þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Fresta skal til ársloka 1972 gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Til sama tíma gildi þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins, eða sérstök nefnd, gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau

skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgun skuli háttað. Kynna skal hlutaðeigandi sveitarstjórnnum áætlunina, jafnskjótt og hún hefur verið gerð, og gefa þeim kost á að láta uppi álit um hana. Hin nýja skipan tekur þó ekki gildi, sbr. 1. málsgr., ef  $\frac{3}{5}$  þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, kjósa fremur óbreytt fyrirkomulag.

3. Þegar núverandi sjúkrasamlög hætta störfum, yfirferast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld.

4. Þegar héraðssamlög hætta störfum, yfirferast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

5. Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi D. Gíslason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1971

15. júní 1971.

181

Nr. 68.

## L Ö G

### um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 31. gr. laga nr. 30 14. apríl 1971 um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. desember 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga nr. 30/1971 svo og þau ákvæði laga nr. 78/1967, sem halda gildi sínu, inn í lög nr. 90 7. október 1965 og gef þau út svo breytt.

#### I. KAFLI

##### Um skattskyldu.

###### 1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í rikissjóð af tekjum sínum og eignum.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu.

###### 2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða af atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í þessari grein. Reiknast skattur einstaklinga samkvæmt reglunum í 26. gr. I. Eignarskattur útlendra félaga reiknast samkv. 26. gr. II.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenskra skattadilja, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

###### 3. gr.

Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skatt-

A 23

framtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Nú telja hjónin sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi samkv. 25. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærrí fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur  $\frac{1}{4}$  hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu.

#### 4. gr.

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., eða lægri fjárhæð, skal telja helming slíkra hreinna tekna til frádráttar hreinum tekjum barnsins. Nemi hreinar tekjur barns meira en hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., er skattstjóra heimilt að ákveða barninu skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Fallist skattstjóri á tilmæli foreldra um sérsköttun barns, skal ávallt telja foreldrum til tekna af tekjum barnsins fjárhæð jafna hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., en hjá barninu það, sem umfram er.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra) að undanskildum eignarskattsfrjálsum innstæðum, skv. 1. mgr. 21. gr. Heimilt er þó skattstjóra að ákveða börnum eignarskatt, sem sjálfstæðum skattþegnum, ef tilmæli koma fram um það frá foreldrum.

#### 5. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt greiða þessi félög og stofnanir:

- A. Hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Undanþegin eru þó þau félög, sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
- B. Gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög.
- C. Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, enda sé félagið skráð í firmaskrá og við skráningu afhentur félagssamningur, þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagsslita, svo og hvernig félagsslitum skuli

hátað. Enn fremur skal senda skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag samkvæmt þessari mgr.

Á önnur sameignarfélög skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.

- D. Samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna sinna. Þó skulu þau eigi greiða skatt af þeim tekjum, sem skipt er á milli félagsmanna í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu samlagsins og skattlagðar skulu hjá þeim.
- E. Sjóðir, félög og stofnanir, þar með talin sjálfseignarfélög, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattskyldu samkvæmt 6. gr., svo og þrotabú og dánarbú undir skiptum.

Félög og stofnanir, sem um ræðir í 1. mgr. A—E hér að framan og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum og eignum sem önnur félög.

#### 6. gr.

Þessir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti: Forseti Íslands, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sýslufélög, sveitarfélög og fyrirtæki, er þau reka og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis. Aðilar þeir, er greinir í þessari málsgrein, eru einnig undanþegnir eignarskatti í samræmi við reglur þær, sem settar eru í málsgreininni.

## II. KAFLI

### Um skattskyldar tekjur.

#### 7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

- A. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuíðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látin eru í té í kaupgjaldsskyni.
- B. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. C). Enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og



styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst meðal annars: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. B. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

- C. Landskuldbætur af leigujörðum og arður af hvers konar hlunnindum og ítökum, leiga eftir lóðir, hús og önnur mannvirki, svo og áætlað gjald af jörðum, ítökum, hlunnindum, lóðum, húsum og öðrum mannvirkjum, sem eigendur eða réttihafar nota sjálfir eða láta öðrum í té til afnota án eðlilegs endurgjalds. Enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguabúð, arður af byggingarpeningi, svo og leiga eða arður af lausafé, þar með talin skip og loftför, sem á leigu er selt.
- D. Vextir eða arður af hlutabréfum, eignarhlutum í sameignarfélagum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útstandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó B-lið 12. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hluthafans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, má ekki vera hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá 1. janúar 1973, eða frá stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutfjár eftir þann tíma. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Nú selur hluthafi hlutabréf til hlutafélags þess, er bréfin gaf út, og skal þá teljast til arðs hjá seljanda mismunur söluverðs og nafnverðs hlutabréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð seljandi keypti hlutabréfin eða hvenær. Þó skulu ákvæði 1. og 7. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. taka til sölu hlutabréfa til félagsins sjálfs, svo lengi sem eða að því marki sem hlutfall eigin hlutabréfa hlutafélagsins við kaupdag fer ekki, þrátt fyrir kaupin, yfir 10% af nafnverði hlutfjár félagsins, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Nú er hlutafélagi slitið samkvæmt VI. kafla laga nr. 77/1921, án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 8. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þ. m. t. nafnverð útgefina jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð, er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið seld og keypt. Eigin hlutabréf teljast ekki til eignar. Arður af eigin hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

Til arðs af eignarhlutum í sameignarfélagi samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr. telst sérhver afhending verðmæta til eigenda eignarhluta, er telja verður sem tekjur af eignarhluta þeirra í félaginu, er nemur hærri fjárhæð en 10% af stofnfé og hreinni bókfærðri eign félagsins, annarri en skattfrjálssum varasjóði, í byrjun þess árs, er úthlutun á sér stað. Úthlutun innborgaðs stofnfjár eigenda við félagsslit telst þó eigi til skattskyldra tekna þeirra.

Til arðs af verðbréfum, svo sem skuldabréfum og vixlum, teljast afföll af sliikum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborganátímans.

- E. Ágóði af sölu fyrnanlegs lausafjár samkvæmt 15. gr., þar með talin skip og loftför, sölu verðmæta samkvæmt 4. og 5. tl. A-liðs 15. gr., svo og sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en tvö ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í tvö ár, en skemur en fjögur ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina í full fjögur ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna.

Ágóði af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., er að fullu skattskyldur á söluári. Þó skal ágóði af sölu þessara eigna eigi teljast til skattskyldra tekna, ef skattþegn hefur átt eignina í tvö ár eða lengur. Ágóði af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði hins vegar.

Ágóði af sölu fasteigna, þar með talin sala náttúruauðæfa og keypts réttar til nýtingar þeirra, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hafi skattþegn átt hina seldu eign í full þrjú ár, en skemur en fjögur ár, skulu aðeins þrjár fjórðu hlutar ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full fjögur ár, en skemur en fimm ár, skal aðeins helmingur ágóðans teljast til skattskyldra tekna, en hafi hann átt eignina full fimm ár, en skemur en sex ár, skal aðeins fjórðungur ágóðans teljast til skattskyldra tekna. Hafi skattþegn átt eignina full sex ár eða lengur, telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Þó skal ágóði af sölu íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., eigi teljast til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt íbúðarhúsnæðið íbúðarhæft í þrjú ár eða lengur.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna samkvæmt C-lið 15. gr. skal teljast mismunur söluverðs þeirra annars vegar og bókfærðs verðs þeirra hins vegar, en bókfært verð samkvæmt lögum þessum er heildarfyrningarverð samkvæmt B-lið 15. gr., að frádregnum fengnum fyrningum samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þegar fyrnanleg eign er seld, skal á söluárinu telja seljanda til tekna alla fyrningu, sem hann hefur fengið vegna eignarinnar, umfram leyfilega lágmarksfyrningu, ákveðna eftir reglum C-liðs 15. gr. laganna, allan fyrningartímann til söludags, þó ekki hærrí fjárhæð en söluhagnaði nemur. Í þessu sambandi skulu hámarksfyrningar skipa, skipsbúnaðar og loftfara teljast lágmarksfyrningar fyrstu þrjú ár eignarhaldstímans, enda sé söluhagnaði varið til kaupa sams konar eigna innan tveggja ára frá sölu. Enn fremur skulu í þessu sambandi allar fyrningar fengnar fyrir gildistöku laga þessara teljast lágmarksfyrningar. Söluhagnaður að frádregnum skattskyldum fyrningum samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgreinar telst skattskyldur ágóði samkvæmt 1. og 3. mgr.

Ágóði af sölu fasteigna, sem eigi er heimilt að fyrna samkvæmt 15. gr., og íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið samkvæmt E-lið 15. gr., telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða kostnaðarverði þeirra hins vegar. Þó skal heimilt að miða við fasteignamatsverð, staðfest á árinu 1971, í stað kaupverðs eða kostnaðarverðs, hafi fasteignin verið í hendi seljanda í árslok 1969.

Nú selur skattþegn sérgreinda fasteign eða mannvirki ásamt eignarlóð eða landi í heild eða hluta, og skal þá heildarsöluverði skipt í sama hlutfalli og þessar einingar eru metnar til gildandi fasteignamatsverðs á söludegi. Sama

skal gilda um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu, sé um að ræða sameiginlega sölu íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrarhúsnæðis. Á sama hátt skal ákvörðuð skipting á kaupverði kaupanda.

Ágóði af sölu hlutabréfa skal teljast mismunur raunverulegs söluverðs þeirra annars vegar og kaupverðs þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda skal ákvarða sem samanlagt nafnverð keyþra hlutabréfa og þeirra jöfnunarhlutabréfa, sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða raunverulegt kaupverð, hvort sem hærra reynist. Kaupverð hlutabréfa, sem skattþegn hefur eignast við samruna hlutafélaga samkvæmt 8. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa, er hann lét af hendi. Þegar ákvarða skal ágóða af sölu hlutabréfa, skal kaupverð hvers hlutabréfs ákvarðað jafnt meðalverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattþegns, telst ágóði af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Ágóði telst mismunur á söluverði eignanna annars vegar og kaupverði, kostnaðarverði eða bólfærðu verði þeirra hins vegar.

Þegar skattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein, skal senda gjaldanda tilkynningu þar um í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytinguna skal eigi send hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs fyrir en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi gjaldandi kært breytinguna, sbr. ákvæði 40. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

#### 39. gr.

Eigi síðar en 20. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa samið og lagt fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina álagðan tekju-skatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi. Enn fremur skal skattstjóri senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lög-sagnarumdæmi, og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

#### 40. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 14 daga, frá því er skattskrá er lögð fram eða póstlögð var tilkynning um skattbreytingu, sbr. 4. mgr. 38. gr. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skulu skattstjórar hafa úrskurðað kærur og leiðrétt skattskrá. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu send ríkisskattstjóra. Leiðréttingar á skattskrá skulu jafnframt sendar hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisendurskoðanda og ríkisskattstjóra.

Úrskurðir skulu uppkveðnir af skattstjórum eða af þeim starfsmönnum þeirra, sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þessa starfs.

#### 41. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflugar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kærutriði. Heimilt er ríkisskattanefnd að leyfa, að málflytningur skuli vera munnlegur.

Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera rökstuddir. Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirráðum laga um útsvör.

#### 42. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattaframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögd eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögd eru af skattstjórum, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanevnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

#### 43. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. málslíðs, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

#### 44. gr.

Skattstjórar og ríkisskattanevnd skulu halda gerðabækur í því formi, er fjármálaráðherra fyrirskipar. Þá skulu og skattstjórar gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

#### 45. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanevnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanevndar og skattstjóra á öllu því er framkvæmd þessara laga varðar.

#### 46. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti,  $\frac{1}{2}\%$  fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitanda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að ⅓ hlutum þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir rikisskattanevnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

## VII. KAFLI Refsiákvæði.

### 47. gr.

Nú bætir skattþegn úr göllum á framtali sínu, sbr. 5. málsl. 1. mgr. 37. gr., og er þá skattstjóra heimilt, þrátt fyrir það, að bæta allt að 15% við þær tekjur og/eða eign, sem skattþegn kann að hafa undanfellt í framtali sínu.

Bæti skattþegn eigi úr göllum á framtali sínu, sbr. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla, að skattþegn hafi undanfellt í framtali sínu.

Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., en framtalsskýrsla hans barst áður en skattskrá er lögð fram, skal skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú telur skattþegn eigi fram áður en skattskrá er lögð fram, og skal þá skattstjóri bæta 25% við þær tekjur og/eða eign, sem hann áætla skattþegni, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Nú kærir skattþegn ákvörðun skattstjóra, skv. 6. málsl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 2. mgr. þessarar gr., til skattstjóra innan tilskilins kærufrests, og bætir þar úr göllum á framtali sínu, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfellt á framtali. Nú er eigi bætt úr göllum á framtali fyrr en við kæru til rikisskattanevndar, og skal þá miða skattmat við það, sem rétt virðist skv. þá framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum við þær tekjur og/eða eign, sem ákvarðað er að hafi verið undanfellt á framtali.

Framtal skattþegns, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram, skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattþegn kærir álagningu eða ekki, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Skal þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar, þannig, að þau ákveðist 1% fyrir hvern dag, sem skil hafa dregið, af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eignum, þó aldrei hærri en 15%.

Nú sendir skattþegn framtal með kæru til skattstjóra, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 20% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign. Nú sendir skattþegn framtal með kæru til rikisskattanevndar, og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. framkomnum gögnum og rökum, að viðbættum 25% viðurlögum af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign.

Fella má niður viðurlög skv. þessari grein, ef skattþegn færir rök að því, að honum verði eigi kennt um galla á framtali, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því, að hann bætti eigi úr göllum á framtali, gerði framtalsskýrslu, eða hún kæmi til skila á réttum tíma.

#### 48. gr.

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattfyrivalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla.

#### 49. gr.

Skattstjórum, ríkisskattanefnd og umboðsmönnum skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er um þá, er veita skattstjórum og ríkisskattanefnd aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

#### 50. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni skv. 36. gr. eða skorast undan að láta þar nefndar upplýsingar, skýrslur og gögn af hendi, og skal þá ríkisskattstjóri skera úr um skilaskylduna og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, gefa skattstjóra skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meira en 10000 kr.

Nú er svo ástatt sem 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari

skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

#### 51. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför. Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt. Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

### VIII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 52. gr.

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannlát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef skattþegn hefur veruleg útgjöld haft vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára.
3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Nú fellst skattstjóri á umsókn framfæranda, og skal hann þá eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna barna þessara, sbr. 16. gr.
4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, má veita sama frádrátt og fyrir börn.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun samkvæmt þessari grein. Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum samkvæmt þessari grein og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatt af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt hans með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

#### 53. gr.

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972.

#### 54. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í VI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

#### 55. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattstjóra og ríkisskattanefndar.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingun þess, færslu og geymslu.

## 56. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir lögum þessum, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

## 57. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi ákvæði 1., 2. og 3. gr. laga nr. 78/1967 og lög nr. 48/1970.

Lög þessi skulu þegar öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 4. mgr. 38. gr., 39. gr., 40. gr., 2. málsl. 6. mgr. 47. gr., 3. mgr. 52. gr., svo og I. tl. ákvæða til bráðabirgða skulu þó koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1970

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1970, skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1970 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, annarra en íbúðarhúsnæðis, fyrir árið 1970 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1970, miðað við þær eignir, sem hann átti í árslok 1968 og í árslok 1970. Til gjaldfærðra fyrninga í þessu sambandi skal þó ekki telja þær gjaldfærðar fyrningar, sem myndast hafa af hækkun bókfærðra eigna vegna gengistapa á árinu 1968.

**II.**

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sem fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., þar sem eignum og tekjum skal nú skipt með sameigendum, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1965 og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja ⅓ hluta varasjóðsins við höfuðstól eigenda, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna eigenda. Þann hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal telja með skattskyldum tekjum eigenda með að minnsta kosti einum fimmta hluta ár hvert, þar til varasjóðurinn er að fullu leystur upp. Þeim hluta varasjóðsins, sem hefur ekki verið leystur upp á hverjum tíma, mega eigendur þó verja til að mæta sérstökum fyrningum samkvæmt ákvæðum 5. mgr. D-liðs 15. gr.

**III.**

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971 og 1972 að láta meta endurkaupsverð fyrnanlegra eigna sinna, samkvæmt 1.—3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau áttu í árslok 1970, en höfðu eignast fyrir árslok 1968. Endurkaupsverð eigna samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem gildi tekur á árinu 1971. Frá endurkaupsverði eignanna skal draga þá óbókfærðu fyrningu, sem eigandi þeirra fékk á skattárinu 1970 vegna þessara eigna samkvæmt I. tl. ákvæða til bráðabirgða, og telst mismunurinn heildarfyrningarverð eignanna samkvæmt B-lið 15. gr. Frá þannig ákvörðuðu heildarfyrningarverði lausafjár samkvæmt 1. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal draga hlutfalls tölu þeirra fyrninga, sem samtals hefur verið notuð af eiganda eignarinnar á liðnum árum, þó aldrei meira en 80% fyrir eignir, sem eigandinn eignaðist fyrir 1. janúar 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma, og telst þessi frádráttur fengin fyrning samkvæmt C-lið 15. gr. Aldrei má hið nýja bókfærða verð eignar vera hærra en sennilegt gangverð hennar.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd endurmatsins.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Skattstjórar skulu úrskurða um matið. Skattþegn, sem vill ekki sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til rikisskattstjóra, sem kveður upp um það endanlegan úrskurð.

#### IV.

Á árunum 1971 og 1972 er úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem eigi teljast til arðs, sbr. 2. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr., bundin því, að eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi breytist ekki við útgáfu bréfanna og útgáfan sé byggð á raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs.

#### V.

Sameignarfélag, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, sem óska að verða skattlögð sem sjálfstæðir skattþegnar samkvæmt 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 tilkynna skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis um þá ósk. Tilkynningu skal fylgja vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi, er fullnægi skilyrðum 1. mgr. C-liðs 1. mgr. 5. gr.

Á árunum 1971 og 1972 má yfirfæra á stofnfjárreikning eigenda þessara félaga bókfærða hreina eign félagsins í árslok 1970, aðra en skattfrjálsan varasjóð, án þess að yfirfærslan teljist til arðs, sbr. 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. Sama gildir um hækkun bókfærðs verðs eigna þessara félaga, stafi hækkunin af notkun heimilda í III. tl. ákvæða til bráðabirgða.

#### VI.

Hlutafélög, sem stofnuð hafa verið við gildistöku þessara laga og óska að fá undanþágu frá ákvæðum A-liðs 17. gr., skulu eigi síðar en í árslok 1971 senda umsókn þess efnis til skattstjóra hlutaðeigandi skattumdæmis.

#### VII.

Meðan skattþegnum er skylt að greiða eignarútsvör, er þeim heimilt að draga greidd eignarútsvör frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Sama gildir um greiddan eignarskatt, sem álagður verður á gjaldárinu 1971 eða síðar samkvæmt ákvæðum I. tl. 26. gr. laga nr. 90/1965.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*



**L Ö G**

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Við 55. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, takmarkað skráningu sérlyfs við notkun á tilteknum spítaladeildum eða undir umsjá slíkra deilda. Lyf, sem svo eru skráð, má einungis auglýsa eða kynna fyrir þeim, sem lyfin mega nota samkvæmt framansögðu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. marz 1971.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Eggert G. Þorsteinsson.***L Ö G**

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

2. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Til þess m. a. að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. svo og önnur eftirlitsstörf skv. lögum þessum eða öðrum fyrirmælum, skal starfa í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu lyfjaeftirlitsmaður, er sé lyfjafræðingur að mennt. Honum til aðstoðar við eftirlitið starfi sérhæft aðstoðarfólk eftir þörfum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Eggert G. Þorsteinsson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG****um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á þyrlu af meðalstærð fyrir Landhelgisgæzluna, til notkunar við landhelgisgæzlu, þjörgunarstörf og önnur hjálparstörf, og möguleiki sé á að afla innlends láns til þeirra kaupa.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 4. júní 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

22. júní 1971.

Nr. 72.

**AUGLÝSING**

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 7. apríl 1971 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

**1. gr.**

Á eftir X. kafla komi nýr kafli, er verður XI. kafli og hljóðar svo sem segir hér á eftir, en núverandi XI. kafli verður XII. kafli, og raðtölur lokagreina reglugerðarinnar breytast í samræmi við það.

**„XI. KAFLI**

**Almenn þjóðfélagsfræði.**

*a. Stjórnarfarsleg tilhögun.*

**88. gr.**

Kennsla í almennum þjóðfélagsfræðum fer fram á vegum sjálfstæðrar námsbrautar við Háskólann, sem byggð er á samstarfi milli háskóladeilda um yfirstjórn, og um kennslu eftir því sem við verður komið.

## 89. gr.

Þegar háskólaráð fjallar um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsstjórnar eða þann, er hann kveður til úr hópi kennara í námsstjórn, á ráðsfund, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

## 90. gr.

Áður en lögum eða reglugerðarákvæðum, er varða námsbrautina, er breytt eða við þau aukið, skal leita álits námsstjórnar. Námsstjórn getur og að eigin frumkvæði gert tillögur til háskólaráðs um slíkar breytingar.

## 91. gr.

Kennsla í aðalgreinum almennra þjóðfélagsfræða fer fram á vegum námsbrautarinnar. Aðrar kennslugreinar almennra þjóðfélagsfræða má sækja til hinna ýmsu deilda skólans, þegar því verður við komið. Þó er heimilt að skipa eða ráða kennara í þær greinar sérstaklega.

## 92. gr.

Námsstjórn getur heimilað stúdentum utan námsbrautarinnar, að ljúka allt að 45 námseiningum í kennslugreinum námsbrautarinnar, þannig að tiltekinn fjöldi námseininga svari til ákveðins stigafjölda í almennu BA-námi eða annars til ákveðins námshluta, enda liggi fyrir samþykki hlutaðeigandi deildar. Skal hvert stig til almenns BA-prófs (í heimspekideild) svara sem næst til 15 námseininga. Val námskeiða skal háð reglum, er námsstjórn setur.

Einstök námskeið námsbrautarinnar geta verið liður í kjörnámi stúdenta í hinum einstöku deildum eftir reglum, er hlutaðeigandi deildir setja.

## 93. gr.

Námsbrautin skal vera sérstakt viðfangsefni í fjárlagalið Háskólans.

Kostnað af kennslu, sem námsbrautin sækir til deilda Háskólans, má færa á hennar reikning í samráði við hlutaðeigandi deildir og háskólaritara.

*b. Skipan námsstjórnar.*

## 94. gr.

Námsbrautin lýtur sérstakri námsstjórn. Í henni eiga sæti fastráðnir kennarar við námsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af háskólaráði til tveggja ára úr hópi prófessora, dósentar og lektora, og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

*c. Hlutverk og starfshættir námsstjórnar.*

## 95. gr.

Þegar fjallað er um umsóknir um fastar kennarastöður við námsbrautina, gegnir námsstjórn hlutverki háskóladeildar samkv. 11. gr. laga nr. 84/1970, og eiga fulltrúar stúdenta í námsstjórn þá ekki atkvæðisrétt.

Námsstjórn getur ráðið stundakennara eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

## 96. gr.

Námsstjórn heldur fundi eftir þörfum, en skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur þeirra, er rétt eiga á fundarsetu, sækja fundar.

Formaður námsstjórnar boðar fundi með hæfilegum fyrirvara. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bókfæra skal fundargerð á hverjum fundi, og skal lesa hana og staðfesta, áður en fundi er slitið.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á fundum námsstjórnar, og skal formaður þá boða þá á fund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

#### 97. gr.

Formaður námsstjórnar hlutast til um, að samin sé í tæka tíð skrá um fyrirhugaða kennslu á kennslumisseri því, sem í hönd fer.

#### 98. gr.

Námsstjórn semur lestrar- og kennsluáætlun. Skal fjölrita hana eða prenta og afhenda nemendum, er þeir hefja nám sitt.

Í kennsluáætlun skal greina, hvaða námsgreinar kenndar eru, hvernig þeim er skipt í námskeið, hve námstíminn er áætlaður langur í heild og í hverjum prófhlutum um sig. Enn fremur skal lýsa þar kennsluháttum og prófháttum. Getið skal kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er, að stúdent kynni sér í námi sínu, og almennt greint frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

Að því leyti sem kennsla fer fram utan námsbrautarinnar á vegum einstakra deilda skal samráð haft við deildirnar um kennsluáætlunina.

#### 99. gr.

Námsstjórn gerir áætlanir um húsnæðis-, kennslu- og fjárþarfir námsbrautarinnar og gerir tillögur um þau efni til háskólaráðs.

#### 100. gr.

Námsstjórn sér um próf og ræður tilhögun þeirra, að svo miklu leyti sem ekki eru sett um það bindandi ákvæði í lögum eða reglugerð.

Próf í kennslugreinum, sem sóttar eru út fyrir námsbrautina, hlíta prófreglum hlutaðeigandi deildar.

#### 101. gr.

Námsstjórn ákveður, hvort eða að hve miklu leyti kennsla skuli fara fram, meðan á prófum stendur.

#### 102. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir annast námsstjórn þau verkefni, sem deildum eru falin í IV. og V. kafla l. nr. 84/1970 og í samráði við deildirnar eftir því sem við getur átt.

#### *d. Félag stúdenta í almennum hjóðfélagsfræðum.*

#### 103. gr.

Félag stúdenta í almennum hjóðfélagsfræðum skal hera sömu skyldur og njóta sömu réttinda og deildarfélög stúdenta skv. háskólalögum og reglugerð Háskólans. Einn fulltrúi stúdenta í námsstjórn á atkvæðisrétt við rektorskjör eftir ákvörðun aðalfundar í námsbrautarfélaginu.

#### *e. Námstilhögun og próf.*

#### 104. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

- 1.1. Félagsfræði.
- 1.2. Stjórn málafræði.
- 2.1. Hagfræði.

## 2.2. Sálarfærði.

## 2.3. Tölfræði.

## 3.1. Kjörsvið.

## 4.1. Sérstakar kjörgreinar.

## 105. gr.

Hverri kennslugrein er skipt í námskeið. Námsmagn hvers námskeiðs er metið í námseiningum (e), þannig að hver eining svari sem næst til einnar misserisviku-stundar.

Skiptingu í námskeið og mat þeirra til námseininga ákveður námsstjórnin.

Um hvert námskeið má námsstjórn gera það skilyrði, að á undan því sé lokið tilteknum námskeiðum öðrum.

## 106. gr.

Námsbrautin stefnir að almennu baccalaureus-prófi í almennum þjóðfélagsfræðum. Sá, er fullnaðarprófi lýkur frá námsbrautinni, ber heitið baccalaureus artium (B.A.) í almennum þjóðfélagsfræðum.

Að loknu fullnaðarprófi skal baccalaureus fá prófskírteini, sem formaður námsstjórnar undirritar.

## 107. gr.

Til B.A.-prófs í almennum þjóðfélagsfræðum skal ljúka námskeiðum og prófum, sem þeim fylgja, svo að nemi a. m. k. 90 e. Þar af skal tiltekinn fjöldi, allt að 30 e, vera í undirbúningsnámskeiðum, tiltekinn lágmarksfjöldi í einni grein, aðalgrein, og tiltekinn lágmarksfjöldi á kjörsviði aðalgreinar. Þeim einingum, sem þá eru umfram, skal verja í frjálst kjörnám.

## 108. gr.

Skylt er stúdentum, að ljúka undirbúningsnámskeiðum í félagsfræði, stjórn-málafræði, sálarfærði, hagfræði og tölfræði.

Námsstjórn ákveður nánar námsmagn hvers námskeiðs. Stefnt skal að því, að nám á undirbúningsnámskeiðunum sé sem mest sameiginlegt öllum stúdentum í almennum þjóðfélagsfræðum.

Stúdent skal hafa lokið undirbúningsnámskeiðum innan þriggja missera frá skrásetningu. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentaskrá námsbrautarinnar, nema alveg sérstaklega standi á, enda er þá námsstjórn heimilt að veita undanþágu.

## 109. gr.

Aðalgreinar almennra þjóðfélagsfræða eru félagsfræði og stjórn-málafræði.

Námsstjórn ákveður námskeiðaskiptingu innan aðalgreina og hvert skuli vera námsmagn hvers námskeiðs.

Námskeið í skyldukjarna hvorrar aðalgreinar um sig eru sameiginleg öllum stúdentum í þeirri grein. Stefnt skal þó að því að taka sem ríkast tillit til sérþarfa hvers stúdents, og skulu kennsluhættir sem mest við það miðaðir.

## 110. gr.

Stúdentum skal gefinn kostur á að velja milli nokkurra kjörsviða í aðalgrein eða í tengslum við hana. Í því skyni má sækja kennslu til háskóladeildanna að meira eða minna leyti og í samráði við þær.

Námsstjórn ákveður kjörsvið, námskeið hvers kjörsviðs og hvert skuli vera námsmagn hvers námskeiðs.

## 111. gr.

Sérstakt kjörnám er stúdent heimilt að stunda utan námsbrautar við hinar ýmsu deildir skólans, með samþykki kennara í aðalgrein, er umsjón hefur með námi stúdents.

## 112. gr.

Fullnaðarprófi skal stúdent hafa lokið innan 8 missera frá skrásetningu. Ef stúdent lýkur ekki prófi skv. framansögðu skal má nafn hans af stúdentaskrá námsbrautarinnar, nema alveg sérstaklega standi á, enda er þá námsstjórn heimilt að veita undanþágu.

## 113. gr.

Námsstjórn er heimilt að setja reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta, um skyldu þeirra til að leysa verkefni og taka þátt í æfingum í tengslum við kennsluna og um skyldu þeirra til að halda seminarerindi og skila ritgerðum um afmörkuð efni.

## 114. gr.

Próf skal halda í lok beggja missera, í janúar og maí—júní. Heimilt er námsstjórn þó að halda próf á öðrum tímum.

## 115. gr.

Skriflegt próf skal haldið úr námsefni hvers námskeiðs, og skal það vera sérstakur prófhluti, þannig að stúdent þarf lágmarkseinkunnina 7 í honum. Heimilt er samkvæmt ákvörðun námsstjórnar, að ritgerð komi að einhverju eða öllu leyti í stað prófs. Heimilt er að halda auk þess munnlegt lokapróf í aðalgrein, sem að einkunnagildi samsvari 10 námseiningum, þannig að 100 e. komi til útreiknings loka-einkunnar. Lokaeinkunn er meðaltal einstakra einkunna, vegið í hlutfalli við náms-  
einingafjölda.

Heimilt er með leyfi háskólaráðs að prófa í einu lagi úr námsefni fleiri námskeiða en eins, svo og að ákveða að próf úr námsefni tiltekinna námskeiða skuli vera forpróf.

Heimilt er með leyfi háskólaráðs að gefa einkunnir eftir öðrum einkunnastiga en stofneinkunnum Háskólans.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um kjörsvið gilda ekki um þá stúdenta, sem eftir ákvörðun námsstjórnar teljast á 2. ári náms haustið 1970.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1970, um breyting á þeim lögum, og öðlast hún þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 23. júní 1971 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

## 1. gr.

Í A- og B-liðum 32. gr. verði sú breyting, þar sem ræðir um skrásetningargjald (skráningargjald), að í stað orðanna „1 000 krónur“ komi „1 500 krónur“.

**2. gr.**

42. gr. f. l., 1. málsgr., orðist svo:

Efnafræði I. Á fyrsta námsári undirbúningskennsla í efnafræði. Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til að fá að halda áfram námi í læknadeild. Heimilt er, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að efna til 4—5 vikna sumarnámskeiðs í efnafræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í efnafræði.

**3. gr.**

42. gr. f. 2., 1. og 2. málsgr., orðist svo:

Eðlisfræði I. Á fyrsta námsári undirbúningskennsla í eðlisfræði. Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til að fá að halda áfram námi í læknadeild. Heimilt er, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að efna til 4—6 vikna sumarnámskeiðs í eðlisfræði og stærðfræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í eðlisfræði.

**4. gr.**

Tvær síðustu málsgr. 43. gr. orðist svo:

Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi eða prófhluta, má hann þreyta þann prófhluta að hausti eða að ári líðnu, enda séu ákvæði um heildarnáms tíma ekki því til fyrirstöðu. Sömuleiðis skal stúdent heimilt að þreyta haustpróf, hafi hann ekki getað gengið undir próf að vori vegna veikinda á skólaárinu eða vegna annarra forfalla, lögmatra að dómi deildar. Þessi ákvæði eiga ekki við um próf tekin á fyrsta ári, nema læknadeild ákveði annað.

Ætlað er til þess, að ljúka skuli prófi þegar í nóvember á fyrsta námsári og síðan í lok hvers námsárs. Meira en 8 ár mega ekki líða frá skrásetningu til loka-prófs, nema með sérstöku leyfi deildarinnar.

**5. gr.**

46. og 47. gr. orðist svo:

**46. gr.****Kennsla í lyfjafræði lyfsala.***a. Inntökuskilyrði.*

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

*b. Kennslugreinar og kennsluhættir.***1. Náms tími og kennsluhættir.**

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár. Próf eru haldin í lok hvers kennsluárs.

**2. Kennslugreinar.**

Á fyrsta kennsluári skal kenna:

Lyfjagerðarfræði (pharmacia), bóklega og verklega, almenna og ólífræna efnafræði, bóklega og verklega, lífræna efnafræði, bóklega og verklega, latínu, verðlagningu lyfja og lyfjalöggjöf.

Að loknu fyrsta kennsluári skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð og Lyfjaverzlun ríkisins í samráði við aðalkennara í lyfjafræði lyfsala. Stúdent skal

stunda hið verklega nám frá 15. júní til 31. janúar næsta ár og aftur frá 1. júní til 15. ágúst og fá tveggja vikna sumarleyfi á verknámstíma sínum. Stúdent má leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðal-kennara.

Á síðari hluta 2. kennsluárs (4. misseri) skal kenna:

Stærðfræði, tölfræði, gagnafræði, eðlisfræði, lyflýsingafræði og grasafræði.

Á þriðja námsári skal kenna:

Lyfjaefnafræði, lyflýsingafræði, grasafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega og efnagreiningu.

### *c. Verklegt nám.*

Við verklegt nám utan háskólans skal stúdent starfa sem hér segir:

Í lyfjabúri 3 mánuði, að afgreiðslustörfum 1 mánuð, að galenskri lyfjagerð og rannsóknarstofustörfum 4 mánuði og við áfyllingar og birgðaeftirlit 1 mánuð.

Í byrjun annars námsárs er stúdent afhent skrá yfir verkefni, er hann skal leysa á verknámstíma sínum. Á verknámstíma sínum utan háskólans skal stúdent færa dagbók.

Stúdent skilar dagbók og úrlausnum verkefna í síðasta lagi tveimur vikum áður en miðpróf fer fram.

### 47. gr.

#### **Próf í lyfjafræði lyfsala.**

##### *a. Prófgreinar og tilhögun prófs.*

Prófum í lyfjafræði lyfsala er skipt í þrjá hluta, og eru prófgreinar og gildi einkunna í hverri prófgrein sem hér segir:

#### **Upphafspróf:**

Skriflegt: Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, almenn og ólífræn efnafræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, almenn og ólífræn efnafræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn.

#### **Miðpróf:**

Skriflegt: Verðlagning lyfja, latína og lyfjalöggjöf: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: einföld einkunn, lyfjagerð eftir lyfseðli: einföld einkunn.

#### **Lokapróf (fyrri hluta próf):**

Skriflegt: Lyfjaefnafræði: tvöföld einkunn, lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasafræði: einföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn, lífefnafræði: tvöföld einkunn.

Verklegt: Efnagreining: einföld einkunn, lífefnafræði: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til upphafsprófs, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í upphafi 1. kennsluárs. Þá er stúdent segir sig til miðprófs, skal hann hafa staðizt upphafspróf og lokið tilbúningi allra þeirra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í byrjun annars námsárs, skilað dagbók og vinnustofudagbók, er kennari og prófdómendur meta gilda og leggja vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Einkunn í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við vinnustofudagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Á sama hátt skal miða einkunn fyrir lyfjagerð eftir lyfseðli að hálfu við dagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.



Þegar stúdent segir sig til lokaprófs, skal hann hafa lokið miðprófi og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Nú stenz stúdent eigi upphafspróf eða lokapróf, og er honum þá heimilt að þreyta próf aftur að ári liðnu, enda hafi hann haldið áfram námi við háskólann a. m. k. eitt kennslumisseri eftir að honum fataðist prófið. Standist stúdent ekki miðpróf, er honum heimilt að þreyta prófið aftur að ári liðnu, enda hafi hann þá starfað eigi skemur en sex mánuði við verklegt nám í greininni frá því honum fataðist prófið.

Nú óskar stúdent, sem eigi hefur staðizt próf eða gengið frá prófi, að þreyta próf að nýju, og verður hann þá að þreyta próf í öllum greinum í því prófi.

Engan hluta prófs má þreyta oftár en tvisvar, og prófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Hafi stúdent byrjað á prófi, en gengið frá því, getur hann ekki sagt sig til prófs að nýju fyrir en að ári liðnu.

#### *b. Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.*

Við ákvörðun á einkunn skal nota tugeinkunnakerfi, (sbr. 57. gr. C, um próf í verkfræðideild). Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðzt við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdentar hafa leyst á námstímanum. Til að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 6.00 í hverri af þessum verklegu greinum: galenskri lyfjagerð, lyfjagerð eftir lyfseðli og efnagreiningu og ekki minna en a. m. k. 6.00 að meðaltali í hverjum einstökum hluta fyrir sig.

#### 6. gr.

Á eftir 53. gr., 4. málsgr., komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að áskilja, að stúdent skrifi ritgerðir úr efni, sem farið hefur verið yfir í kennslunni. Skulu ritgerðarefni gefin með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara. Kennari og prófdómandi gefa einkunnir fyrir slíkar ritgerðir og koma þær í staðinn fyrir próf í kennslugreininni, bæði skrifleg og munnleg. Nú fær stúdent undanþágu frá ritgerðarskyldu í einhverri grein, og skal hann þá taka próf í greininni.

#### 7. gr.

Fyrirsögn X. kafla verði **Um rannsóknarstofnanir** og 87. gr. orðist svo:

Heimilt er að efna til rannsóknarstofnana við einstakar deildir háskólans samkvæmt ákvörðun deilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir því sem fé verður veitt til þess. Skulu þær að jafnaði heyra undir háskóla-deild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið rannsóknarstofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. Heimilt er að fela rannsóknarstofnun að annast kennslu innan fræðasviða hennar.

#### 8. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 25. júní 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

14. júlí 1971.

217

Nr. 74.

## AUGLÝSING

### um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

**Ólafur Jóhannesson** fer með forsætisráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

**Einar Ágústsson** fer með utanríkisráðuneytið.

**Halldór E. Sigurðsson** fer með fjármálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið.

**Hannibal Valdimarsson** fer með félagsmálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

**Lúðvík Jósefsson** fer með sjávarútvegsráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

**Magnús Kjartansson** fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og iðnaðaráðuneytið.

**Magnús Torfi Ólafsson** fer með menntamálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Skipun og starfsemi framkvæmdastofnunar, sem sett verður á fót, heyrir undir ríkisstjórnina sameiginlega.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 14. júlí 1971.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1971

Nr. 75.

218

19. júlí 1971.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta og flýta gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar, en þau lög eiga að öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

### 1. gr.

Við 80. grein laga nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

„Þó skulu koma til framkvæmda hinn 1. ágúst 1971 eftirtalin ákvæði laganna:

- a. Ákvæði 11. greinar um ellilífeyri.
- b. Ákvæði 12. greinar um örorkubætur.
- c. Ákvæði 14. greinar um barnalífeyri.
- d. Ákvæði 15. greinar um mæðralaun.
- e. Ákvæði 17. og 18. greinar um ekkjubætur og ekkjulífeyri.
- f. Ákvæði 2. málsg. 19. greinar um lágmarkslífeyri elli- og örorkulífeyrisþega.“

### 2. gr.

Við 16. grein laganna komi ný málsgrein, sem hljóði svo: „Frá og með 1. ágúst 1971 skal þó fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi.“

### 3. gr.

Allan kostnaðarauka, sem af setningu þessara bráðabirgðalaga leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

### FORSETI ÍSLANDS

#### *gjörir kunnugt:*

Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ráðstafanir til að hækka kaup sjómanna. Beri því að fella úr gildi ákvæði 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, er kveða á um skyldu til greiðslu sérstakrar kostnaðarhlutdeildar til útgerðaraðila, er ekki kemur til hlutskipta. Jafnframt sé nauðsynlegt, að Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoði gildandi lágmarksverð til hækkunar, þannig að lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækki um 18—19%, en aðrar tegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4, 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, er úr gildi felldur. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslíð 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskaflans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

*Gjört í Reykjavík, 21. júlí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í samstarfssamningi stjórnarflokkanna sé ákveðið, að verðstöðvun skuli haldið áfram enn um sinn, og að þau 2 vísitölustig, sem samkvæmt lögum nr. 94 19. nóvember 1970 verða ekki reiknuð í kaupgreiðsluvísitölu fyrr en 1. september 1971, skuli þegar tekin í hana. Þar sem ráðstafanir þessar séu nauðsynlegur þáttur í þeim kjarabótum, sem ríkisstjórnin hefur heitið að heita sér fyrir, en verði eigi framkvæmdar án breytingar á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, beri brýna nauðsyn til að ákveða þær breytingar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. desember 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%.

#### 2. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu fram að 1. ágúst 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

#### 3. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu á gildistíma þessara laga skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsupphótar á laun.

#### 4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsupphót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1971.

#### 5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1971.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. júlí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1971

---

30. júlí 1971.

221

Nr. 78.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að í samstarfssamningi stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar sé ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að bæta launþegum þau 1.3 vísitölustig, er samkvæmt lögum nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, hafa ekki komið fram í kaupgreiðsluvísitölu. Einn þáttur í þessari fyrirætlun ríkisstjórnarinnar sé að fella niður námsbókagjald samkvæmt lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, og beri því brýna nauðsyn til að breyta þeim lögum með setningu bráðabirgðalaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði og miðist árleg fjárveiting við kostnað við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhugaðar framkvæmdir á fjárhagsárinu. Á árinu 1971 greiðir ríkissjóður ríkisútgáfu námsbóka fjárhæð, sem svarar til álagðs námsbókagjalds fyrir það ár, auk ríkissjóðshluta af kostnaðinum. Þeir, sem þegar hafa greitt innheimtumönnum ríkisins námsbókagjald 1971, skulu fá það endurgreitt hjá sömu aðilum.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 30. júlí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

---

Stjórnartíðindi A 13, nr. 78. Útgáfudagur 5. ágúst 1971.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1971

Nr. 79.

222

13. ágúst 1971.

## L Ö G

### um iðju og iðnað.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 8 13. febrúar 1970, um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga ásamt áður áorðnum breytingum inn í lög nr. 18 31. maí 1927 og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Um iðju.

##### 1. gr.

Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn og heimilisiðnað, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru. Ekki ná þó lög þessi til iðju, að því leyti sem fyrirmæli laga um vatnsorkusérleyfi láta um mælt.

##### 2. gr.

Enginn má reka nokkurs konar iðju á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

##### 3. gr.

Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt, og hefur verið það síðasta árið.
  2. Er fjárráður.
  3. Hefur forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldgreiðslur hans milli hans og lánardrottna hans.
  4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju.
- Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, né maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

##### 4. gr.

Nú vill félag eða stofnun reka hér iðju, og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu þeir allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.
2. Ef enginn féлага ber fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar, stjórnendur félags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félags, er brjóti í bága við íslenzk lög.

## 5. gr.

Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—3. tölulið segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum (4. tölul. 3. gr.).

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdastjóri félags skilyrða þeirra, er í 4. gr. 2. segir, eða félag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs eða hlutafé verður eign erlendis búsettra manna frammar en lögmætt er, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða, frá því er breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

## 6. gr.

Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi félags, þar sem einn eða fleiri félaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóðar það á nafn félags. Nú fer félagi, sem fulla ábyrgð ber, úr félagi eða slíkur nýr félagi bætist við, og þarf félag þó ekki að leysa nýtt leyfi, meðan einn félaga er eftir, þeirra er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu.

Enginn má framselja iðjuleyfi né leyfa öðrum að reka iðju í skjóli síns leyfis.

Rétt er ekkju að halda áfram iðju látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmætum skilyrðum.

Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleifanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

## 7. gr.

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.
2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða sölu- aðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágur frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsg. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

## 8. gr.

Nú hefur lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá innan þriggja mánaða ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfissmissi, allt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfissmissi eða tap, er honum hlýzt af ákvörðunum ráðherra.

## 9. gr.

Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo löguð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði horið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í



öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gera breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkvæmt 8. gr., svo sem við á.

Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leynd alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

#### 10. gr.

Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjurekstrar í öndverðu eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsg. 9. gr., að iðjuhöldur:

1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu.
2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir, er nauðsynlegar þykja.
3. Kosti aukna löggæzlu, er leiða kann af atvinnurekstrinum.
4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur.
5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra, sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hér á landi.
6. Þoli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti sem það má vera án verulegs бага fyrir hann, enda úrskurði ráðherra, ef ágreiningur verður.
7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja.

#### 11. gr.

Greina skal í iðjuleyfi, hvers konar iðju heimilt sé að reka samkvæmt því, og hvar hana megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarrar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi, ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til.

Veita má sama aðila leyfi til að reka fleiri en eins konar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá).

#### 12. gr.

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla.

## II. KAFLI

### Um iðnað.

#### 13. gr.

Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.

Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.

#### 14. gr.

Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi.

Enginn má stunda iðnað, nema meistara, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.

Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins.

## 15. gr.

Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Nú er sveina- og meistarafélag ekki til í einhverri iðn, og getur þá meiri hluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt sams konar leyfi.

Í sveitum, og kauptúnum með 300 íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að byggingariðnaðarstörfum.

## 16. gr.

Sá maður hefur iðnréttindi, sem:

- a. hefur fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
- b. hefur sveinsbréf í iðn sinni, eða
- c. hefur iðnbréf í iðn sinni, eða
- d. hefur haft félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1936.

## 17. gr.

Hver maður, karl eða kona, á rétt á að fá meistarabréf, ef hann:

1. Fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—3. og 4. tölul. 3. gr. og
2. a. hefur fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða  
b. hefur sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara.

Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Hafi sveinninn lokið prófi frá viðurkenndum framhaldsskóla (tekniskum dag-skóla) í iðn sinni, færast þessi 3 ár niður sem skólatímanum svarar, þó aldrei niður úr 1 ár.

## 18. gr.

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, enda sé þá jafnframt ákveðið, hverjar kröfur skuli gerðar til meistaraprófs.

## 19. gr.

Geta skal þess í meistarabréfi, hvers konar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Meistarabréf veitir aðilja heimild til þess að reka þá iðn, sem sveinsbréf hans greinir, svo og að stjórna iðnrekstri fyrir aðra, hvar sem er á landi hér, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rétt til að ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum, þó þá eina, sem rétt hafa til iðnaðarvinnu samkvæmt lögum þessum.

Rétt er að veita sama aðilja meistarabréf í fleiri en einni iðn, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

## 20. gr.

Í byggingarsamþykktum má ákveða, að enginn megi veita húsbýggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Ef aðrir taka að sér framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

## 21. gr.

Sá hefur fyrirgert rétti sínum samkvæmt meistarabréfi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 1.—3. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annarra skilyrða (sbr. 4. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda réttinum.

Ef félag á hlut að máli, þá skal svo með fara, sem í 2. málsg. 4. gr. segir.

## 22. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf, samkvæmt tillögu viðkomandi iðnráðs.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðilja þá rétt að bera málið undir ráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans.

## 23. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfssvið þeirra.

## III. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 24. gr.

Halda skal skrá yfir öll þau leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrir mæli um þessi efni.

## 25. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annarra ríkja hér á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurétt hér samkvæmt samningum en lög þessi greina.

## 26. gr.

Gjalda skal ríkissjóði fyrir: Iðjuleyfi kr. 2 000.00; meistarabréf kr. 1 000.00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður allt að helmingi, ef sérstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sér og sínum o. s. frv.

## 27. gr.

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða eftir að hann hefur misst lögsmæt skilyrði eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum frá 100—2000 kr., og réttindamissi í 5—10 ár, ef um ítrekuð brot er að ræða, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem meistarabréf þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefur misst heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli meistarabréfs síns.
3. Tekur að sér verk, er í 20. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefur réttindi meistarans, eða heldur nemendur án löglegs námssamnings.
5. Tekur mann til iðnaðarvinnu, sem ekki hefur rétt til þess samkvæmt 14., 15. og 16. gr.

## 28. gr.

Sektir samkvæmt 27. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefur rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 27. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lög-reglumála.

## 29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. ágúst 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G****um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt 16. gr. laga nr. 5 5. apríl 1971 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í hin síðarnefndu og gef þau út svo breytt:

**I. KAFLI****Um aflatryggingar.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr.**

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum.

**3. gr.**

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll fiskiskip bátaflotans og öll síldveiðiskip án tillits til stærðar.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga allir íslenskir togarar.

Hlutverk jöfnunardeildar er að veita hinum deildunum lán eða styrki, svo og að greiða sérstakar bætur vegna friðunar hrygningarsvæða samkv. síðustu mgr. 10. gr.

**4. gr.**

Með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnnum eftirfarandi aðila: Alþýðusambands Íslands, Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða: 1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti á hverju bótasvæði. Stundi skipið ekki veiðar með eðlilegum hætti, þar með talin stærð áhafnar, lengd úthaldstímabils og veiðibúnaður, breytist bótaréttur hlutfallslega. 2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu

þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði. 3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl. 4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum og kauptryggingu á hinum ýmsu veiðum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslu úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast ekki innan þess frests, sem tiltekinn er í reglugerð, sem sett verður samkvæmt lögum þessum, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

#### 5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðsstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar á hlutaðeigandi bótasvæði, skýrslu um útgerð og aflabrogð veiðiskips síns á bóatímabilinu í því formi, er stjórnin ákveður. Berist skýrslur eigi innan árs frá lokum viðkomandi vertíðar eða tryggingartímabils, fellur bótaréttur niður. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um útgerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

#### 6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinni almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni samkvæmt 4. gr. Þó skal sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstakar ástæður liggja til þess, að ákveða fyrir hina almennu deild bátaflotans, að þessi hundraðstala skuli vera 80 fyrir haustvertíð.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og endurskoðenda, en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 3. mgr.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnarinnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á deildir í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 8. gr.

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans eru eignir síldveiðideildar og hinnar almennu deildar bátaflotans við gildistöku laga þessara.

Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru kr. 20 000 000.00, sem ríkissjóður greiði með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 8 árum eftir árslok 1969.

### 9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru: 1. 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru. 2. Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. tölulið. 3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. tölulið 1. mgr.

Tekjur samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. skiptast þannig milli deilda. Í hina almennu deild bátaraflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum bátaraflotans. Í hina almennu deild togaraflotans renna allar tekjur af útfluttum fiskafurðum togaraflotans.

Tekjur samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. renna óskiptar í jöfnunardeild.

### 10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju bótasvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur, og skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skipa þess flokks á viðkomandi bótasvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á það veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta, þó aldrei meira en samsvarar því, að 67% vanti á meðalveiðimagnið, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar	45% af meðalafla,	fær	40% bætur af því,	sem á vantar	meðaltal.
— — —	46%	— —	39%	— — — — —	—
— — —	47%	— —	38%	— — — — —	—
— — —	48%	— —	37%	— — — — —	—
— — —	49%	— —	36%	— — — — —	—
— — —	50%	— —	35%	— — — — —	—
— — —	51%	— —	34%	— — — — —	—
— — —	52%	— —	33%	— — — — —	—
— — —	53%	— —	32%	— — — — —	—
— — —	54%	— —	31%	— — — — —	—
— — —	55%	— —	30%	— — — — —	—
— — —	56%	— —	29%	— — — — —	—
— — —	57%	— —	28%	— — — — —	—
— — —	58%	— —	27%	— — — — —	—
— — —	59%	— —	26%	— — — — —	—
— — —	60%	— —	25%	— — — — —	—
— — —	61%	— —	24%	— — — — —	—
— — —	62%	— —	23%	— — — — —	—
— — —	63%	— —	22%	— — — — —	—
— — —	64%	— —	21%	— — — — —	—
— — —	65%	— —	20%	— — — — —	—
— — —	66%	— —	19%	— — — — —	—
— — —	67%	— —	18%	— — — — —	—
— — —	68%	— —	17%	— — — — —	—
— — —	69%	— —	16%	— — — — —	—
— — —	70%	— —	15%	— — — — —	—
— — —	71%	— —	14%	— — — — —	—
— — —	72%	— —	13%	— — — — —	—
— — —	73%	— —	12%	— — — — —	—
— — —	74%	— —	11%	— — — — —	—
— — —	75%	— —	10%	— — — — —	—

Skip, sem aflar	76%	af meðalafla, fær	9%	bætur af því, sem á vantar meðaltal.
— — —	77%	— — —	8%	— — — — —
— — —	78%	— — —	7%	— — — — —
— — —	79%	— — —	6%	— — — — —
— — —	80%	— — —	5%	— — — — —
— — —	81%	— — —	4%	— — — — —
— — —	82%	— — —	3%	— — — — —
— — —	83%	— — —	2%	— — — — —
— — —	84%	— — —	1%	— — — — —
— — —	85%	— — —	0%	— — — — —

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur, fyrr en bótatímabili er lokið og skýr mynd er fengin af afkomu viðkomandi flokks skipa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Má í þessu skyni verja allt að kr. 1 000 000.00 hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

#### 11. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 60 millj. kr. handa sjóðnum eða einstökum deildum hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þessi.

#### 12. gr.

Ef skip veiða minna en 33% af meðalveiðimagni viðkomandi flokks, skal sjóðsstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðsstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikla vanrækslu er að ræða. Skip, sem stundað hafa veiðar  $\frac{1}{3}$  bótatímabilsins eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.

#### 13. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

#### 14. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

## II. KAFLI

## Um greiðslur fæðiskostnaðar bátasjómannanna.

## 15. gr.

Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

## 16. gr.

Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1.5% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

## 17. gr.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 120 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 100 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann.

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem hafa ekki lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, að bátar þessir hafi verið gerðir út eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þeirra báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. janúar 1971 greiðir áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsháta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

## 18. gr.

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi stíðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

## 19. gr.

Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegismaður hefur ráðið bót á þessu.

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.



## 20. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970. Þá skulu a- og b- liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

## III. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

## 22. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

## 23. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togarafla.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða  $\frac{2}{3}$  hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.

*Gjört í Reykjavík, 16. september 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1971.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 17. september 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1971

26. nóvember 1971.

233

Nr. 82.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

### 2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

### 3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparfé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu hins vegar skráð á nafn eiganda.

### 4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini, skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, til sölu innanlands, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætttri áfallinni verðlagsuppbót.

### 5. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. og 4. gr., er fjármálaráðherra heimilt að verja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. nóvember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Stjórnartíðindi A 15, nr. 82. Útgáfudagur 29. nóvember 1971.

A 29

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1971

---

Nr. 83.

234

16. desember 1971.

## L Ö G

um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrárm og reglugerðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, holræsagjöld, gangstéttargjöld, sorphreinsunargjöld og lóðarleiga, skulu vera óbreytt í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, unz staðfestar hafa verið nýjar gjaldskrár og reglugerðir um tekjur þessar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört i Reykjavík, 16. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

Nr. 84.

17. desember 1971.

## L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Síðasti másl. 3. gr. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

### 2. gr.

Síðasti másl. 8. gr. falli niður.

17. desember 1971.

235

Nr. 84.

1. mgr. 47. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

4. gr.

*Gjört í Reykjavík, 17. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

21. desember 1971.

Nr. 85.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun  
og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og hvarvetna  
annars staðar í lögnum komi: landbúnaðarráðuneyti.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í  
senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á  
þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og með-  
ferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema  
til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

21. desember 1971.

Nr. 86.

## L Ö G

um breyting á l. nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði og miðist árleg fjár-  
veiting við kostnað við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhugaðar framkvæmdir

á fjárhagsárinu. Á árinu 1971 greiðir ríkissjóður ríkisútgáfu námsbóka fjárhæð, sem svarar til álagðs námsbókagjalds fyrir það ár, auk ríkissjóðshluta af kostnaðinum. Þeir, sem þegar hafa greitt innheimtumönnum ríkisins námsbókagjald 1971, skulu fá það endurgreitt hjá sömu aðilum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G****um orlof.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

## 2. gr.

Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

## 3. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

## 4. gr.

Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagar veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagar, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

## 5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

## 6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

## 7. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé  $8\frac{1}{3}\%$  af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfe af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Sama gildir um orlofslaun og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

## 8. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

## 9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri, á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki krafizt launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

## 10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

## 11. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

## 12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

## 13. gr.

Framsaf orlofsfjár og flutningur þess á milli orlofsára er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins. Um réttindi, sem slíkar iðgjaldagreiðslur veita, fer eftir reglum hlutaðeigandi sjóðs.

## 14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

## 15. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

## 16. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Orlofslaun fastra starfsmanna miðast við 22 daga virka á árinu 1972.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

## um 40 stunda vinnuviku.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir:

- a. Sjómenn á fiskiskipum.
- b. Kaupafólk og vinnuhjú, nema ráðin séu til starfa samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.
- c. Launþegar, sem vinna heimavinnu eða önnur þau störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með.
- d. Forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið.

Þar sem rætt er um aðila í lögum þessum, er átt við aðila vinnumarkaðarins.

## 2. gr.

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu ekki unnar fleiri en 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

## 3. gr.

Heimilt er að semja um vaktavinnu, og taka ákvæði þessara laga ekki til þess vinnufyrirkomulags að öðru leyti en því, að ekki skal miða við fleiri en 40 klst. dagvinnu á viku, að meðaltali.

## 4. gr.

Matartími skal ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutíma. Aðilar koma sér saman um, hvenær á vinnutímabilinu matartími skuli vera.

## 5. gr.

Kaffihlé teljast til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fer eftir samkomulagi aðila.

## 6. gr.

Fridagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní, enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.

## 7. gr.

Vikja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.



Með heildarsamtökum er hér átt við landssambönd innan Alþýðusambands Íslands og Alþýðusamband Íslands vegna þeirra félaga, sem ekki eru í landssamböndum þess, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Staðfestingu heildarsamtaka vinnuveitenda þarf þó ekki við, þegar í hlut eiga ríkið, sveitarfélög og stór fyrirtæki, sem ekki eru í vinnuveitendasamtökum.

**8. gr.**

Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum.

**9. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um að fresta til 1. janúar 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62  
18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðanna „til ársloka 1971“ í 8. gr. laganna komi: til ársloka 1972.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósepsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna breytist þannig:

Í stað „400 krónur“ komi: 1200 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (29. gr.) Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.
- b. (30. gr.) Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með skilgetnu barni, þar til það nær þeim aldri, er 29. gr. kveður á um, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Síðari mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu barnsföður (meðlagsskylds) við lægri aldur barns en á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum.

**2. gr.**

Aftan við lögina bætist ný gr., svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1972 skal greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G**

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI****Hlutverk og skipulag.****1. gr.**

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er ríkisstjórninni til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum: hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lána-deild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

## 2. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Ríkisstjórnin skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundinum ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnarinnar.

## 3. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

- 1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstöðumanna deilda;
- 2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, að fengnum tillögum framkvæmdaráðs;
- 3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlanaverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
- 4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 11. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
- 5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
- 6) að fara með stjórn Bygðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðarfrýrvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.

## 5. gr.

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

- 1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
- 2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;
- 3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Bygðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum tillögum forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

## II. KAFLI

## Hagrannsóknadeild.

## 6. gr.

Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlana-gerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

Deildin er ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstjórnina.

### III. KAFLI Áætlanadeild.

#### 7. gr.

Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.

#### 8. gr.

Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land, með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðapróun.

#### 9. gr.

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst.

#### 10. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í samráði við ríkisstjórnina, í hvaða röð skal unnið að áætlunaverkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hverrar áætlunar.

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnu- markaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, og má fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar, ef henta þykir.

Byggðaáætlanir skulu gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.

Meðan unnið er að áætlanagerð í viðkomandi landshluta, getur stjórn stofnunarinnar sett þar upp skrifstofu til bráðabirgða.

#### 11. gr.

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

### IV. KAFLI Lánadeild.

#### 12. gr.

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skulu hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá

lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.

### 13. gr.

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

### 14. gr.

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annast athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.

### 15. gr.

Framkvæmdaráð skal hafa náð samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslensku efnahags- og atvinnulífi.

### 16. gr.

Lánadeildin getur, ef hagkvæmt þykir, haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu. Að öðrum kosti verði þessi verkefni falin starfandi ríkisbanka.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstöku reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar.

### 17. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarféлага um samvinnu þessara sjóða og féлага við stofnunina varðandi lánveitingar.

## V. KAFLI

### Um Framkvæmdasjóð Íslands.

### 18. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

**19. gr.**

Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

**20. gr.**

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að heina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarþúfið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar.

Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því:

- 1) að veita fé til þeirra fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, enda sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar;
- 2) að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstaka nauðsyn bera til þess og
- 3) að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

**21. gr.**

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands og ráðstöfun fjármuna hans.

Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal árlega um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja lánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr sjóðnum.

Hún tekur enn fremur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör Framkvæmdasjóðs að fengnu samþykki ríkisstjórnar og úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvörðun um afskriftir af kröfum sjóðsins.

**22. gr.**

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.

**23. gr.**

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda, að hann beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum við slíkar breytingar.

**24. gr.**

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. gr.

**25. gr.**

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana, með sama hætti og ríkisbankar.

Nú er fasteign seld á nauðungarupphóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá upphöldshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess

í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

## VI. KAFLI

### Um Byggðasjóð.

#### 26. gr.

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

#### 27. gr.

Byggðasjóður tekur við stofnfé Atvinnujöfnunar sjóðs, skv. lögum nr. 69/1966, greiddu og ógreiddu, og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1972.

#### 28. gr.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

- 1) Eignir Atvinnujöfnunar sjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
- 2) Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 1 000 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1972.
- 3) Skattgjald af álbræðslu í Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Frá og með októbermánuði 1978 lækkar hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20%, en hlutur Byggðasjóðs eykst að sama skapi.
- 4) Vaxtatekjur.

#### 29. gr.

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

#### 30. gr.

Heimilt er Byggðasjóði að veita vaxtalaus bráðabirgðalán til allt að tveggja ára til framkvæmda, sem greiðast eiga af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið. Þá er og heimilt að veita óafturkræf framlög, ef sérstaklega stendur á.

Enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða starfrækja áfram í samræmi við tilgang sjóðsins og þarfir viðkomandi byggðarlags.

#### 31. gr.

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanaeild.

#### 32. gr.

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.



**33. gr.**

Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla Byggðasjóði lánsfjár allt að 300 milljónum króna á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga, gegn ábyrgð rikissjóðs.

**34. gr.**

Ákvæði 25. gr. ná einnig til Byggðasjóðs.

**VII. KAFLI****Ýmis ákvæði.****35. gr.**

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið. Byggingarnefndir og oddvitar senda stofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingaleyfi og veittra byggingaleyfa.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin þó hafa samráð við Hagstofuna og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

**36. gr.**

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar eftir nánari reglum og samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

**37. gr.**

Fari Framkvæmdastofnun ríkisins með vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, sbr. 16. gr., skulu kosnir af Alþingi tveir endurskoðendur til að endurskoða reikninga þeirra.

Ársreikningar sjóðanna skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til staðfestingar.

**38. gr.**

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni.

Forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 60 1964.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

**39. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 66/1966 og lög nr. 69/1966, svo og önnur lög og lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við þessi lög.

**40. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsáskvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

## 2. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi eftirfarandi:

## Ákvæði til bráðabirgða.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, sbr. ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsg. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til þeirrar hækkunar á húsaleigu, sem ákveðin var skv. fyrri málsg. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem ákveðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og gilda til 31. desember 1972.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósepsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsg. 6. gr. orðist svo:

Rísi ágeiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.

**2. gr.**

Orðin „sem átt hafa sér stað eftir 1. janúar 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.

**3. gr.**

14. gr. orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnast. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjú mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimilud.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

#### 4. gr.

17. gr. orðist svo:

Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. 7368.00 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5525.00 á mánuði.

#### 5. gr.

19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komið af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t. d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

#### 6. gr.

Í b-lið 29. gr. falli burtu orðin „hjá meistara“.

#### 7. gr.

Í stað orðanna „3. málsg. 29. gr.“ í 30. gr. c-lið komi: 4. málsg. 29. greinar.

#### 8. gr.

Upphaf 3. málsg. 33. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri ...

## 9. gr.

4. málsgr. 44. gr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimils, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

## 10. gr.

Á eftir orðunum „ella allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum“ í 6. málsgr. 44. gr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður“ o. s. frv. falli niður.

## 11. gr.

Við 54. gr. bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnanna.

## 12. gr.

78. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris skv. 19. gr. eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkanir þessara bóta og greiðslna fer eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

## Ákvæði til bráðabirgða.

I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:

## A. Vegna lífeyristrygginga:

1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

## B. Vegna sjúkratrygginga:

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972.

Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætlun um framlagið. Uppgjör vegna greiðslnanna fer fram að árinu liðnu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1971.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

### um vörugjald.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Enginn má framleiða vöru í söluskyni, sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá toilstjóra í því umdæmi, sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréf skal greiða 10 000 kr. til ríkissjóðs. Leyfisbréf, er heimilar vörugerð samkvæmt lögum þessum, skal koma í stað iðjuleyfis samkvæmt lögum nr. 79/1971, um iðju og iðnað, og ákvæða 13. tl. 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Leyfisbréf til vörugerðar gildir í 5 ár frá og með útgáfudegi. Fyrir endurnýjun leyfisbréfs skal gjalda 5 000 kr. í ríkissjóð.

#### 2. gr.

Af vörum þeim, sem inn er fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer þau, sem talin eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs, sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur .....	1 kg	45.60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur .....	1 kg	45.60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað .....	1 kg	45.60
05	Karamellur .....	1 kg	45.60
09	Aðrar .....	1 kg	45.60
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði .....	—	0.00
úr 18.06.09	Suðusúkkulaði, þ. e. hreint súkkulaði, sem í er ein- ungis kakaóbaunir, kakaósmjör og sykur, með há- marksfeiti 30%. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum		
	100 grömm .....	1 kg	20.80
úr 18.06.09	Annað .....	1 kg	45.60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru .....	1 l	6.20
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og græn- metissafi, er telst til nr. 20.07 .....	1 l	6.00
22.03.00	Öl gert úr malti:		
úr 22.03.00	Maltöl og annað yfirgerjað næringaröl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% alkóhól- magn miðað við rúmmál .....	1 l	3.80
úr 22.03.00	Annað .....	1 l	6.80

**3. gr.**

Vörugjald skv. 2. gr. skal greiða eftir magni vöru, að öllum umbúðum fráþöldum, en eftir rúmmáli, sé um vökva að ræða. Gjald reiknast af hverri heilli gjald-  
einingu.

**4. gr.**

Framleiðandi gjaldskyldrar innlendrar vöru skal greiða gjaldið til hlutaðeig-  
andi tollstjóra, áður en vara er afhent af framleiðslustað eða seld.

**5. gr.**

Vörugjald af innfluttum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta  
sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 1/1970,  
um tollskrá o. fl., og ákvæði laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því  
sem við á, um vörugjald af innfluttum vörum.

**6. gr.**

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið sam-  
kvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða  
endursendar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tollalaga, sbr. ákvæði 11. tl.  
3. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði 57. gr. laga nr. 59/1969, um toll-  
heimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald, sem greiða  
ber samkvæmt lögum þessum, af vörum, sem seldar eru úr verzlunum, sem eingöngu  
selja til farþega í ferðum milli landa.

**7. gr.**

Fjármálaráðherra sker úr, verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innlenda vörugerð, um hús, rúm og búnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merkingu umbúða, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvort og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.

**8. gr.**

Heimilt skal tollyfirvaldi eða öðrum aðila í umboði fjármálaráðuneytisins að kanna birgðir vörugjaldsskyldra vara verzlana og annarra sölustaða, sem selja gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til neytenda. Á slíkum stöðum skulu jafnan vera fyrir hendi auðkenndir innkaupsreikningar yfir allar innlendar vörugjaldsskyldar vörur, sem á boðstólum eru, og skulu eftirlitsmenn hafa aðgang að þeim, hvenær sem er.

**9. gr.**

Óheimilt er að taka við innlendum framleiðsluvörum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og ætlaðar eru til endursölu, nema þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem fjármálaráðuneytið setur. Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema fullnægt hafi verið ákvæðum sömu reglugerðar um merkingu smásöluumbúða.

Ef aðili verður uppvís að því að taka á móti vörugjaldsskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur samkvæmt framansögðu, eða án vörureiknings, eða án auðkennis innflytjanda á smásöluumbúðum, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

Að öðru leyti skal farið með mál hans skv. 14. gr. þessara laga.

**10. gr.**

Sé gjald af innlendri framleiðslu ekki innt af hendi á réttum tíma, getur tollstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur hans, tæki og vörur undir innsigli. Þó skal tollstjóri eigi láta stöðva framleiðslu á þeirri vöru, sem unnið er að við lokun, ef hann telur hættu á, að birgðir hálfunninna vara, vélar eða verkfæri skemmist, verði vörugerð eigi lokið. Gjaldskyldar vörur framleiðanda og birgðir efnis í þær skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði getur tollstjóri án undangengins lögtafs eða fjárnáms selt slíkar birgðir, sem fyrirfinnast, á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara.

**11. gr.**

Til loka apríl 1972 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs fatlaðra, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 4.00 kr. af hverju kílógrammi innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 17.04.01, 17.04.03, 17.04.04, 17.04.05 og 17.04.09, og enn fremur af innlendri framleiðslu þeirra vara, er falla undir tollskrárnúmer 18.06.09 og gjaldskyldar eru skv. 2. gr., annarri en suðusúkkulaði í 100 g umbúðum og stærri, sbr. sömu gr.



**12. gr.**

Til loka júní 1976 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangef-  
inna, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 1.95 kr. af hverjum lítra  
innlendarar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.00 og 22.03.00.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir van-  
gefið fólk.

**13. gr.**

Ríkissjóður greiðir eigi framlag skv. ákvæðum 11. og 12. gr. af framleiðslu,  
sem flutt er úr landi eða seld er úr verzlunum, sem eingöngu selja til farþega í  
ferðum milli landa, sbr. ákvæði 6. gr.

**14. gr.**

Ítrekað brot gegn lögum þessum varðar missi leyfisbréfs um stundarsakir, eða  
fyrir fullt og allt, eftir ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Mél, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal með farið að hætti opin-  
berra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum  
lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

**15. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 30. des. 1939, um gjald af inn-  
lendum tollvörutegundum, lög nr. 78 1. júlí 1966, um aðstoð við vangefið fólk og  
samtök hjarta- og æðaverndarféлага, svo og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25 16. apríl 1962,  
um aðstoð til fatlaðra, og 2. og 3. gr. sömu laga, svo og lög nr. 9 25. marz 1965, um  
breytingu á sömu lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Framleiðendur vörugjaldsskyldrar vöru mega stunda framleiðslu samkvæmt  
leyfum, er gild voru skv. ákvæðum laga nr. 60/1939, í 5 ár frá og með gildistöku  
þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Nr. 98.

15. desember 1971.

**FORSETA BRÉF**

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra um-  
boð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 92. löggjafarþings, frá 21.  
desember 1971 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar  
á ný eigi síðar en 20. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 250 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 5 flokkum á árunum 1971 til 1975, og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfaflokks.

#### 2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru útgefin til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

#### 3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréfin, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls visitölu.

#### 4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

#### 5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

#### 6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í hverjum flokki skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa hvers flokks og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

#### 7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

#### 8. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

**9. gr.**

Fjármálaráðherra setur reglugerðir um einstaka flokka lánsins með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 23. marz 1971.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

**um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1972 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatækjulögum nr. 104/1965.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1971

---

---

31. desember 1971.

259

Nr. 101.

## FJÁRLÖG

fyrir árið 1972.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### A - H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

#### 1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

	Þús. kr.
0 Gjöld .....	16 549 552
1 Tekjur .....	16 898 872
	<hr/>
Gjöld umfram tekjur	349 320
3 Lánahreyfingar út .....	265 666
4 Lánahreyfingar inn .....	3 800
	<hr/>
Mismunur	261 866
Greiðslujöfnuður:	
Á rekstrarreikningi .....	349 320
Á lánahreyfingum .....	261 866
	<hr/>
Greiðsluafgangur	87 454

## 2. gr.

Árið 1972 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

## Rekstrar-

## 0 Gjöld:

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 00 Æðsta stjórn ríkisins .....		129 376
1 01 Forsætisráðuneytið .....		174 191
101—171 Yfirstjórn .....	161 650	
901—902 Annað .....	12 541	
1 02 Menntamálaráðuneytið .....		2 912 625
101 Yfirstjórn .....	86 193	
201—883 Fræðslumál .....	2 582 733	
901—999 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	243 699	
1 03 Utanríkisráðuneytið .....		204 369
101—102 Yfirstjórn .....	32 272	
201 Löggæzla á Keflavíkurflugvelli .....	40 696	
301—312 Sendiráð .....	75 763	
401 Alþjóðastofnanir .....	55 638	
1 04 Landbúnaðarráðuneytið .....		821 064
101—172 Yfirstjórn .....	18 994	
201—299 Búnaðarmál .....	758 944	
501—503 Skólar .....	43 126	
1 05 Sjávarútvegsráðuneytið .....		309 063
101 Yfirstjórn .....	8 199	
201—299 Útvegsból .....	287 454	
901 Annað .....	13 410	
1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....		849 919
101—102 Yfirstjórn .....	15 280	
201—283 Dómgæzla, lögreglumál o. fl. ....	729 305	
301—373 Þjóðkirkjan .....	105 334	
1 07 Félagsmálaráðuneytið .....		698 623
101 Yfirstjórn .....	6 483	
271—272 Húsnæðismál .....	533 294	
301—999 Önnur félagsmál .....	158 846	
1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....		6 198 573
101 Yfirstjórn .....	8 106	
271—273 Tryggingamál .....	5 743 700	
301—399 Heilbrigðismál .....	418 635	
471—501 Annað .....	28 132	
	<b>Flutt</b>	<b>12 297 803</b>

## 3. gr.

Árið 1972 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

**reikningur.**

## 1 Tekjur:

## 1 1 Skattar.

	Beinir skattar.	Dús. kr.	Dús. kr.
	<b>Persónuskattar</b> .....		<b>567 600</b>
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 01	Almannatryggingagjald (eftirstöðvar) .....	110 000	
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda .....	288 800	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuið- gjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum .	95 000	
1 11 12	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs .....	73 800	
	<b>Eignarskattar</b> .....		<b>251 644</b>
1 12 0	Eignarskattar, alm.:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga .....	106 600	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	1 066	
1 12 03	Eignarskattur félaga .....	117 800	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga .....	1 178	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur .....	25 000	
	<b>Tekjuskattar</b> .....		<b>3 158 270</b>
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga .....	2 677 000	
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ...	26 770	
1 13 03	Tekjuskattur félaga .....	450 000	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga .....	4 500	
	<b>Óbeinir skattar</b>		
	<b>Gjöld af innflutningi</b> .....		<b>5 219 860</b>
1 15 0	Aðflutningsgjöld:		
1 15 01	Aðflutningsgjöld .....	4 656 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .	232 800	
		<hr/>	4 423 300
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum .....	21 200	
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald .....	5 200	
1 15 04	Tollstöðvargjald .....	23 280	
1 15 05	Byggingasjóðsgjald af innflutningi .....	23 280	
1 15 1	Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af benzíni .....	658 200	
1 15 12	Gúmmígjald .....	47 100	
	<b>Flutt</b>		<b>9 197 374</b>

## Rekstrar-

## 0 Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	<b>Flutt</b>		<b>12 297 803</b>
<b>1 09 Fjármálaráðuneytið</b> .....			<b>1 004 620</b>
101—104 Yfirstjórn .....		37 803	
201—282 Toll- og skattheimta .....		223 948	
381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun ....		164 864	
385—999 Annað .....		578 005	
<b>1 10 Samgönguráðuneytið</b> .....			<b>1 699 243</b>
101 Yfirstjórn .....		5 872	
211 Vegamál .....		980 429	
321—672 Önnur samgöngumál .....		712 942	
<b>1 11 Iðnaðarráðuneytið</b> .....			<b>303 447</b>
101 Yfirstjórn .....		5 272	
201—299 Iðnaðarmál .....		73 848	
301—371 Orkumál .....		224 327	
<b>1 12 Viðskiptaráðuneytið</b> .....			<b>1 209 527</b>
101 Yfirstjórn .....		9 148	
201 Niðurgreiðslur .....	1 185 400		
902—999 Annað .....		14 979	
<b>1 13 Hagstofa Íslands</b> .....			<b>17 465</b>
<b>1 14 Ríkisendurskoðun</b> .....			<b>17 447</b>

**Flutt****16 549 552**

reikningur.

## 1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	<b>Flutt</b>		<b>9 197 374</b>
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna .....	18 400	
	<b>Skattar af framleiðslu .....</b>		<b>182 540</b>
1 16 0	Gjöld af innlendum tollvörum:		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum .....	101 500	
1 16 02	Sælgætisgjald .....	4 340	
1 16 03	Flöskugjald .....	33 500	
1 16 04	Álgjald .....	43 200	
	<b>Skattar af seldum vörum og þjónustu .....</b>		<b>6 587 311</b>
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur .....	4 759 800	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	380 800	
		4 379 000	
1 17 1	Skemmtanaskattur:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs .....	3 900	
1 17 12	Skemmtanaskattur .....	27 000	
	÷ endurgreiðslur .....	6 100	20 900
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur .....	797 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. ....	1 330 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum .....	13 600	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum .....	1 730	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51	Sildargjald .....	1 600	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald .....	17 700	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum .....	12 700	
1 17 54	Sildarmatsgjald .....	15	
1 17 55	Sildarsölugjald .....	6	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald .....	5 200	
1 17 92	Sérleyfisgjald .....	3 750	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta .....	210	
	<b>Aðrir óbeinir skattar .....</b>		<b>761 312</b>
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald .....	180 000	
1 19 02	Aukatekjur .....	35 000	
1 19 03	Þinglýsingar .....	62 000	
	<b>Flutt</b>		<b>16 728 537</b>



## Rekstrar-

0 Gjöld :

Þús. kr.

Þús. kr.

Flutt

16 549 552

Gjöld samtals .....	16 549 552
Tekjur umfram gjöld .....	349 320
<b>Samtals</b>	<b>16 898 872</b>

reikningur.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 T e k j u r :			
		Flutt	16 728 537
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11	Bifreiðaskattur .....	211 500	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða .....	7 700	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða .....	12 900	
1 19 15	Veggjald .....	19 500	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald .....	1 250	
1 19 22	Vitagjald .....	3 400	
1 19 23	Skipaskoðunargjald .....	2 500	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyris- bankanna .....	99 800	
1 19 33	Leyfisgjald .....	9 700	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald .....	70 000	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða .....	5 000	
1 19 92	Skipulagsgjald .....	13 000	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald .....	14 775	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happraetti H. Í. ....	10 600	
1 19 95	Prófgjald bifreiðastjóra .....	1 100	
1 19 96	Prófgjald iðnnema .....	900	
1 19 97	Rafstöðvagjald .....	30	
1 19 98	Sérlyfjagjald .....	650	
1 19 99	Hvalveiðigjald .....	7	
1 2	<b>Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings .....</b>		<b>90 900</b>
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða .....	1 000	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn .....	60 800	
1 21 03	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	700	
1 21 04	Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli .....	28 400	
1 3	<b>Ýmsar tekjur .....</b>		<b>79 435</b>
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir .....	16 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum .....	1 000	
1 31 03	Dráttarvextir .....	20 000	
1 39 0	Ýmsar tekjur:		
1 39 01	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjón- ustu sýslumanna og bæjarfógeta .....	9 500	
1 39 02	Sameignir ríkisins .....	10 400	
1 39 03	Yfirverð líknarfrimerkja .....	135	
1 39 04	Samúðarskeyti Landssímans .....	2 800	
1 39 06	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs .....	14 600	
1 39 07	Ýmsar óvissar tekjur .....	5 000	
Tekjur samtals .....			<b>16 898 872</b>

## 4. gr.

## 1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

	Dús. kr.	Dús. kr.
<b>101 Embætti forseta Íslands:</b>		
0 10 Laun .....	3 770	
0 20 Önnur rekstrargjöld .....	2 470	
0 27 Viðhald .....	2 350	
Gjöld samtals .....		8 590
<b>201 Alþingi:</b>		
0 10 Laun .....	79 083	
0 20 Önnur rekstrargjöld .....	26 350	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka .....	3 570	
Gjöld samtals .....		109 003
<b>Viðfangsefni:</b>		
02 Þingfararkaup alþingismanna .....	51 991	
03 Skrifstofu- og alþingiskostnaður .....	39 982	
04 Rekstrarkostnaður fasteigna .....	4 542	
05 Útgáfukostnaður Alþingistiðinda .....	6 000	
06 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings .....	418	
07 Hús Jóns Sigurðssonar .....	2 100	
08 Þingmannasamtök NATO .....	400	
09 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka .....	3 570	
Gjöld samtals .....	109 003	
<b>301 Ríkisstjórn:</b>		
0 10 Laun .....	6 661	
0 20 Önnur rekstrargjöld .....	500	
Gjöld samtals .....		7 161
<b>401 Hæstiréttur:</b>		
0 10 Laun .....	4 622	
Gjöld samtals .....		4 622
<b>Samtals</b>		<b>129 376</b>

**1 01 Forsætisráðuneytið.**

	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>101 Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:</b>		
0 10 Laun .....	2 875	
